

Leitarniðurstöður fyrir: Karma

Lauf úr garði Morya I (0)

Agni Yoga (34) »

Óendanleikinn I (31) »

Óendanleikinn II (43) »

Helgivaldið (38) »

Hjartað (12) »

Eldheimar I (20) »

Eldheimar II (26) »

Eldheimar III (75) »

Ákallið (13) »

Bræðralagið (10) »

Æðri heimar (113) »

Agni Yoga

Agni Yoga

114. Eigið **karma** er ekki hægt breyta með athafnaleysi. Sá sem hendir sannleikann á bál, verður að beygja sig til að fjarlægja öskuna. Borðorð réttlætis hvorki brennur né eyðist. Það blossar upp, óvænt og eyðir vígi mótstöðunnar.

Kosmískur arkitektúr er verulega frábrugðinn því sem menn álíta. Mannlegur hugur er eins og byrjandi í skóla, reynir að forðast að svara, sykrar mál sitt. En hvernig er þá hægt að halda áfram? Aðeins með að nálgast skilningi á kosmískri uppbyggingu. Hverjir eru dómarnir og hverjir eru hinir dæmdu?

Er tónlist himinhvelanna tákn um sigur mannlegrar ályktunar? Eða er hún að fagna hreinsun gleymds sannleika? Það er til forspá sem minnir okkur á formælingu og síðan hreinsun heilagrar borgar.

Agni Yoga

118. Oft heyrum við sjálfsupphafnar fullyrðingar, „Ég hef breyst“! Ég hef nú þegar öðlast!“ Þú „flöktandi ég“, hefur þú sannarlega skoðað sjálfan þig? Ef þú hefur öðlast—blessun sé þín! En er það ekki fremur að umhverfið hefur breyst? Ert þú ekki að njóta ráðstafana annarra? Hvar er árvekni þín? Ert þú ekki að veikja anda þinn?

Það er rangt að halda að samskipti við okkur sé án afleiðinga. Hver boðun ber í sér, eins og hvirfilvindur, vernd okkar eða gagnrýni. Getur það verið

öðruvísi, þegar hver birting miskunnarleysis ber með sér skaðlegt smit, þegar hver athöfn þröngsýnnar er á kostnað annarra? Hverri boðun sem ekki er sinnt er eins og ör í hjartað, og hver sem rennur hjá myndar keðju sem kyrkir. Þú veist að þetta er aðeins frestun. Hver vill ganga á nöglum eigin bölvunar? Við hröðum hjálp okkar svo þú getir lokið karma þínu eins og skip sem létt er af ónauðsynlegum farmi nær meiri hraða. Á ákvörðunum degi leggðu við hlustir til að nema hvert orð kennarans.

Agni Yoga

122. Að ástæður séu án lausna, er aðeins ímyndun þeirra sem treysta á aðra frekar en að treysta á eigin hugsun. Sorg sem aðrir verða fyrir flæða eins og straumrastir; en sannar myndir sem þú kallar hugmyndir, stjórna karma heimsins. Það er undravert að sjá hvernig myndir sannleikans taka þátt í háleitum baráttum. Þegar fjöldinn tvístrast í blindri heift í fáfræði og blekkingu, vefa hugsanir sannleikans himnesk hreiður, sem fyrir raunverulega þróun er mun mikilvægari en nokkur átrúnaður þjóða.

Þú skilur bæði sönn verk og tálmyndir. Staðbundnar hugsanir eru raunverulegar, en það sem fólk tekur raunverulega eftir eru tálmyndir (Maya). Hafið í huga að hver okkar gæti syrgt með lágum sviðum jarðarinnar; en það myndi ekki hafa nein áhrif á þróunaráætlunina, því það er hugsun sem skapar. Sannar myndir skapa hverjum líkama, hvort sem hann er að þróast eða tvístrast, nýja möguleika á flugi til hærri sviða. Hver fræðari lífsins byggir kraft sinn aðeins á sönnum myndum og skapar framtíðina með hugsunum sínum, ekki með vitund fjöldans.

Aska fyrri elda kann að byrgja sýn, en eldar nýrra mynda af því sanna, glóa í óendanleikanum. Þegar við höfum komist yfir þröngsýn landamæri kynstofna og þjóðernis, skiptir það þá nokkru máli hverjir næra plánetuna með háleitum hugsunum? Eina sem skiptir máli er að hugsanir feli í sér skilning á sameiginlegri góðvild. Þá munu ólíkir hagsmunir þjóða ekki trufla markmiðið í átt að óhjákvæmilegri þróuninni.

Virðing fyrir dvalarstað fræðarans er ekki fyrir staðnum, né musterissiðum, heldur fyrir tendrun réttlætis.

Við ofgerum Okkur oft við að bæta aðstæður mannkynsins, en sjáum ekki eftir að hafa sent eina einustu hugsun fyrir þróunina. Slíkar hugsanir skjóta rótum og blómgast eins og hrífandi garður; og verkamenn í slíkum garði eru eins og fyrir töfra ósýnilegir. Þekkið hvernig þið beinið hugsunum ykkar að því sameiginlega og við munum ávallt vera með ykkur.

Ljúkum þessu með sögu: „Lítum til stjarnanna“. Okkur var sagt að að uppspretta Viskubrunnsins komi úr *Tushita* og dropar þessa magnaða vökva glóa í geimnum. En fræðarinn sagði, „Þannig glóa örvar hugsana, því hugsanir bora sig í gegnum geislandi efnið og skapa heima.’”

Skapandi hugsun, hættu ekki að fegra sviðin með ljósblómum þínum!

Agni Yoga

124. Þegar kennari slítur samband sitt við nema, þarf neminn að skila hringnum til kennarans. Við ættum ekki að álíta þetta sjaldgæfan atburð. Karma þráhyggju eða veiklaðs anda getur auðveldlega skapað hindranir milli kennara og nema hans. Sjálfstjórn nemans getur fært hann aftur að þeim stað á veginum sem truflunin varð. Neminn verður að skilja þörf á hraða og helga sig þessu markmiði.

Það er erfitt að sjá að hæfur nemi hafi ekki spurningu til fræðarans. Að sjálfsgöðu koma spurningar og svör síðar og lifandi traust fyllir loftið.

Agni Yoga

127. Orka og vilji eru hinir sönnu stjórnendur karma. Sá sem hafnar sjálfum sér, sá sem vinnur fyrir almenningshagsmuni, sá sem er trúr í baráttunni og gleðst í vinnu, öðlast, að minnsta kosti í augnablik, uppljómun meistarans sem gerir hann drottinn eigin karma. Skilningur á uppljómun má skýra sem beina þekkingu. Sannarlega getur þessi beina þekking tapast, eða kann aldrei að uppgötvast. Þessar loftsteinadrífur andans þjóta um geiminn og bera í burtu góð tækifæri fyrir óvitandi mannkynið.

Vitund meistarara gefur yfirburði, enn algjöra ábyrgð. En hversu margir gleðjast yfir ábyrgðinni? Þegar við verðum að taka ábyrgð, verðum við einnig að hafa hugrekki til að sjá okkur sem meistarara sem leiðir baráttuna óstuddur, sem gerir honum kleyft að standast árásir frumaflanna með visku sinni og vilja.

Fyrir þeim fávísu er árás frumaflanna ímyndun. En þið vitið hversu oft frumöflin koma við sögu í venjulegi lífi fólks. Fræðslan hefur oft bent á áhrif efnislegra birtinga á mannlega líkama. Orka skapar tengsl milli frumaflanna og spennu í mannlegum líkögum. Vilji kemur með reynslunni og fyrirbrigðum tilverunnar. Þannig fellur „óyfirstíganlegt“ karma að mannlegum áhrifum.

Agni Yoga

141. Við yfirgefum ekki Okkar jarðnesku bræður. Við metum möguleika þeirra til árangurs við jarðneska aðstæður. Sáðmaður gerir sama gagn þó

hann færi sig á milli akra. Á sama hátt geta bræður skipt um athafnasvið, þegar þeir vita að hinir nálægu vaka yfir skapandi verkum og andlegri leit þeirra.

Við erum oft spurð um dauða Upâsikâ. Var það raunveruleg ómögulegt fyrir okkur að fresta brottför hennar þar til lokið yrði við bækurnar? Þannig spurðu þeir nærsýnu, sem geta ekki náð utan um aðstæður annars heims. Það hefði verið grimmd af okkur að binda Upâsikâ með sérstökum eið, um að hún yrði áfram í erfiðum aðstæðum sínum. Þvert á móti leituðum við að bestu aðstæðum, til að hindra ekki þroska þeirrar sálar. Látum það vera vitað að ef þessar bestu aðstæður hefðu ekki komið til, hefði Upâsikâ enn á ný orðið fyrir árásum. Einnig að rétt tækifæri til endurfæðingar fyrir hana—í tíma og stað—hefði glatast.

Hver bróðir má vita, að í sannri samvinnu hafa bestu aðstæður verið valdar fyrir hann. Þessi víska er vörn hans í gegnum alla erfiðleika. Það er loforð Samfélagsins.

Getur einstaklingur vitað sjálfur hvenær hann byrjar eða lýkur einhverju? Í efnislíkamanum er ómögulegt að vita allt um sjálfan sig. Mörg líf hafa myndað eina keðju vitundar og hver og einn á að treysta hinum hærri bræðrum fyrir því að segja til um hvenær Lótusinn muni opnast. Þeir geta ákvarðað markmiðið, og í því og djúpu trausti liggur stjórnun á karma.

Agni Yoga

146. Hver röng ásökun og tortryggni íþyngir sendandanum. Það er kjánalegt að vonast til að hægt sé að koma í veg fyrir eða leynd afleiðingum lyga. Þær afleiðingar festa rótum í karma, alveg eins og loforð gera, sem veður svo óhjákvæmilega upplifa.

Agni Yoga

161. Skoðum hver eru líkindi og mismunur á milli Agni Jóga og fyrri jóga. Karma Jóga hefur mörg líkindi við Agni Jóga hvað jarðneskan veruleika varðar. En Agni Jóga opnar leiðir til skilnings á fjarlægum heimum. Raja Jóga, Jnana Jóga og Bhakti Jóga eru öll án tengsla við veruleika daglegs lífs og vegna þess geta þau ekki gengið áfram inn í framtíðarþróun. Að sjálfsögðu ætti Agni Jóggi einnig að vera Jnani og Bhakti, og andlegur þroski hans gerir hann að Raja Jóga.

Hve fagurlegir möguleikar eru fyrir mann sem er hæfur til að takast á við framtíðarþróun án þess að hafna fyrrum sigrum andans! Við ættum ekki að miklast af nýjungum, því með samhæfingu þess gamla og nýja verður til endurnýjun á því sem hægt er að öðlast.

Agni Yoga

168. Getur einhver komið og farið einn? Sannarlega getur enginn verið án þess að hafa áhrif á umhverfi sitt. Hann hristir ekki aðeins upp hinum ýmsu lögum andrúmsloftsins með tilveru sinni, heldur dregur sína nákomnu með sér.

Maðurinn verður að skilja ábyrgð sína við alheiminn. Hver sem rís í andanum er mikil hjálp fyrir aðra. Sá sem fellur í andanum getur einnig deytt einhvern. Handan meðvitaðs hugsanasviðs hvers og eins, eiga sér stað stöðug ómeðvituð samskipti innan mikils hringflæðis sem takmarkast af lögmáli **karma** og tengingum við áður annarra.

Það er ekki alltaf auðvelt að ákvarða hver sé morðingi, eða velvildarmaður. Aðeins í ljósi Agni Jóga getum við með sanni lýst upp óreiðu hugans. Þannig verðum við að helga okkur Agni Jóga; en fáir elska hindranir sjálfsfórna. Þess vegna skilja fáir það sem sagt er. En hægt er að týna til mörg dæmi, eins og um þann sem varð brjáláður í Asíu, olli dauða annars í Evrópu, eða hvernig sá sem reis í andanum í Ameríku læknaði annan í Egyptalandi. Þannig verður blómstrun góðra hugsanna að logablómi andans.

Agni Yoga

238. Það er **Karma**, hið þreytandi eftirköst fyrri jarðvista, sem færir okkur oft miður góða samferðamenn. Þegar hver samfundur er yfirstaðinn, kemur léttir eins og við lán á eign er skilað. Ekki minna en helmingur jarðneskra samfunda er vegna liðinna jarðvista, eins og korkur sem dregst að öðrum í raforkusviði.

Heildaráhrif **karma** dregur saman mörg flókin svið og tengsl. Til að leysa þau er betra að gefa en að þiggja; því hver greiðsla ákvarðar liðna skuld, en gjöf bindur nýja.

Agni Yoga

259. Mörg hugtök þarf að skoða í ljósi jóga. Getur einhver lifað án löngunar þegar andinn er fullur löngunar? Löngun er eins og neisti sem kveikir hreyfingu. Þegar svo er, er þá hægt að segja að jógi sé frjáls frá löngunum? Við skulum skoða nákvæmlega hvað felst í orðunum að, „jógi sé frjáls“, þýðir ekki að hann sé laus við langanir, heldur er laus við byrðar þeirra. Hann veit að hann er frjáls, því hann er ekki þræll langanna. Á leið að markmiði sínu, beitir jógi samhæfingu og lætur af löngunum í nafni þess æðsta. Þessi hæfileiki til að breyta auðveldlega er kjarninn í frelsi jógans. Ekkert hindrar göngu hans.

Það eru nákvæmlega hinar hreyfingalaus og andvana langanir sem verða ánaúðahlekkir mannkynsins. Fólk bindur sjálft sig þessum böndum. Hvorki ónærgætni né eða karma annars fólks smitar það af löngunum, og það er persónan sem missir hæfileikann til að breytast, en ekki ferilinn.

Takið eftir þeim sem standa og væla. Hvað stöðvaði för þeirra? Hvaða öfl snéru þeim frá að skoða og skilja heiminn? Flestar stundir, næstum óáþreifanlegar, íþyngja langanir þeim og byrgja þeim sýn. Hversu einlitur er heimur þeirra orðinn! Langanir þeirra eru eins og sníkjudýr sem soga orku þeirra. Löngun getur verið ormur eða hlekkir, neistar eða vængir. Sá frjálsi er sá sem skilur. Sá bundni vælir í örvæntingu.

Agni Yoga

304. Fræðslan um viskuna er ekki bók með númeruðum síðum. Fræðsla er vísbendingar um lífið sem hægt er að beita í hverri nauðsyn. Alveg eins og eldingu lýst niður þegar næg hleðsla er fyrir hendi, aukast vísbendingar með auknum möguleikum. Þó hún staðfesti almenna einingu, þá verður hver og einn að tileinka sér fræðslu lífsins. Fræðslan gefur hverjum og einum lausnir fyrir hans daglegu vandamál. Stundum sýnist hún endurtaka sig um sama efnið. En ef þið berið saman þessar tilvitnanir, sjáið þið að þær snerta ólík vandamál í lífinu.

Ytri tákn hafa enga merkingu. Fólk getur fölnað eða roðnað af mismunandi ástæðum. Greinum og lofum að leggja okkur að fullu fram um að leysa brýnustu vandamálin í lífinu, og látum karmaflæðið um hin smærri. Oftast er hægt að hafa áhrif á meginstraumanna, en smáatriðin bera alltaf merki ætlaðs karma. Þó þessi smáatriði hafi enga sérstaka þýðingu, eru það venjulega þau sem fólk man eftir og dæmir eftir. Við eigum ekki að búast við að smáatriðin í verkum og tilraunum séu allaf eins. Hið augljósa merkir ekki allt. Vísbendingar Okkar gera ráð fyrir öllum möguleikum og birtast með mismunandi hætti. Hættan liggur annarstaðar. Sá sem hefur höndlað möguleikann verður oft kærulaus um hann.

Hátíðarblómið hefur náðst niður í hverdagslífið, en litið er á það sem eitthvað venjulegt. Að sjálfsögðu eru blóm ávallt ánægjuleg, en það er betra að umbreyta hversdagslífinu í hátíð andans, en að óhreinka blómið með ryki hversdagslífsins.

Aftur komum við að hugmyndinni um lífið, sem bikar fullan af undursamlegri lækningu. Að bergja af eitri heimsins og endurfæðast fullur af orku! Þetta var úr fornri launsögn. Við sjáum það frá Egyptalandi og

Grikklandi. Sjálf Shiva sýndi það, og löng röð Frelsara drakk af eiturbikarnum og umbreytti því í *Amrita*.

Þegar við segjum, „Verið öðruvísi og neitið ykkur ekki um bikar árangursins,” hvetjum við ykkur að varast að sverta líf ykkar og spilla innihaldi bikarsins. Ég staðfesti hve mikið ykkur er gefið. Hver hlutur þess sem er skilinn og beitt í lífinu gefur nýtt líf. Sjáið hvernig möguleikum rignir og gleðjist að regnboganum.

Agni Yoga

337. Vitundin er mælikvarðinn. Fegurðin hefur ekkert rými fyrir það ljóta. Lygina er ekki hægt að fela. Ágiskanir eru eldhús lyganna. Vöxtur verðmætanna er lífið. Vitundin er dómari tilgangsins. Karma vísar veginn, en oft er það leiðin til greiðslu gamalla skulda. Það er margir þættir í lífinu og aðeins vitundin getur dæmt um þá. Þroskið því vitundina. Ef við takmörkum okkur við dauðann bókstafinn, er eins gott að flytja í gröfina.

Ekkert þess venjulega kveikir eldinn. Vitundin samþykkir fórn. En hversu nákvæmlega er réttlætið meitlað í stein, og hversu mikil er sjálfsréttlætningin!

Agni Yoga

374. Sá sem fylgir fræðslunni lætur af afskiptaleysi sem svo margir kjósa. En sá sem fylgir fræðslunni ekki, verður að meðtaka karma að fullu. Dæmið sjálf um hver gengur rétta veginn. Þegar þið fylgið fræðslunni, getur þá nokkuð mistekist? Fræðslan ber með sér fágun vitundarinnar sem mikil hamingja. Hvar, er þá hægt að finna jafn mikið afl og fylgir fræðslunni? Fylgið því fræðslunni vandlega.

Agni Yoga

391. Nýlega sendi ég þér Tíbetskan pening sem var komið fyrir undir nótabók á miðju borði, til að hægt væri að finna hann auðveldlega. Fólk var beðið um að finna hann, en engum datt í hug að lyfta bókinni. Um morguninn færði þjónustustúlkan peninginn á augljósari stað, en engin tók eftir honum fyrr en um kvöldið eftir að að ný vísbending hafði verið gefin. Svipaðir hlutir eiga sér stað í tengslum við athafnir karma. Það sem kemur, þarf að þekkja og viðurkennast.

Margt smátt glepur eigin sýn svo gjafir glatast. Birting karma er með tvennum hætti—tengjast sérstökum tíma, eða sérstökum persónum. Þegar karma tengist sérstökum tíma getur það einnig tengst persónulegu karma. Í engu tilfella á að kenna Fræðaranum um karma sitt. Hvernig getur einhver haft fulla þekkingu á öllum aðstæðum í

kringumstæðum sínum? Sem dæmi kann Fræðari að sjá fyrir um framtíð beggja karmaþáttanna, en ef ytri kringumstæður hafa ákvarðað athafnir karma, getur hann ekki breytt því sem þegar hefur myndast í geimnum. Hægt er að breyta því, en ekki að eyða. Hér getur öguð notkun sálrænnar orku hjálpa til, eftt tengslin milli tímatengds og persónulegs karma.

Agni Yoga

417. Fræðslan um Lausnarana skiptir máli fyrir allt sem til er. Til dæmis er mögulegt að hafa áhrif á og nálgast aðra með því að nota líkan, og á svipaðan hátt er hægt með vitundinni að taka á sjálfa sig karma annarra. Við einfaldar tilraunir í þessu fannstu að þér tókst að yfirtaka sársauka annarra þegar taugar þeirra voru hrjáðar. Á sama hátt er mögulegt að taka á sig karma einhvers annars og að lokum gæti maður tekið á sig sameiginlegt karma þjóðar. Þannig yrði hugmyndin um lausnara, verða að veruleika. Það þyrfti auðvitað að ákvarða markmið slíkra ábyrgðarverka.

Karma er mjög flókið ferli. Allt frá frjálslegri yfirborðskenndri aðgerð til dýpsta hvata, allt er mismunandi í formi og lit. Maður ætti að velta vel sér þegar það er mögulegt og verðskuldað, að blanda sér í karma annarra. Maður getur ímyndað sér tilvik um fórnfýsi og gagnleg afskipti af örlögum annarra. Með hugsunareldinum er hægt að ákvarða gagnsemi slíkra afskipta. Eldarnir eru bestu vísbendingarnar fyrir slíkri ákvörðun, þar sem í þeim er innri vitundin sameinuð háleitri meðvitund. Ekkert jafnast á við lífskraft eldanna; þeir eru marglitir vegvísar, afrakstur fulls skilnings á kringumstæðum. Þú sérð hvernig tvö afstæð hugtök, Lausnarar og Eldur geimsins, verða raunveruleg fyrir þér!

Agni Yoga

432. Fræðarinn þekkir besta stundina. Sérstaka þekkingu þarf til að Við getum veita skilning á flæði ytri strauma án þess að það brjóti í bága við karma þitt. Vísbendingarnar, eins og örvarnar, verða að umkringja markið, en ekki miðju hringsins, sem tilheyrir hverju ykkar. Skortur á skýrleika er eins og mistur. En það er ekki merki um fáfræði, heldur umhyggju Okkar. Við óskum þér að ná árangri, en það er aðeins mögulegt með samvinnu þinni.

Agni Yoga

468. Marglitir neistar tengja okkur við háleita vitundina. En Kosmíski eldurinn getur ekki birst með fullum krafti, því að mannlegur kjarninn myndi þá

brenna til ösku – nema þegar um er að ræða þann sem hefur vígt sig til elds og farið í eigin hold í gegnum öll stig afreks að eldspættinum.

Á sama hátt, þegar þú kennir undirstöður lífsins, getur þú gefið ýmis litbrigði um grundvallaratriðin, en fullkomna fræðslu er ekki um að ræða og er ekki hægt að gefa. Engin bók getur innihaldið allt lífið og það er ekki tilgangur fræðslunnar að breyta nemendum í vélmenni. Sannarlega hefur enginn fræðari skilið eftir endanlega og fullkomna útlistun á fræðslunni. Það myndi stangast á við óendanleikann og gera ráð fyrir takmörkun í vitund fylgjenda.

Við getum bent á áttina; Við getum boðið þér að fljúga; Við getum staðfest vinnuna; Við getum bent á ljósið; en leiðir og aðferðir ættu ekki að vera þvingaðar. Hin aukna vitund mun alltaf benda á hvar **karma** er friðhelgt. Friðhelgi **karma** er á ábyrgð allra sem fræða aðra um grunnatriði fræðslunnar. Að íþyngja með of miklu álagi er ófyrirgefanlegt. Að yfirsjást möguleika er óverðugt.

Fræðari beinir flæði vitundarinnar. Nemandi tekur ekki einu sinni eftir snertingu hans. Þannig ættu allir að fara inn í lén fræðslunnar eins og inn í lífið, staðfastlega. En í þessu skyni þarf að lesa fræðsluna hvað eftir annað, en í mismunandi hugarástandi. Það væru mistök að verja tíma í fræðsluna aðeins í hvíld eða til upplýfingar. Besta tákni fræðslunnar er eldurinn allt umhverfis.

Agni Yoga

553. Aðeins líkami sem er opinn fyrir veikindum getur smitast. Aðeins andi sem er tilbúinn til að taka við sálarorku getur fengið hana. Ef fólk myndi gera sér grein fyrir því að uppsöfnun sálarorku er nauðsynleg, ekki aðeins fyrir núverandi líf, heldur einnig sem stöðugur og óafmáanlegur árangur og blessun, það myndi eyða þeirri skoðun að hvert líf ætti sér upphaf og endi. Ætti ekki sannur skilningur á lífinu að stuðla að umönnun nútíðar og framtíðar? Þetta er tafarlaus skylda allra vísindamanna. Fram til þessa hafa vísindamenn brugðist við lífinu sem endanlegu – er það ekki verkefni þeirra nú að sjá lífið ná út í óendanleikann?

Kenningar trúarbragðanna hafa ávallt bent til lífs eftir þessu lífi, en sá vitnisburður hafa misst mikilvægi sitt. Fyrr höfðu kraftaverk mikilvægi, en nú laðast vitundin að raunveruleikanum. Hinar fornu jafnt sem nýjustu kenningarnar staðfesta röð jarðvista. Í nútímabókmenntum eru orðin *holdgun* og **karma** orðin algeng. Samt sem áður hafa þessi sannindi aðeins náð lítillaga inn í vitund manna; annars hefði það umbreytt öllu lífinu.

Mannshugurinn kýs að íþyngja sjálfum sér með undarlegum áhyggjum og hampar hamingjusamt óþarfa hlutum. Hugmyndaflug mannsins hefur ekki verið þjálfað í grundvallarhugmyndum. Hins vegar getur aðeins klukkutíma ígrundað spjall breytt lífi barns að eilífu.

Ódauðlegur maður – er þessi hugmynd ekki verðug framtíð? Upprísar Fönix úr eigin ösku hefur verið kennt frá fornöld. En Fönixinn þarf vængi; veitir sálarorkan ekki bestu regnbogavængina?

Agni Yoga

642. Ein erfiðasta krafan í Fræðslunni er að læra að tala á viðeigandi hátt – að beina hugsunum hlustandans að henni, en án átroðnings á karma hans. Að segja allt er að binda. En að vekja áhuga og benda á leið, er hið raunverulega markmið Fræðslunnar. Verndandi umönnun mun vaka ósýnileg yfir vexti vitundarinnar. Eins og leiðandi hönd á myrkri stormaleið, leggur Fræðarinn hönd sína á öxl nemans. Ekki tómarúm heldur árvekni er viðeigandi til leiðbeiningar. Vísbendingin fyllir loftið, en hittir ekki ne mann í hausinn. Fræðslan er gefinn fyrir þróunina, en ekki fyrir neinn einn einstakling. Hún er eins og sólargeisli. Blessaður sé sá sem veiðir ljósið!

Óendanleikinn I

Óendanleikinn I

20. Venjan er að líta á karma sem vilja og endurgjald sem ákvarðar gang lífsins. Það er líka venja að líta á karma sem makleg málagjöld. En í raun þýðir karma vinna. Takmarkaðu ekki vinnu andans og þú munt sjá árangurinn.

Þegar Maya tælir andann með birtingarmyndum sjálfsánægju, þá er krafist hamars og þroska innsæis. Þegar andinn er töfraður af glæsibrag auðs, án þess að gera sér grein fyrir ófullkomleika þess að gull leiði til hamingju, þarf að rifja upp ógnir veikinda og hörmunga.

En stríðskappi andans glóir sem birtingarmynd ljóss; er hann upplýstur af eldgeislum óendanleikans. Við verðum að skilja viðbrögðin og halda áfram af öllu afli til skilnings á alheiminum.

Á hátindi vitundarinnar er staðfest leið Drottins. Á hátindi vitundarinnar óma afrek og þróun saman í einingu. Eilíft, óþreytandi er erfiði uppstígsins! Þessi eilífa hreyfing er karma þitt!

Þú hefur rétt fyrir þér – aðeins viljaafli stýrir karma. En að stöðva gang karma er eins hættulegt og að kalla fram eilífa nótt. Með hverju ætlarðu

að fylla Kaleik ódauðleikans, Amritu, ef þú sekkur í poll myrkursins? Við munum svara því að haf athafna er sannarlega mun fegurra!

Óendanleikinn I

36. Ef horft er á birtingarmyndirnar frá gagnstæðu sjónarmiði yrðum við undrandi á niðurstöðum þeirra. Eins og frumpáttanna, munu okkar eigin lífsbirtingar leiða til einnar niðurstöðu – orsaka og afleiðinga. Í dauða manns, í bleikju trés eða uppgufun vatns – snýr allt aftur til frumkjarnans. Leitið því ávallt að kjarnanum í öllu. Þegar þú finnur ekki sálarorku, þá gætirðu mótað í mannlegum eldi kosmíska mynd. Mundu að hægt er að umbreyta ömurlegustu tilveru í geislandi líf með kosmískum eldum. Ef við notum það sem gefið er, í sterkum straumi karma, þá mun merki um hið óendanlega sýna sig, ekki sem sýnir heldur sem raunveruleiki.

Birta ásjónu Móður heimsins verður kóróna viðleitni okkar.

„Sál, í kjarna þínum hefur þú opinberað fegurð heilagrar þekkingar. Hvers vegna er ótti þinn svo mikill fyrir ákvörðun bræðra þinna? Í þjónustu þinni við “smámenni”, af hverju leynir þú því helga fræi sem þér er úthlutað? “

Lítum á þann sem meðvitað leitar ásjónu Heimsmóðurinnar. Við munum sjá að af öllum óteljandi óslökkvandi vitundum, er þessi kappi, baðaður kosmískum eldum, fæddur þar sem máttur óendanleikans logar. En hér á jörðinni ber kappinn yfirfullan kaleik. Dásamleg er umbreyting verka okkar þangað inn, í hið sanna líf okkar! Sannarlega, aðeins vitneskjan um óendanleikann mun sameina alla þætti. Birtingarmynd kosmíks lífs verður opinberuð sem aðferð í meðvitaðri hugsun okkar.

Óendanleikinn I

49. Á tímabili aðskilnaðar anda og efnis verður að líta á mann sem fordæmdan, sem skapar eigin heim í skilningsleysi. Af hverju að byggja upp með ys og þys? Til hvers voru allir draumarnir og forréttindin þegar allt sem þú hefur byggt upp hrynur saman og eignir manna eru ekki lengur til? Hinn heimski dregur um sig lítinn hring og allt annað er mælt út frá hans smáa ummáli. Þegar hin skýra vitund segir: „Maður getur notið eilíflega ávaxta eigin verka“, mun sannarlega glóð andans lýsa í átt til óendanleikans.

Andinn sjálfur – stjórnandinn – staðfestir leiðarvalið. Af hverju að leggja stein í götuna þegar hægt er að byggja brú milli eigin vígis og óendanleika!

Dæmdur maður, hvers vegna hvíslar hjartað þitt ekki að þér, hvar sannleikurinn liggir? Í hverri athöfn er orka sem er sama eðlis og orka Alheimsins. Sérhver frumeind hreyfist í samræmi við nákvæman útreikning og

orka safnast saman úr hverri upplýftingu andans. Megi hver og einn skilja að að hann er ekki dæmdur vegna ills karma, heldur af sjálfsdáðum. Kosmískt réttlæti er meðvitað um gang þróunarinnar og áætlunin er framkvæmd í samræmi við hönnun elds Heimsmóðurinnar.

Megi eldlogarnir lýsa mannkyninu!

Óendanleikinn I

63. Sköpunin og skapari hennar stendur fyrir hinn eina mikla kraft sem dregst saman gegnum sköpunarhvatann. Þessi andi sem auðgar rýmið með sköpunarverkum sínum bíður öllu með sér, og saman skapa þau lífsmörk þar sem hann getur hafið nýtt skref. Athöfn eru okkar hinn eilífi og trúfasti félagi og fyrir honum er ekkert falið vegna þess karma sem hann hefur skapað. Skaparinn og sköpun hans birtast sem ævarandi afrek í kosmosinum.

Það er miður ef andinn sem hefur gengið í gegnum lífsferil sinn, kemur á sama stað og hann byrjaði frá. Það er miður ef andinn tekur á sig endurtekningu; fyrri útgáfu sína, því hinn trúfasti félagi, karma, mun bíða hans við þröskuldinn. Bein lína tengir mann við féлага sinn. En skapari sem setur skeið sitt eftir kosmískum straumi, er hans meðvitaði félagi og hann dvelur ekki innan við þröskuld sömu íveru, heldur fer til fjarlæggra heima.

Brjótið hlekkina og hafnið því að karma sé bara afkvæmi. Veldu þann veg sem ómur ákallsins leiðir til óendanleikans.

Óendanleikinn I

68. Óstöðvandi kosmískar athafnir ríkja í öllu. Maður getur talað um breytingar á ferlunum, en meginreglan um óstöðvandi virkni skapar þróun. Óstöðvandi kosmískir ferlar er eins og logi sem endurspeglar sig í öllum athöfnum sem birtast í lífinu. Þensla lífsins ber í sér þráð óstöðvanleikans. Þensluspenna og aðgreining er sameinuð eining kosmíks grunns.

Þegar ég segi að kosmísk framrás staðfestir líka karma okkar, þá þýðir það að Ég vil losa vitund mannsins frá blekkingum og koma til mannlega andans skilningsþráð um þetta óendanlega flæði. Ég staðfesti að skýr skilningur bendir á eilífleika allra athafna okkar. Kosmíski eldurinn er óþrjótandi og eilífur. Maður verður að skilja að hið óendanlega er samsafn lífsferla. Orsök og afleiðing, hugsun og athafnir, eru karmískar forspár lífsreglunnar. Frá hverju getur órofa keðjan vikið? Órofin leiðin er opin andanum; á leiðinni opinberast honum tákni Heimsmóðurinnar sem hefur valið tákni ljóssins. En sá villti sem leitar í myrkrið fær ekki snert eld geimsins.

Náðu skilningi á tákni Heimsmóðurinnar!

Óendanleikinn I

75. Þegar þróun mismunandi forma sem kosmosinn hefur ákvarðað, því ætti þetta lögmál ekki að taka til æðri sviða? Fegurð lífsins er í fjölbreytileikanum. Alheimurinn styður ekki einsleitni. Alheimurinn er samsettur úr vitund milljarða formgerða. Hafnið óttanum við fjölbreytta strauma. Lögmál margbreytileikans styður allar tilverugerðir. Ekki búa sjálfum þér karma við að hafna gleði fjölbreytileika í lífinu. Með því að meðtaka meginregluna um margbreytileika verður mannkyninu gert kleift að taka við nýjum formum tengdum fjarlægari heimum. Nýir heimur eru byggðir með nýjum formum. Skoðaðu hugmyndina um nýja heima og skoðaðu hve ólíkir þeir eru þér og þínu umhverfi. Smíðaðu nýtt vígi á betri grunni.

Vísindin rannsaka heimssöguna frá tímabili þeirra frumstæðu og hvernig þau þroskuðustu smá saman. En slík samsíða þróun tákna ekki framtíðina. Þess vegna ætti hver og einn að helga göngu sína í átt að einum æðri heimunum. Vísindin, sem munu leiða í ljós nálgun nýrra formgerða tilverunnar, munu veita mannkyninu betri skilning á hinu óendanlega.

Af hverju ættum við að horfa til jafnar þróunar, þegar hver og einn getur tekið risaskref!

Óendanleikinn I

85. Þegar maður rennur lífsskeið sitt og hefur áttað sig á því að markmið tilverunnar er fyrirfram ákveðið, þýðir það að kosmísk orsök hafi sent honum geislann sinn. Sá sem skilur að mörgum lífum hefur verið lifað á jörðunni og verðmæti þeirra sé gætt í andanum, færir hann fram um um árþúsundir. Flæði Karma er kosmísk fegurð. Kosmískt eðli færir gleði í hjarta mannsins, einnig í hjarta alheimsins og í hjarta Arhat, meistarans.

Til handhafa hins helga loforðs framtíðarinnar sendum Við mátt Okkar til að ljúka hinni jarðnesku leið.

Óendanleikinn I

88. Fáfræði mannkyns dregur að sér þær kosmísku myndanir sem bregðast við lykilmótur fáfræðinnar. Fáfræði hvetur mannkynið til þeirrar trúar að kosmískur sjóndeildarhringur sé á lítilli plánetu. Fáfræðin, leiðtogi mannkynsins, lítur á jörðina sem upphaf og endi; en skynsemin bendir til þess að slíkar viðurkenndar formúlur, sem greina kosmosinn innan þröngra marka, muni leiða til ógæfu. Að gera ráð fyrir endalokum færir vitund mannsins endalaus merki um karma sitt og hún er ráðalaus yfir þessum hörmungum.

En ef hann hefur náð flæði kosmíks straums, er þá ekki meira takmark að skilja að þessi endalaus vitleysa er andstæð óendanleikanum? Ég segi að óendanleikinn muni meðtaka þá kosmísku strauma sem vitund manna hefur misst af. Það er undir manninum komið hvort vitundarbogi hans heldur í við kosmíska strauminn eða missir af honum. Óendanleikinn býr öllum uppgöngu.

Óendanleikinn I

137. Krafturinn sem ákvarðar karma er ákvarðaður af kosmíska segulkraftinum. Uppsafnað samband ólíkra krafta er það sem við skilgreinum sem örlög. Menn eiga í erfiðleikum með að skilja að árekstrar kosmískra samsetninga eru einmitt af völdum mannsins sjálfs. Allt sem maðurinn gerir endurspeglar öll einkenni í lífi hans. Mjög oft þrýstir kosmíski segulkrafturinn á strauma sem safna þeim ákveðnu samtengingum sem manninum er ætlaðar fyrir sköpunargáfu hans. Svo mikill er kraftur sköpunargleðinnar að samloðun strauma og orku getur framkallað ótæmandi orku. Auðvitað ætti eðli kosmíks segulmagns að vera vitundarlega meðtekið.

Skilningur á aðdráttarafli kosmíska segulsviðsins leiðir til ótakmarkaðrar sköpunargáfu andans.

Óendanleikinn I

160. Endurmótun heimsins er ekki háð mannlegri sköpunargáfu, en á sama tíma er ekki hægt að segja að mannkynið sé útilokað frá vaxandi kosmískum krafti. Tenging manns og alheims er óaðskiljanleg. Þannig, er það sem er til staðar, tjáð í formum sem fyrirfram er ákveðið af kosmíska segulsviðinu. En maðurinn er líka tjáning þess sem fyrir er og þannig opinberast maðurinn annað hvort sem afl sem hreyfist í átt að segulkraftinum eða sem hindrunartákn.

Það sem er sett fram sem skapandi birtingarmynd mun finna tjáningarleið sína; en athafnaformið er bundið við karma mannsins. Þar sem Hæsta Ástæðan hefur fyrirskipað tilfærsluna, sem athöfn frumþáttar, verður að segja að tilfærslan er óbreytanleg. En fyrir utan tilfærsluna, þá er efninu falið uppbyggingin. Þegar kosmískur eldur stígur niður í jarðneska efnið verður að vera til staðar skilningur á raunverulegu samstarfi. Alheimurinn er eitt og besta viðleitni mannsins er að vera hluti af honum. Þar er ekki aðskilnaður heldur sameining. Þess vegna verður annað hvort hið fyrirfram ákveðna staðfest með samanburði við skapandi segulkraftinn, eða sá hluti, sem

maðurinn hefur gert ráð fyrir, muni ákveða leiðina. Þannig leitast stóru öflin að gagnkvæmni.

Við höfum orðið vitni að því hvernig yfirráð einnar brautar truflaði jafnvægið; Þess vegna liggur vald ekki í yfirráðum, heldur í sameiningu krafta!

Óendanleikinn I

202. Spíralferilinn er alstaðar í alheiminum. Hvert sem leitandi andi knýr sig áfram, þá fæðast lífshringir hans. Þannig skapar andinn sjálfur nákvæman spíral í uppgöngu sinni. Ganga andans í efnisbirtingum lýsir samsvarandi ferli í alheiminum. Leitun andans að æðri birtingum lýsir einnig samsvarandi ferli. Þessi lögmál gilda um allar birtingar. Þegar Við tölum um orkustöðvar alheimsins, erum Við líka að tala um samsvarandi orkustöðvar Agni jógans. Kraftar orkunnar dreifast eftir eiginleikum og kraftur fíngerðu orkunnar dregst að næmum líffærum.

Þess vegna er aðdráttur fíngerðrar orku táknuð með hring sem fellur saman við hinn kosmíska hring. Þess vegna er samþætting Agni jógans hringlaga spíral. Mannkynið ætti að íhuga vel sköpun spírals síns. Alheimurinn er byggður af slíkum heimum. Maðurinn er heimur. Gönguleið hans skapar heim; og karma verður að aflétta, ekki aðeins af manni heimsins heldur einnig af göngu heimsins, þar til heimurinn er sameinaður í hreini viðleitni. Þannig styður heimurinn án afláts stefnu þróunarinnar.

Óendanleikinn I

303. Vitneskja um æðri lögmál staðfestir bræður mannkynsins sem leiðtoga þróunarinnar. Þegar pláneta er í fæðingarferli er birtingu allrar orku beint til staðfestingar nýrra kosmískra lögmála. Þekking hvetur mannkynið til betri tengsla. Sérhver orka verður að eflast af annarri – að beina og laða að orku. Orku er beitt á svipaðan hátt á efnis- og andlegum sviðum; þess vegna eru lögmálin samtengd.

Bræður mannkynsins leggja áætlun um þróun mannsins, vinna með alheimsorku og í samræmi við leiðir himintunglanna. Við, bræður mannkynsins, sýnum allar valdar leiðir til framfara og staðfestum bestu samsetningar. Aðdráttarafli kosmíska segulsviðsins getur haft áhrif á birtingarmynd okkar og beint mannkyninu inn á geisla ljósefnisins, Materia Lucida. Bræður mannkynsins eru því drifafli þróunarinnar sem kenna mannkyninu meðvitaða afstöðu til Karma jarðarinnar. Þess vegna ætti maður að skilja að það er einingarafli í milli allra birtinga kosmíska segulsviðsins. Við

skulum því líta á bræður mannkynsins sem hlekkinn sem bindur okkur við birtingar alheimsins. Við skulum því samþykkja sáttmála drottanna!

Óendanleikinn I

310. Undirstaða lífs er aðdráttarafl kosmíska segulsviðsins. Meginaflið sem skapar í samræmi við þróunina er svo óbreytanlegt að aðeins kraftur elds getur knúið það til athafna. Öll önnur öfl geta aðeins þjónað sem núningur til að koma á stöðugleika á fyrirfram ákveðinni braut.

Mikil umræða hefur verið meðal fræðimanna um hvort lægsta stig komi í kjölfar hæsta stigi þróunar er náð í geimnum. Það er skynsamlegt að skoða allt sem þróast í kosmosinum í ljósi karmalögmálsins; ekki í hugmyndinni um karma sem venjulega er beitt um mannkynið, það er að segja um umbun eða uppgjör orsaka og afleiðinga, heldur karma sem æðsta athöfn sem styður þróunina. Öll skapandi inngríp eru fyrirfram ákveðin af lögmáli þessa karma. Margar hugmyndir eiga ekki við um þetta lögmál, en inngrípið sem á sér stað við skilning á karma þróunarinnar, býr í geimnum og berst áfram með straumum kosmíska segulsviðsins.

Óendanleikinn I

312. Karma virkar sem lífsmótunarkraftur hvar sem vegum himintunglanna er fylgt. Straumar karma sem eru í takt við þróunina birtist sem kosmíska segulsviðið. Sköpunarhæfni himintunglanna er svo afdráttarlaus að óskeikulleikinn er sambærilegur við þann hvata sem ákvarðar hreyfingu. Allir tímar ráðast af þessum karmísku forspám.

Gangur himintunglanna og Æðsta Ástæða stjórna öllum kosmískum tímasetningum. Þess vegna, þegar mannkynið hafnar þeim möguleikum sem kosmíska segulsviðið sendir, fylgir eyðilegging. Plánetan er þakin áhrifum þessum höfnuðu sendingum; því nýtist þessi skapandi spenna ekki því forspáa. Allir ósamrýmdir ferlar eru þannig skapaðir í geimnum. Þess vegna er það svo brýnt að mannkynið fylgi straumum hinna miklu staðbundnu sendingum; aðeins þannig er hægt að koma á tengslum við fjarlæggu heimanna.

Óendanleikinn I

313. Karma sem ákvarðast af straumum kosmíska segulsviðsins, ákvarðar einnig eldfæði jarðarinnar. Þegar orkustöðvar Agni jógans loga, þá er alveg víst að eldar í iðrum og yfirborði jarðar knýi á í birtingu. Eldar orkustöðvanna geta eftl ýmsar birtingarmyndir. Þegar kosmíska segulsviðið staðfestir viðleitni til ákveðins markmiðs, má fullyrða að karmastraumar fari saman í þá

átt. Þegar segulsviðið og kosmíski eldurinn rennur saman, verður hæsta birting tilverunnar ljós!

Óendanleikinn I

353. Maðurinn ætti að íhuga hvernig klæði hann sveipar mónad sinn. Í hvað er þetta eilífa fræ vafið? Fólk dvelur of lítið við þennan vanda. Á vegferð hvernar umferðar ætti maðurinn að rekja strauma karma og viðbragða þess. Það fyrirætlaða fylgir uppsöfnun fyrri athafna. Þær umbúðir geta kæft rödd fræsins og leið lífsins getur breytt fyrirætlaðri birtingu. Kosmíska fræið, sem er meðfætt hverri veru ætti að vera sveipað mikilli alúð af manningum. Á hinu leitandi fræi er þróunin byggð. Endalaus eru orka fræsins!

Óendanleikinn I

366. Máttur sköpunarinnar hnýtir hnúta sína og skapar samkvæmt lögmáli kosmíska segulsviðsins. Það má segja að fullyrðingin um sköpunargetu byggist á kosmísku aðdráttarafli. Þegar hnútarnir eru hnýttir myndast fullmettun sem verður orkuhvati í kosmíska eldinum. Þessi viðbótarorka bætir eiginleika vaxtarins. Þannig birtist sköpun eins og í fyrirskipuðu upphafi.

Mannkynið, sem hnýtir sína karmahnúta eflir kosmíska sköpunargetu. Aðdráttaraflið að fræi andans dregur að þá orkustrauma sem eru fyrirskipaðir af karma. Mótun hvernar afleiðingar ákvarðast af eigindum hvernar athafnar. Þess vegna getur maður skapað óendanleg áhrif í óendanleikanum og betrubætt gæði þeirra.

Óendanleikinn I

368. Kosmísk sköpunarhæfni dregur saman samsetningar sem eru mettaðar af kosmíska eldinum. Kosmísk sköpunarhæfni hleður leitandi orku aðdráttarafli. Þegar nýjar eldmettaðar samsetningar ná nauðsynlegri orku, þá safnar kraftur segulsviðið saman þessum staðbundnu kröftum. Eldsleg þensla segulsviðsins verður óhjákvæmilega til við samruna ólíkra krafta.

Óheft orka felst í alheiminum og hún hefur ekkert tiltekið drifafli; þess vegna gefa frumöflin hverju sinni þessum viðbótarkröftum ólíkar samsetningar. Eins og í alheiminum, svo einnig í vitund mannsins, þá veitir innkoma viðbótarorku nýja samsetningu. Þegar andinn getur ekki ákveðið stefnu sína tekur tilfallandi orka yfirhöndina. Og allir þræðir sem leitast við að birta karma breytast við birtingu tilfallandi orku. Þess vegna verður mannkynið á þróunarleið sinni að leitast við að þekkja fræ andans.

Óendanleikinn I

369. Að þekkja fræ andans er svo nauðsynleg að hver andi verður að leitast við það. Þegar stefna eigin elda er skýr, þá getur maður gengið eftir fyrirfram ákveðinni slóð. Óheft orka getur mótað karma veikburða anda og rýmið er fullur af slíkum. Í iðu lífsins fæðast þeir sem hafa gert sér grein fyrir ákvörðunarstað sínum. En þeir sem enn eru ekki meðvitaðir um það dreifast sem fjaðrir. En leið hins leitandi anda sem er fyrirætluð af kosmíska segulsviðinu, er sem hlekkur í hinni miklu þróun. Hið volduga fræ andans veitir nýjan straum og eldlegan hlekk. Þannig gengur spenntur Agni jóginn Okkar. Þannig ómar hinn eldsækni Agni jógi. Þannig skapar hin logandi Agni jógi. Þannig mótar Agni jóginn spor þróunarinnar.

Óendanleikinn I

396. Auðvitað beita neðri sviðin kröftum sínum til að steypa örlögum plánetunnar. En framfarir mannkyns vega þyngra en áhrif þeirra við að takast á við staðbundna orku, að segja má að ljósið gleypi myrkrið. En gangur karma krefst frjálsrar tjáningar.

Óendanleikinn II

Óendanleikinn II

4. Hreinsandi eldar heimsins komast inn um öll svæði jarðarinnar. Hreinsunarneistar dreifðist um allar leiðir karmískra athafna. Eins og eldfjöll springa þessir staðfestu eldar út. Kraftur karma færir og flytur vald frá hendi til handar. Kosmískri stefnu er beint að þessum hreinsandi logum; eins og halastjarna sem hraðast í gegnum óendanleikann. Styrkur straumanna er mikill og áhrifin svara til elda jarðarinnar. Orkustöðvar Agni jógans skrá alla kosmíska strauma.

Óendanleikinn II

7. Kosmískur sköpunarmáttur nýtir allar mikilvægar hvatir og þenur mikilvægustu lyftikrafta. Af öllum þáttum er einingin sú öflugasta. Í henni er öll birtingarmynd lífsins; með henni er sköpuð mikilvægasta samsetning lífsins. Af hverju ekki að beita þessum þætti í lífinu! Þegar eining berst við aðgreiningu verður öflug sprenging. Brot úr slíkum sprengingum varpast langt í sundur og þeir hlutar koma í veg fyrir gagnkvæmra aðlöðun. Með því að hafna þeim kröftum sem tengist karma mannsins skapar hann sprengiafl. Lögmálið byggir aðeins með einingu. Aðdráttaraflíð bendir á leið fyrir alla

leitandi krafta. Bræður mannkynsins tilnefna leið fyrir það sem sem þróunin staðfestir. Þannig er aðdráttaraflíð sem lögmál tilverunnar.

Óendanleikinn II

39. Allt sem er úrelt er háð lögmáli endurnýjunar. Allt sem ekki þróast er háð lögmáli endurnýjunar. Kosmískur sköpunarmáttur sér sannarlega fyrir nýtingu orkunnar, að hún komi í staðinn fyrir aðra, án tafar. Í hverri mikilvægri birtingarmynd verður að fylgjast með stakri endurnýjun. Þegar andinn er ekki undir stjórn uppsöfnun fyrri lífa, er sköpunarmáttur hans undir álagi **karma** hans og skapandi hvata. Allt sem ekki hefur verið lokið við í uppsöfnun fyrri lífa, mun binda eld andans í langan tíma. Andi sem hefur þegar endurnýjað sínar eldri uppsafnanir verður skip fyrir eldinn. Andinn mun tjá aukin styrk viðleitninnar. Fínpússuð aðlögun umbreytinga mun veita þekkingu á umskiptunum. Geisli Agni jógans gefur stefnu til leitarinnar.

Óendanleikinn II

62. Þegar til forna var talað um hreinsunareld og eldheitt helvíti, var vissulega átt við umbreytingu og **karma**. Lögmálin voru þekkt. Nákvæmni þekkingar kom fram í birtingu kosmíska segulsviðsins. Þekkingin á **karma** var sótt í himintunglin. Hreinsunareldurinn var settur í stað karmískrar viðleitni. Hreinsunareldurinn í núverandi skilningi kemur frá umbreytingarlögmálinu. Eldheit helvítið kom af lögmáli **karma**. **Karma** og umbreyting eru óaðskiljanleg! Annar meginþátturinn ákvarðar hinn og spenna annars kallar fram viðleitni hins. Hið mikla aðdráttarafl byggir upp allar meginþætti alheimsins. Aðeins viðleiti til að birta eldinn getur sýnt raunveruleikann. Mannkynið hafnar þessu algilda lögmáli með tillitsleysi sínu. Sannarlega, stýra **karma** og umbreyting þróun andans. Kosmosinn endurómar þessi lögmál og lögmál kosmíska segulsviðsins beinir viðleitinni fram til þróunar. Næmt eyra grípur þennan samhljóm.

Óendanleikinn II

63. **Karma** og umbreyting eru þættir sem beinast að framförum; þau skapa áhrifin með drifkrafti **karma** og og umbreyting andans mótar stefnuna. Þegar leitandi sköpunargáfan dregur andann að kosmíska segulsviðinu, þá eru áhrif eldsins óhjákvæmileg. Ég fullyrði að lögmál **karma** og umbreytinga leiða til fullnustu. Leitandi eldblásinn andinn laðast að kosmíska segulsviðinu. Þegar Við, bræður mannkynsins, tölum um kosmíska segulsviðið, skynjum við í því allar birtingar æðri lögmála. Sannarlega felst allt það tærasta og fegursta í þessu lögmáli. Þess vegna, þegar Við sögðum að kosmíska segulsviðið setti

penslu í allar birtingar sem hefðu í sér alla fegurð tilverunnar, höfðum Við í huga birtingu kosmíska segulsviðsins.

Óendanleikinn II

65. Í tengingu sviðanna felst sköpunarmáttur kosmíska segulsviðsins. Aðeins aðdráttarafl skapar og segulsviðið knýr kraftanna til staðfesta forma. Aðdráttarafl ákvarðar líf mannsins. Þegar karma knýr andann á áfangastað, skapar segulsviðið. Þannig ýtir karma á hæla mannlegs uppstigs. Þannig verður bygging fullkomnunar til. Þess vegna, þegar andinn veit veg sinn, bregst segulsviðið við. Það er þannig sem það fyrirætlaða er staðfest og kosmíska segulsviðið bregst við.

Óendanleikinn II

70. Hið Algera er ekki í tímabundnu formi en andi formsins tjáir Algeran Tilgang. Skel kosmíska fræsins í umbreytingu sinni er háð lögmáli tímans, en andi fræsins varir handan tímans. Þannig er kosmíska formið endurnýjað að eilífu, en efnið í leitandi fræinu er háð kosmíska segulsviðinu. Þannig er fegurð tilverunnar mettuð af kosmíska segulsviðinu. Andinn sem hefur gengist undir efni karma þráir að frelsa fræið úr skelinni. Þessar skeljar safnast eins og þoka utan um fræið. Hvert fræ fer í gegnum baráttu sína á leið sinni til óendanleikans.

Óendanleikinn II

97. Lögmál umbreytinga skapar með því að safna saman þáttum sem lúta að nýrri kosmískri samsetningu. Aðdráttarafl þess laðar að sér alla óháða orku þangað sem henni er beint. Þess vegna er hvert nýtt skref aðdráttarafl kosmíska segulsviðsins. Andinn sem velur sér leið laðast örugglega að fræi sínu og fullnægir þannig kosmískri og fyrirfram ákveðinni leið. Þess vegna boðar lögmál Okkar: „Leitið til þess hæsta!“

Andinn sem byrjar leið sína er gegnsýrður staðbundnum eldi. Þess vegna getur andinn þegar hann er ekki ofhlaðinn lífinu, staðfest nýja leið sína og sýnt nýja eiginleika. Samkvæmt lögmáli Okkar eru nýir eiginleikar staðfestir og Karma mannkynsins getur ekki aðeins mótttekið umbreytinguna heldur getur það auðgast með nýju karma. Þannig ljúkum Við skýringum á karmískum breytingum. Við skulum samþykkja lögmál umbreytinga á óendanlegri leið andans.

Óendanleikinn II

143. Andi sem leitast til eiginhagsmuna með ólögsmætum hætti tekur á sig mikið karma. Ólögsmæt nýting er íþyngjandi skref. Látið því vitundina vaxa í að meðtaka samvinnu. Þegar ofmetnaður kæfir frumþættina, hvernig er þá hægt að skilja fræðarann? Sköpunarmáttur andans er óhugsandi án uppbyggingu stigveldisins.

Óendanleikinn II

146. Þegar andinn sekkur í myrkur afneitunar slítur hann af sér alla hlekki. Karma virkar svo afdráttarlaust að endurlausnarferlið fellur undir lögmál kosmíska segulsviðið. Þess vegna, þegar andinn byggir uppstiginn, verður að útrýma afneituninni.

Óendanleikinn II

159. Karma safnar saman straumunum sem aðlagast framförum. Þegar andinn reynir alla viðleitni getur birtingarmynd umbreytingarinnar þróað bestu möguleika. Aðeins aðlögunarhæfni við karmaflæðið veitir staðfestan kosmískan grunn. Þannig gefa karma og viðleitni, mannkyninu nauðsynlegan hvata. Aðeins leiðsögn karma ber manninn áfram skref tilverunnar. Þess vegna, þegar maðurinn gerir sér grein fyrir krafti karma og leitast við að tjá bestu vonir, þá er leið hans samsíða alheimsorkunni. Alheimsorkan laðar að sér skapandi viðleitni. Þannig eru framtíðin og óendanleikinn byggð.

Óendanleikinn II

160. Karma misskilinna leiða þyngir manninn mjög. Þegar leiðin er staðfest sem leit til ljóssins, þá verður viðleitnin merkt lögmáli segulsins. Þess vegna eru þeir sem skilja mikilvægi karma undir eyði Okkar. Allir sem hafa viðurkennt karma geta starfað í samræmi. Aðeins loforðið sem hefur verið viðurkennt getur náð yfir alla viðleitni. Því er karma sem leiðir til æðstu heima, hæsta skrefið.

Óendanleikinn II

168. Með hverju umlykur mannkynið jörðina? Skítugasta sviðið er eigingirnin. Óverðugasta sviðið er skapað af ormi afbrýðiseminnar. Yfirlætið er eyðingar sviðið. Þessi svið eyðileggja fjölskyldur, heimsveldi, trúarbrögð og samtök. En kosmosinn ákallar samvinnu. Umbreytingin framundan getur sópað burt uppsöfnun mannanna, en hver þátttakandi í þessari uppsöfnun ber karma plánetunnar. Sköpunarmáttur mannsins hefur nýst til eyðingar. Andi sem leitar til óendanleikans tekur þátt í kosmískri samvinnu.

Óendanleikinn II

170. Hversu hljómandi eru orð hjartans um leyndar hvatir! Hve mikilvægt er að gera sér grein fyrir ásetningi andans! Þrjú persónueinkenni munu hjálpa til við að átta sig á mögulegum hvötum; heiðarleiki, sjálfsafneitunar og þjónusta. Birtingarmynd hvers eiginleika mun gefa andanum sverðið gegn sjálfhverfuni. Það er ekki hönd karma, heldur hönd sjálfsákvörðunar sem mun halda á glampandi sverðinu fyrir andann. Við skulum muna að eldurinn gefur tilganginn. Láttu anda sjálfhverfunar nálgast eldlegu umbreytinguna. Tara bendir á leið eldlegar sjálfsáreynslu. Fræðarinn bendir á leið eldlegra athafna. Já já já!

Óendanleikinn II

178. Þjóðir móta örlög sín á sjálfstæðum athöfnum. Hver þjóð byggir meginreglur sínar í kringum fræ sitt. Þannig starfar hvert land og streymir mismunandi orku. Sköpun sem skortir æðri lögmál skapar karma eyðileggingar. Sníkjudýr sem soga allan safu trjáanna taka á sig karma útrýmingar. Þess vegna, þegar lögmál Okkar boða samvinnu, verður að gera sér grein fyrir því að án þeirrar meginreglu er ekki hægt að skapa betra skref.

Óendanleikinn II

181. Þegar nýtt karma birtist, er hærra þrep í framvindu þróunarinnar staðfest. Öll ný þrep eru uppstig. Aðeins maðurinn ógnar birtingi kosmosins. Aðeins mannhöndin vinnur gegn eigin markmiði. Þess vegna ætti viðleitni til endurnýjunar að vera máttur þjóðanna. Sannarlega, með okkar eigin augum sjáum við breytingar. Þannig slær ljósið myrkrið. Ég fullyrði það!

Óendanleikinn II

207. Þegar andinn er fær um að skilja tilgang tilverunnar, er hægt að sýna streymi sköpunarmáttar bræðralags Okkar. Þegar Við leitumst við að koma á jafnvægi, bendum við á kosmíska segulsviðið. Yfirburðir verða ekki þar sem yfirráð ríkir, né í farvegi yfirráða, heldur þar sem þróunarkraftar eru saman komnir; ekki þar sem viðleitni er beitt af sjálfselsku, heldur þar sem skapandi þrep eru smíðuð í nafni almannaheilla. Þannig skapar mannkynið sitt karma.

Óendanleikinn II

221. Þegar viðleitnin er til kosmíska segulsviðsins er vegur andans innblásin eldi. Villandi viðleitni skapar mjög skaðlegt karma! Þegar andinn brýtur karma sitt niður í þætti ólíkra sviðum, í stað þess að nýta farveginn sem segulsviðið stýrir, verður þessi andi að fara í gegnum mörg skref. Þegar stefnan er í takt við kosmíska segulsviðið, þá heldur viðleitnin áfram í

skrefum þróunarinnar. Þannig nálgast þjóðirnar sem eru í takt við kosmíska segulsviðið æðri sviðin.

Óendanleikinn II

323. Lagskipting plánetunnar er grunnurinn að þeim áhrifum sem Karma ákvarðar. Í viðleitni í að nýta bestu kraftanna, mun mannkynið vefja sig með samsvarandi birtingarmyndum. Þess vegna, þar sem maðurinn gengur hægt í andlegri hækkun, er yfirlýst stig lagskiptingar að beita þrýstingi á jarðskorpuna. Jarðgufur þenjast og straumar jarðar eru mjög þungir. Þess vegna eru mjög margar truflanir á jarðneska sviðinu. Þannig staðfestast spádómarnir.

Óendanleikinn II

327. Sviðsmyndirnar í kringum þjóðirnar tákna eiginleika lagskiptingarinnar. Andi þjóðar segir alltaf til um efni framtíðarinnar. Karma áhrifanna titrar í hverri þjóð; þess vegna, á meðan fólkið leitast svo ákaft að sannleikanum, komast aðeins hinir útvöldu áfram eftir leið sinni. Hugmyndin um sannleikann er brengluð umfram allt. Þess vegna, þegar Við segjum sannleikann, köllum Við til leikni fíngerðrar orku og til kosmíska segulsviðsins. Maður getur séð tíðni hvernar þjóðar. Sannasti vísirinn er hugsun þjóðar. Viðleitni hennar gefur vitneskju um það. Þannig byggir þjóðarsálin þrepin.

Óendanleikinn II

338. Í skilningi á samhæfingu krafta felst kosmískur sköpunarmáttur. Þess vegna er svo mikilvægt að leitast við samhæfingu. Allt kosmíska valdið felst í þessu lögmáli. Beiting hærri skilnings á kosmískri samhæfingu mun leiða andann. Þegar andinn knýr á frelsi sitt fer stefnan eftir vali á leiðum. Þannig er samhæfing andans og kosmosins eflað með möguleika fræsins. Skortur á jafnvægi andans er mjög eyðileggjandi, því hver og einn sem nálgast Okkur ber sitt karma. Þannig er sköpunarmættinum beint af andanum inn í val á kosmískum straumi.

Óendanleikinn II

391. Kosmísk vitundin endurspeglar í allri heimsmyndun. Aðeins mannkynið er takmarkað af vangetu til að viðurkenna heilindi tilverunnar. Allt tengist hvert öðru í alheiminum. Lífshringrásir lifa í endalausum hringferli alheimsins. Kosmíski geislinn er í öllum geimnum. Aðeins geisli mannsins takmarkast við sín svið. Í stað þess að endurspeglar í anda sínum alla hina augljósu tilveru, grefur mannkynið sig í takmörkuðum heimi. Það er ekki aðskilnaður í

kosmosinum og atburðarásir er nátengdar inn á öll sviðin. Þess vegna fara saman kosmískar hreyfingar og andlegar breytingar. Þannig er hringrás innan hringrásar; og í þessum takmarkalausum breytilegu sviðum flæðir karma manna inn í óendanleikann.

Óendanleikinn II

393. Rétt er hugtakið *kosmískur úrgangur!* Kosmísk viðleitni nær yfir allar kosmískar birtingar en andinn sem takmarkast af hugmyndinni um einangrun getur ekki skapað í takt við púls kosmosins. Þess vegna, þegar nýtt þróunarskref er tekið, virkar kosmískt rusl eins og stíflur. Vissulega býr hver stífa til þungt karma. Þess vegna greinum Við ljósberanna frá kosmísku rusli. Eldur andans færir mannkyninu viðleitnina til hærri gilda.

Óendanleikinn II

428. Þekking, þekking, þekking! Ef fólk myndi hugleiða þá staðreynd að þekkingin er eina hjálpræðið, þá væri ekki ögn af núverandi þjáningu. Öll sorg manna er afleiðing vanþekkingar. Þess vegna er sérhver efling vitundar samvinna við þróunina. Hvað sem hindrar eflingu vitundar er andstætt þróun. Þess vegna eru athafnir fjandmannanna glæpsamlegar og karma þeirra er hræðilegt. Við ítrekum að þekking mun binda endi á þjáningar mannkynsins.

Óendanleikinn II

453. Þegar raunveruleg tilhneiging er til kosmíska eldsins staðfestast kosmísk tengsl. Aðeins þegar maðurinn skilur að athafnir er háðar hvatanum, er þroski viðleitinnar og innri eldurinn staðfestur, þar sem ómögulegt er að koma á fylgni við kosmíska stefnu án þess að efla hærri gildin. Skortur á samræmi stafar af ójafnvægi þessara birtingarmynda. Hvert tímabil er mettað kosmískum eldum og eiginleikum móttökunæmni manna. Þess vegna, þegar andinn vinnur ekki með kosmísku eldunum, verður til andstæður straumur. Þannig ákvarðar maðurinn karma sitt. Þessi skortur á samsvörun orsakar veikindi plánetunnar.

Óendanleikinn II

474. Eiginleikar orkunnar hvetja hverja athöfn. Styrkur athafnar ræður spennu orkunnar en eiginleikar orkunnar liggja í kjarna andans. Eiginleikar athafna koma frá eiginleikum viðleitninnar. Þess vegna, þegar eldhvatinn eykur sköpunarmátt andans, ná eiginleikar orkunnar mestri hæð.

Þegar þjóðir setja karmíska stefnu sína eru eiginleikar athafna þeirra háðar karmískri andlegri viðleitni andans. Þannig dregur hver andi sem

skapar eigið karma úr þessum fjársjóði andans. Ótakmörkuð og öflug er sköpun andans.

Óendanleikinn II

497. Þvílíkar hræðilegar hugsanir dreifast um geiminn! Hvaða boðskapur byrgir rödd ljóssins! Mannkynið veltir ekki fyrir sér þeim hugsunaformum sem maðurinn sjálfur þarf að uppskera. Geimurinn er gegndrepa af hugsunum manna og allt samkynja dregst saman. Þar af leiðandi spinna afleiðingar hugsana karma mannkynsins og eiginleikar athafna manna í samræmi þá viðleitni. Því verður mannkynið að leitast endalauzt við að frelsa sig.

Helgivaldið

Helgivaldið

24. Maðurinn er miskunnarlaus við sjálfan sig. Hann gleymir örlögum sínum og gleymir að hann leggur á sig mikla refsingu. Það er erfitt fyrir Okkur að láta fólk tileinka sér hugsunina um karma; en í ennþá erfiðara ástandi er vitund manns sem stefnir beint í djúpið. Fólk vill fremur eyðileggingu og sjálfsblekkingu en uppljómun vitundar.

Leitin að Shambhala er mjög ólík á andlega sviðinu. Er mögulegt að fólk trúir því að það muni ná samfélagi við Shambhala með innrás eða með föstu? Við sem vitum af leiðinni til Oss, segjum: „Gakktu eftir kærleiksstígnum. Gakktu veg vinnusemi. Gakktu undir skyldi trúarinnar!“ Við þann sem hefur fundið ímynd Okkar í hjarta sínu, munum við segja: „Gakk eftir hjartans leið og kaleikurinn staðfestir veginn!“ Við þann sem, með yfirlæti, telur sig hafa komist á brautina, munum við segja: „Farðu og lærðu af andanum sem þekkir fullnustu.“

Litla stúlkan sem bar þykka útgáfu Biblíunnar inn í hýbýli lúxussins birtist sem skapari nýs heims. Litla stúlkan sem skynjaði fræðara ljóssins undir bláum himni er eyðandi dýflissu myrkursins. Þegar andi lítillar stúlku fann fyrir bræðrum mannkynsins, þá er nafn þess anda ljósberandi sverð. Frá barnæsku þegar þessi andi gat skynjað að bræður mannkyns endurnýjuðu það sem fyrir er, þá hefur þessi andi hið ljósberandi nafn. Við geymum andlega leiðtoga meðal barna.

Vísbendingar um uppljómun eru besta gjöfin til þróunarinnar. Boðorði kosmíska lífsins er safnað fyrir ljósberandi árangur og þetta verkefni er aðeins staðfest af ljósi.

Helgivaldið

25. Karma streymir eins og sjávarföll, en vitundin getur umbreytt þessum föllum í endurtekinn heilagan samruna fegurðar. En hvernig menn skilja karmaföllin staðfestist í mannlegum verkum. Sönnunin um staðfestingu karma og sameiningu eru staðfest af Okkur sem mesti sannleikur.

Helgivaldið

26. Fínleiki vísbendinga okkar til mannkynsins er ekki enn skilinn. Hvenær verður hægt að upplýsa manninn með ímynd Okkar? Tilhneiging hugsunar skilur með erfiðleikum hreinleika æðri sviðsins. Staðfastlega verjum Við sakramenti lífsins. Hjól lífsins andar af fegurð. Hjól lífsins er fyllt mikilfengleika alheimsins. Hjól lífsins er beint að mikilleika ljósefnisins, Materia Lucida. Og jafn ljósberandi eru geislar hvernar birtingarmynda lífsins sem sameinast í gífurleik alheimsins. Heilög bönd andans eru sambærileg við mestu ljósberandi geislana. Atómorka karma, vitundarofin, samanstandur af öflugasta vogaraflinu.

Helgivaldið

57. Illum hugsunum hefur verið líkt við skriðdýr. Betri líkingu er vart hægt að gefa þessu sorpi vitundarinnar. Getur maður setið rólegur í hægindastól, vitandi að undir honum skríða eitraðir ormar og sporðdrekar? Maður verður að losa sig við skriðdýr og fyrst og fremst á leiðinni að Helgiveldinu. Formælingar og guðlast gegn drottni eru óbætanlegar. Þannig að hver og einn sem fordæmir Helgiveldið verður að muna að líf hans og glæpur munu smita karma hans í margar aldir. Sannarlega, ef það er aðeins ein leið – í gegnum drottin – að einu ljósinu, þá mun aðeins alger fáfræði leyfa eyðileggingu á þessari einu leið. Maður verður að streða til þess hæsta sem markmið lífsins og bera lotningu fyrir þessari uppbyggilegu viðleitni. Með því að gera lítið úr Helgiveldinu fordæmir maður sjálfan sig og veldur illum harmi þeim sem nærri eru. Það er kominn tími til að muna þetta!

Helgivaldið

70. Loftsteinar eru ekki nægilega rannsakaðir og enn minni athygli er á geimrykið sem fellur á snjó og jöklabreiður. Hins vegar mótar kosmíska hafið hrynjandi sinn á tindanna. Ef við förum að hugsa um óendanleikann ættum við fyrst og fremst að huga að öllu því sem kemur að handan og tengja okkur efnislega við fjarlæggu heimana. Hvernig getur maður þá farið í fjarlæga ferð án þess að huga að gestunum sem komið hafa langt að? Einnig ætti að bera

saman einkenni lífs á jöklum og þess á lálendi. Kannski stafar of mikill vöxtur ákveðinna kirtla af notkun vatns úr snjó, sem veldur truflun sem stafar af verkun agna geimryksins. Svo margar gagnlegar athuganir eru allt í kringum okkur, maður verður aðeins að rétta út höndina!

Þú hefur líka réttilega bent á að meirihluti berklatilfella sé ekkert annað en kveikja í miðjum lungum. Vissulega geta eldarnir sem **karma** hefur geymt, en ekki er áttáð sig á eða hugað að, orðið eyðileggjandi.

Helgivaldið

188. Staðbundinn eldur laðast að jarðskorpunni og margar neðanjarðar birtingarmyndir fylla sögu plánetunnar. Vissulega eru allir atburðir mjög tengdir mannkyninu sem og afleiðingar. Þannig skapa birtingar mannkynsins **Karma** plánetunnar. Hve mörg þessara umróta eru af vakinn af anda mannkynsins og gæði hugsanna þess! Þess vegna mótar samhæfð hugsun rýmið sem mettað er af birtingum staðbundna eldsins. Þannig er líf plánetunnar mótað og mannkynið verður að leitast við að hreinsa geiminn.

Helgivaldið

246. Af kosmískum sköpunarmætti nálgast staðbundni eldurinn það jarðneska þegar allir samsvarandi kraftar eru þandir. Sköpunarmáttur getur aðeins komið inn í lífið þegar öll vogaröfl eru knúin til umbreytinga. Þess vegna birtist hver umbreyting þjóðar þannig, og í stað hinnar gömlu kemur ný stefna. Þess vegna er **karma** hverrar umbreytingar mótuð af endurtekningu samsvarandi staðfestinga. Jarðskorpan ber mörg ummerki um **karma** og þau verða að ná umbótum. Þess vegna verður mannkynið að leitast við að gera endurbætur. Sönn og mest er leiðin til Helgiveldisins.

Helgivaldið

247. Við kosmískar umbreytingar, þarf nýr tónn örugglega að hljóma. Hvert skref hefur sitt sérstaka **karma**. Fyrir nýtt tímabil, Manvantara, verður að metta geiminn með ákalli til Helgiveldisins. Aðeins þannig geta bestu undirstöður tilverunnar komið inn í lífið. Þess vegna er fræðsla Okkar svo mikilvæg; þess vegna er Helgiveldi Okkar svo völdugt; þess vegna er hinn mikli máttur gefinn, því að öllu er safnað utan um fræið, og hvert skref hefur sína eigin mettun.

Helgivaldið

258. Í kosmískri uppbyggingu eru allar breytingar spenntar og hver þjóð ákvarðar **Karma** sitt og stað í þróuninni. Samkvæmt hverju tilviki má dæma hvaða stöðu þjóð hafði í þróun okkar sem nú er horfin og hvaða skref þjóð

hefur tekið sem er í umbreytingu. Þannig er eru söguleg skref samtímans og hægt er að rekja hve ólík spenna er í umbreytingu fólks. Hvað heldur aftur af þjóð í sögulegum framförum sínum? Hvernig getur þjóð varðveitt drifkraft sinn til aukins þroska? Aðeins með Helgiveldinu og skilningi á hæsta Vilja. Þessi vogaröfl geta knúið mannkynið til fyrirætlaðs markmiðs. Með þessari vitund getur maður nálgast samvinnu við æðri svið. Aðeins þannig getur umbreyting þjóðar aukið þróun hennar.

Helgivaldið

259. Þannig færir hver andi þjóð sinni reynslu sína og athafnir. Þannig reynir hver andi meðvitaðar hvatir sínar. Karma þjóðarinnar getur þroskast þegar hver andi skilur ábyrgð sína, að uppfylla persónulegt, hóp, og þjóðar-karma er háð því að skilningur á Helgiveldi náist að fullu. Sköpunarmáttur eldberanna sem Við sendum, er staðfestur af Okkur til að bæta lífið.

Helgivaldið

273. Mannkynið gerir athugasemdir á sinn hátt við hverja fyrirskipaða staðfestingu. Það skekkir á sinn hátt hvern boðskap að ofan. Það beitir hverju hinna miklu lögmála í lífinu með sínum hætti. Það túlkar hverja viljabirtingu á sinn hátt. Hvernig er hægt að koma því mikla fyrir í litlu og hinu kosmíska í því persónulega? Hvernig er hægt að skilja hinn mikla þjón Tilgangsins og mannkynsins með vitund sem þekkir aðeins sinn eigin flór? Hvernig getur leiðtogi sem afneitar sjálfum sér sýnt skilningi á lítilli daglegri venju? Aðeins þegar neisti hollustu við Helgiveldi brennur í hjarta, finnur maður hliðin opin. Aðeins þakklæti til fræðarans getur opinberað innganginn að hliðinu. Hver og einn sem hefur valið sína leið verður að gera sér grein fyrir einmanaleika brautar sinnar, því aðeins ást og hollusta fyrir Helgiveldi færir andann inn í keðju ljóssins. Þannig ákvarðar hver og einn sitt karma. Aðeins í gegnum ljós nálgumst við ljós.

Helgivaldið

278. Maður getur séð hversu miklu flóknari hóp-, og þjóðarkarma eru. Tengsl þeirra minnka ekki, heldur aukast með hefðbundnum samskiptum manna. Maður getur fundið fyrir hve kraftar ljóss og myrkurs takast æ meira á, sem eykur ósamræmi í viðbrögðum náttúrunnar. Þú getur séð hversu veikir andar eru mjög truflaðir, hversu mikið þráhyggja eykst og að hve miklu leytlík þráhyggja flækja karma. Svo ætti líka jarðneska baráttan ekki að koma neinum í uppnám, vegna þess að maður getur skilið hvernig hún er aukin í óendanleikanum.

Er það auðvelt, þar sem óreiða þess óbirta geisar? Með keðju Helgivaldisins getur þungt hjarta fundið enduróm af spennunni í kosmísku baráttunni.

Helgivaldið

290. Læknir segir venjulega við sjúkling sinn: „Þegar sumarið kemur ferðu í sveitina í sólina. Þú munt endurnýjast með fjallavindinum eða hafgolunni.“ Jafnvel jarðneskur læknir læknar með því að spá í framtíðina. Karma er veikindi fortíðarinnar. Lækning þess liggur í framtíðinni. Einmitt, sá sem vill frelsast frá fortíðinni ætti að stefna á framtíðina. Að vinna af öllum sínum mætti verndar mann frá falli; tókum til dæmis hreyfingu himinhnattanna. Mundu einnig að Ég hef bent á hvernig á að ganga á vatni en Ég hef aldrei sagt að maður geti staðið á því. Hægt er að breyta Karma með ómótstæðilegri viðleitni.

Helgivaldið

291. Hreyfing inn í framtíðina er svipuð logahreyfingu. Það er ótrúlegt hvernig eldurinn, stundum sýnilegur og stundum ósýnilegur, lifir, meðan hann titrar og varðveitir jafnvægi heimsins. Þannig skulum við ganga inn í framtíðina, vegna þess að studd eldþættinum mun okkur ekki mistakast. En aðeins er hægt að kalla fram eldinn með athöfnum andans. Við skulum því beita æðri lögmálum á jarðsviðinu. Maður getur jafnvel breytt karma sínu, sem þýðir að maður getur breytt öllum jarðneskum aðstæðum með því að leitast til framtíðarinnar. Beitið boðorði Mínu í lífinu. Agnir dýrmætrar orku fylgja aðeins þeim sem leitar.

Helgivaldið

294. Stundum getur maður sýnt fram á flóknustu lögmálin með einfaldasta tækinu. Lögmál karma er flókið, en taktu Ruhmkorff spólu eða aðra rafmagns spólu og þú munt fá myndræna hliðstæðu af karma. Straumurinn liggur meðfram spíralnum án truflana, en ytri vindingin er háð öllum ytri viðbrögðum; Ennfremur hefur hver þráður tengingu við þráðinn í fyrri vindingu og ber með sér afleiðingar fortíðarinnar. Þannig breytir hver stund karma, því að hver stund vekur tengda fortíð. Þannig geta menn haft tengingu við alla fyrri reynslu.

Sama myndræna dæmið sýnir hvernig fræ andans er óskaddað; og leitast til hæðanna og viðheldur skel sinni án þess að óttast fortíðina. Sannarlega er karma aðeins ógnvekjandi fyrir þá sem eru steiptir í aðgerðarleysi. En leitandi hugsun er laus undan byrði fortíðarinnar og eins og himneskur líkami

er knúinn áfram án þess að fara aftur sama veginn. Þannig, jafnvel með erfitt **karma**, geta menn náð gagnlegri frelsun.

Helgivaldið

300. Einmitt með kærleika ætti maður að kenna hvernig á að fara skynsamlega með hið heilaga hugtak, fræðari. Það eru engir þrjátíu peningar sem maður getur ráðið fræðara fyrir. Eins skynsamlega verður maður að velja lærisveina. Sami silfurþráðurinn bindur hvern fræðara við hvern lærisveininn. Þegar loforðið hefur verið gefið verður það grunnurinn að **karma**. Í gegnum atburði lífsins má sjá hversu óbreytanlegt það er sem sagt hefur verið. Enginn getur gefið fáfræði um lögmálið sem afsökun. Þess vegna er betra að endurtaka þetta á hverri síðu fremur en að leyfa viðurstyggileg misstök, sem draga á eftir sér andstyggilegt kjölfar afleiðinga. Ekki alvarlega, heldur líflega ætti að skilja lögmálið. Þessi ráð verða að vera samþykkt, ekki með orðum, heldur af hjarta. Ekki að ástæðulausu læsa tennurnar tunguna inni.

Helgivaldið

319. Það er spurt hvers vegna Við tefjum svo oft með að tortíma óvinum. Það eru margar ástæður. Við skulum nefna tvær: sú fyrsta — karmísk skilyrði. Það er auðvelt að skaða nánustu með því að snerta óvin sem er bundinn þeim af **karma**. Þessu má líkja við viðkvæmustu skurðaðgerðir þegar skurðlæknir aflimar ekki veikan útlím vegna hættu sem fylgir því að slíta slagæð. Í karmaböndum eru samskipti óvenju flókin. Við teljum gagnlegra að einangra hættulegan samferðamann en að tefja alla lestina. Önnur ástæðan er sú að óvinir eru uppspretta orkuspennu. Ekkert getur aukið orkuna svo mikið sem gagnárás. Hvers vegna þá að finna upp tilbúnar hindranir þegar hinir myrku reyna af fullum krafti að auka orku okkar?!

Helgivaldið

341. Hvernig er ábyrgð skilin af flestum? Hve lítið veltir fólk fyrir sér miklu mikilvægi ábyrgðar! Sá sem meðtekur ábyrgð af augljósri léttúð eða með sjálfelskri löngun er leiksoppur hræðilegs **karma**. Þegar hin mikla þjónusta í þágu mannkynsins er veitt er ábyrgðin í samræmi við það. Þegar skip Okkar er í höndum flytjandans, þá þýðir það að reisa ætti að varðveita, til þess að hið undursamlega skip haldi vængjunum. Sannarlega er það sæmandi að ábyrgð sé borin af tempruðum anda og af allri einlægni hjartans.

Helgivaldið

364. Það er almennt vitað að fyrir upphaf Satya Yuga fer **karma** fram með sérstökum hraða. Það má spyrja hvers vegna margir glæpir og guðlast virðast

þá vera refsilaust? Það eru margar ástæður. Í fyrsta lagi vilja menn frekar dæma eftir þrumum en eldingum. Annað, maður tekur kannski ekki eftir því hversu smám saman hringur atburðurinn herðist. Þriðja ástæðan liggur í hvötum og gömlum karmaböndum. Þannig getur aðeins fíngerð vitund fundið fyrir því hvernig, á bak við einhverjar óæskilegar aðgerðir, er falin ekki slæm hvöt. En hið gagnstæða gerist einnig þegar athöfn sem virðist ekki vera slæm er afleiðing óásættanlegrar hugsunar. Þegar Ég tala um rýmislegt réttlæti hef ég í huga jafnvægislögmálið. Kaleikurinn mun endurspegla hverja sveiflu andans.

Helgivaldið

365. Fylgstu með því hvernig hvert verk endurspeglar sveiflu karma. Það má skynja hvernig svik í öllum þáttum þess kallar fram skjóta myndun karma. Maður getur lært margt af slíkum athugunum. Hversu sárt er að sjá fólk skaða sig! Það er hægt að fylgjast með því hvernig hugsun þess slær innri tilveruna, eins og naðra, meðan á ósigrum sjálfsins stendur. Ekkert getur afstýrt afleiðingunum, því orsök og afleiðing eru of nærri. Aðeins með eldi hjartans getur maður varið sig og hreinsað farveginn sem ber smit.

Helgivaldið

366. Hve mjög fólk brenglar hugtakið sálarkraftur og gleymir að líkamlega birtingarmynd er alltaf hægt að skýra með sálrænum þætti, en sálrænu birtingarmyndina er ekki hægt að staðfesta með líkamlegum aðferðum. Þegar öllum sálrænum þáttum var útrýmt úr vísindum þá kom vissulega skörp afmörkun á milli þess lífræna og ólífræna. Þannig má benda fræðimönnum á að bækur án anda, sálarorku og kosmíks elds geta ekki skapað þau vísindi sem ætti að gefa mannkyninu. Aðskilnaður þess sem hefur þróast saman frá alda öðli, hefur opinberað þær villur sem er ástæða Karma jarðarinnar okkar.

Þess vegna verður mannkynið að hugleiða hvernig eigi að færa sálrænar birtingarmyndir nær líkamlegum heimi. Annars geta hefðbundin vísindi og hismið mest við tómt borðið. Þess vegna gefur lífskraftur listarinnar, sem verndar hinn guðlega eld, mannkyninu mettunina með þeim eldi sem kveikir andann og fyllir alla heima. Þess vegna eru dásamlegu blysin í fegurð sköpunarinnar svo dýrmæt fyrir mannkynið. Við höfum séð hvernig listsköpunin hefur umbreytt mönnum – eitthvað sem allt bókanám í heiminum getur ekki gert. Þannig sameinar borði fegurðar og friðar heiminn. Þannig mettar sköpun andans rýmið.

Helgivaldið

372. Staðfesting á fræðaranum ætti að endurtaka allar stundir, því uppbygging okkar þarfnast meðvitaðrar meðtöku Helgivaldisins. Búast má við ýmsum atburðum, en þátttaka í þeim getur aðeins verið í gegnum Helgivaldið sem Við höfum boðað. Þannig segi Ég: Ekki aðeins ákvörðun Okkar heldur karma árpúsunda gerir uppbyggingu framtíðarinnar óumbreytanlega. Hægt er að breyta smáatriðum en ekki má brjóta grunninn. Þannig að vilji Okkar ætti ekki að gleymast, jafnvel ekki í smáatriðum lífsins. Þú gerir þér réttilega grein fyrir sköpunarævintýrinu, en aðeins í uppstigi Helgivaldisins verður því breytt í hjálpræði heimsins. Það segi Ég.

Helgivaldið

381. Vitundin sem er aðeins í nútímanum, án þess að hugsa um framtíðina, getur ekki fylgt þróuninni, því keðja aldanna hverfur fyrir slíka vitund. Þess vegna, þegar vitundin vex nær hún yfir hina miklu leiðandi keðju orsaka og afleiðinga. Í þróunarferlinu er birting orsakanna mikilvæg. Sem stendur, þegar plánetan er að ljúka við Karma sitt, birtast vissulega afleiðingar mjög á mannkyninu. En það sem skapast af andlegri viðleitni manna umlykur jörðina. Þess vegna mun hver björt spenna og viðleitni veita jörðinni staðfestingu á nýja heiminum. Þess vegna ber háleitur friðarborði ljós sitt og fyllir kröftuglega straumana umhverfis jörðina sem vörn gegn hinu illa. Vitundir sem sameinast hafa í árpúsundir skapað. Þannig sigrar ljósið myrkrið. Þannig er undursamlegt skref að rætast. Þannig nálgast það fyrirætlaða.

Helgivaldið

391. Aftur munu þeir koma til þín í vafa um lögmál karma. „Er mögulegt að hinir óhæfu geti notið huggunar en þeir verðugu þjáist?“ Svaraðu: „Þungt er karma þeirra sem geta ekki látið undan jarðneskum þægindum, því að það er sagt: „Þægindin er kirkjugarður andans.“ Að auki, eins og þú hefur tekið eftir, þá loka jarðnesk þægindi andlegri heyrn. En margir, undir grímu vellíðunar, fela mestu ófarirnar. Þess vegna munu engir þeirra sem vita leita þæginda efnislífsins. Maður ætti að dæma samkvæmt hátindinum, ekki hugsa um jarðarströnd.

Helgivaldið

410. Aftur munu afneitendur Helgivaldisins koma og skilgreina forystu þess sem þvinganir. Aftur munt þú segja þeim: „Helgivaldið á ekkert sameiginlegt með þvingunum. Lögmálið mun uppljúkast. “Við erum á móti öllum nauðungum. Við stýrum ekki orkunni nema með samþykki

samstarfsmannsins. Við vitum hve einskis virði allt er sem er yfirborðslegt og knúið hið ytra. Eins og byggingameistari kveðjum Við til samstarfsmenn. En Við skiljum hann eftir sem ekki er þörf á bátnum Okkar yfir hafið, jafnvel þótt farið sé á bambusstöng. Samt eru menn oft svo hræddir við alla samvinnu, að þeir eru tilbúnir að stökkva í leðjuna frekar en að tengjast þeim Hæsta. Oft þarft þú að skera þig frá fólki vegna Helgiveldisins. Þeir myndu frekar samþykkja óendanleikann, vegna þess að þeir finna ekki fyrir ábyrgð sinni fyrir honum. Einnig truflar óhjákvæmilegt lögmál Helgiveldisins takmarkaða, eigingjarnan hugann.

Lærðu að heimta ekki að þú sjáir hvar stígurinn þrengist. Maður getur ekki farið gegn karma. En fjöldi heimskingja hefur syndgað gegn Helgiveldinu og þess vegna æsir þeir þú.

Helgivaldið

417. Hver andi skapar sitt eigið karma. Hver þjóð byggir sitt eigið Karma. Vissulega leita þjóðir að leiðtoga, því að jafnvel rótgróinn álit geti ekki viðhaldið því fólki sem hugsar ranglega. Hvorki gull né grófheit, töfrandi nöfn eða hrúgur af ógerlegum ráðum munu bjarga þjóð. Sannarlega, eldheit hugsunin, eldheitur andi leiðtogans mun veita nýjar leiðir. Láttu þess vegna stjórnun andlega leiðtogans skína skært á tímum kosmískra truflana. Láttu þannig hið mikla ljósveldi rísa yfir rústum gamla heimsins.

Þannig hefur aðdráttaraflað komið fram sem mikill Máttur. Þannig er kominn tími hins mikla fyrirætlaða nýja heims. Því vei þeim sem ganga gegn Helgiveldi!

Helgivaldið

432. Hvernig vonast mannkynið þá til að bjarga Karma sínu og efla þróun þess? Vissulega ekki með afneitun hinna miklu undirstöðu, ekki með því að gera lítið úr æðstu meginreglum, ekki með því að eyðileggja staðfestan og birtan uppruna! Samt sem áður heldur mannkynið áfram að byggja meginreglur sínar á eyðileggingu og átta sig ekki á því að það að brjótast frá hinu mikla Helgiveldi, ber mannkynið til hyldýpisins. Þannig er sjálfseyðing örlög allra þjóna myrkursins. Þannig að svo framarlega sem mannkynið beinir sér að þeim takmörkunum sem myrkrið hefur komið á, finnur það ekki leiðina að skærasta ljósinu og hjálpræðinu.

Hjartað

Hjartað

36. Ef þú tekur eftir táknum sem gefa til kynna að einhver hafi verið valinn skaltu ekki trufla starfsemi þess sendimanns. Maður getur lært að þekkja tákn Agni Yoga og í samræmi við þau að þekkja leið þess sem kosinn var. Birtingarmynd sendimannsins liggur ekki í ytra forminu heldur í sérstakri gerð athafna hans. Það er eðlilegt að athafnir sem hafa sérstaka þýðingu veki vitund fólks, á báðar hliðar, á sinn hátt, sýna skilning á þessum athöfnum. Við getum ekki nefnt neinn sendimann sem í kringum hann hefir ekki dásamleg orkusöfnun átti sér stað. Alveg eins og ský birtast fyrir þrumuveður, safnast ávallt ský upp fyrir staðfestingu sannleikans. En þú veist nú þegar merkingu þessara andlegu fyrirbæra. Maður getur komist að því hvernig gleðitíðindin eru endurtekin í gegnum aldirnar og hvernig þau dreifast meðal fjöldans. Frá andlega hátindinum má skynja taktinn sem miðlar bergmáli fræðslunnar.

Þegar þú tekur eftir minnstu merkjum um að maður sé kallaður, skaltu gæta þess að trufla ekki, því að grunnur Agni jógans er eldur og þú mátt ekki slökkva hann. Og hver myndi þora að snúa eldþættinum gegn sjálfum sér? Sérhver logi sem slökktur er endurómar, þess vegna verður karma þess sem slekkur hann þau sömu og örlög morðingja.

Hjartað

59. Það eru þrjár kringumstæður sem geta lagt sérstaka byrði á karma manns. Sú fyrsta – höfnun á fræðaranum; önnur – grunur um að tengslin við Helgiveldið kunni að valda ógæfu; og sú þriðja – að víkja sér undan ábyrgð á verkefnum. Aðeins hjartað getur hvíslað hvort höfnun, tortryggni eða undanskot eru að byrja. Sá sem hefur svikið fræðarann margoft fullyrðir þess í brjálæði sínu að hann hafi aldrei, ekki einu sinni hugað um svik og aldrei íhugað að komast hjá neinu. Myrkvaður hugur getur komið með þúsund réttlætningar til að fela það sem fyrir löngu var skrifað á blöð karma. Betra að byrja ekki, fremur en að afneita! Fyrir afneitunina lýkur nóttinni aldrei! En þetta er engin refsing; það er aðeins afleiðing þess sem sáð hefur verið. Hjartað er fært um að greina fræsvikanna.

Hjartað

111. Sannarlega, hvíllir farsæll þroski hjartans alfarið á siðferðilegum grunni. Þessar undirstöður umbreyta líkamlegu eðli og lífga andann. Auðvitað geta menn spurt þig: „Hvernig á þetta ástand við um myrku öflin, þar sem að foringjar þeirra búa yfir ákveðnum eldum?“ Það er rétt skilið að svart siðleysið byggist á aga óttans. Þú ættir að gera þér grein fyrir grimmd þessa aga! Þó að

Við tökum mjög tillit til lögmáls karma og metum einstaklingshyggjuna, þá byggist gagnstæða hliðin á ósamhljómi og eyðilegging, og undirstöður þeirra hvíla á harðstjórn. Auðvitað virðist ótti á neðri stigum vera örugg nálgun. Þannig kemur myrki ógnvaldinn fram sem strangur kröfuhafi. En þú verður að hafa í huga samstöðu hinna myrku, siðlausu tortímenda. Illa undirbúnir stríðsmenn vilja oft ekki þekkja styrk óvinanna, en hægt er að stinga hjartað eins vel í gegnum bringuna og í gegnum bakið. Vertu því vandvirkur í að læra allt um aðferðir óvinanna.

Hjartað

151. Ég segi: „Leitastu með fullu afli inn í framtíðina.“ Ég segi: „Beindu skrefum þínum til Mín.“ Ég segi: „Safnaðu öllu saman sem ber þig yfir straumamótin.“ Eitur fortíðarinnar – það er það sem við köllum niðurdýfingu í fortíðina og það getur hrært í sofandi tilhneigingu sem karma hefur byggt upp. Fortíðin getur svipt mann tímabundið uppsöfnuninni sem hann býr yfir í núinu. Svo kraftur okkar eykst þegar við flytjum vitund okkar inn í framtíðina. Sérhvert fortíðartákn snýr okkur aftur og sendir orkuna í straumamótin. Þú ættir sérstaklega að hafa þetta lögmál í huga þegar andrúmsloftið verður sífellt meira spennubrungið. Endurfæðingar er lítið getið í sumum kenningum, fólk er þannig veitt enn sterkari hvati inn í framtíðina. Það er gott að þú nefnir ekki nokkur nöfn og reynir jafnvel að gleyma þeim. Maður ætti ekki að endurvekja tíðina sem er löngu liðin.

Hjartað

220. Ég skal úthluta fyrstu tilrauninni til að skilja leiðbeiningar Mínar. Ég skal leggja grunn að upphafi samstarfs. Ég skal gefa út fyrstu skýru boðunina um að hefja starfsemi fyrir næsta skref. Ég skal senda fyrsta ákallið fyrir hönd Friðarfánans, sem stendur frammi fyrir harðri andstöðu. Ég skal gefa út fyrstu boðunina sem varar þá við sem valda skaða. Ég er að koma á fyrsta stundu nýrrar sköpunar, en eining er aðeins möguleg ef hún er fullkomlega meðvituð í samfélagi við Helgiveldið. Ennfremur verður hið góða að sigra hið illa, sem þýðir að hið góða verður að vera virkt. Það er einskis virði ef andinn er góður en tungan spýtir lastmæli. Fyrir næsta skref verður að útrýma hverjum lastmæli, því að karma þess gengur nærri svikum. Þetta ætti að vera rækilega skilið, því sá sem lastmælir getur ekki þekkt Helgiveldið.

Hjartað

272. Mál X. er óvenjulegt. Vissulega hefur karmaskuldin verið greidd, en eftir stendur það sem kalla mætti „karmískt hýði“, ástand sem er mikils metið af

púkunum. Ekkert magnar fjandskap jafn mikið og skuggi karma. Það virkar stöðugt sem að sá sem hefur greitt karma hafi enn einhverjar skuld að greiða og þetta kveikir fjandskap. Við gerum mikinn greinarmun á karmískum tengslum. Það er hægt að fylgjast með því í gegnum aldirnar hvernig einn persónuleiki rís og annar fellur; hvað gerist þá með tengiþráðinn þegar slíkar sveiflur eiga sér stað? Hvað sem því líður, nota púkarnir þessi karmísku hýði til að hefja enn sterkari árásir.

Hjartað

288. Enginn getur náð árangri með því að fara líkamlegu leiðina. Karma er ekki í líkamanum heldur í andanum. Þú tókst rétt eftir að högg á áruna kemur fyrst og fremst fram í augunum. Augnhimnan greinir eðli fíngerða efnisins.

Hjartað

497. Þú munt rekast á spurninguna: af hverju er það á brún hyldýpis sem hjálpin berst? Það eru margar orsakir fyrir þessu, meðal þeirra er karma og löngunin í að fullkomna sjálfan sig, en frá öðru sjónarhorni er orsökina tengd spennu hjartaorkunnar. Hjartaspenna er nauðsynleg ef maður á að vinna með æðri öflum, en venjulega hefst samvinna aðeins þegar sú spenna er komin á öfgafullt stig. Þetta þýðir að ef hjartaorkan birtist eins og hún ætti að vera, myndi samstarf eiga sér stað miklu fyrr. Svo enn og aftur komum við að því vandamálinu við að mennta hjartaorkuna. Við skulum aftur rifja upp að þessi menntun verður að byrja með minnstu tilfinningum og venjulegustu athöfnum. Þetta ástand gerir hlutina erfiðari vegna þess að fólk elskar venjulega að segja: „Leyfðu mér að berjast við rísa, en ekki eltast við flær.“ En rísa eru sjaldgæfir en flær eru óteljandi. Leitendur verða að fara í gegnum þessa myrku hjörð og vernda húsið fyrir þeim. Eitrið sem rísi ber – er minna en flóa. Þar að auki vekur útlit rísa óvenjulegt hugrekki; enn hugrekki er einnig nauðsynlegt í baráttunni við flugur og flær, og venjulega eru menn þjáðir af flugum, ekki af risum.

Hjartað

533. Fólk hefur rangt fyrir sér í því að ætla að hærri andi sé ekki lengur viðkvæmur fyrir minniháttar svikum; þvert á móti eykst næmi með hreinsun hjartans. Eins og næmi vex eykst náttúrulega kraftur hjartans, en viðkvæmt eðli kemst ekki hjá því að verða fyrir eitrun af illskunni í kringum það. Þannig að hreinsunarleiðina er varla hægt að kalla leið heimsku. Fólk ætti að gera sér grein fyrir hversu miklu auðveldara það er að nálgast hreint hjarta. Þess vegna var meðal spurninganna sem Leynardómarnir spurðu: „Getur þú verið

án ótta við sársauka?“ Hjartað þekkir sársauka heimsins, en það er einnig meðvitað um geisla hærri heima. Það er ekki auðvelt að gera þessa geisla greinilega, en fræðimenn geta skynjað sérstaka kosmíska geisla sem safnast saman að hreinu hjarta. Það er góð ástæða fyrir því að hreint hjarta er kallað „Tindurinn“. Svo er hægt að nota hreint hjarta í mörgum tilraunum, en auðvitað má ekki brjóta þetta hreina ílát. Það má segja að karma þeirra sem eyðileggja hjartað sé hræðilegt.

Hjartað

562. Sérhver yfirmaður myndi segja að betra sé að komast hjá óvininum en lúta í lægra haldi. Svipaða varúð verður að sýna í öllu sem tengist hjartaorkunni. Og með sömu varúð erum við að sameina innri kjarna þeirra sem eru tengdir í anda, í því skyni að forðast að láta einn af stríðsmönnum bera of mikla byrði sem tengir þá alla. Þegar við biðjum þig um að beina öllum kröftum þínum í eina átt þýðir það að þú verður að vera eins spenntur og bogi. Þú verður að geta lifað í viðbúnaði og þessi eiginleiki krefst einnig töluverðrar þjálfunar. En ekki reyna að nota þessa hjartaorku til hefndar – það er óleyfilegt. Ennfremur þekkja Gæslumenn Karma flæði lögmálsins. Og gleymum ekki að hjartað er fært um að beina sér til uppbyggingar. Eyðilegging stafar ekki frá hjartanu.

Þegar vestrænir vísindamenn nota stundum dáleiðslu nota þeir orku hjartans, venjulega án þess að vera meðvitaðir um það; í slíkum tilfellum er dáleiðslan sérstaklega áhrifarík, jafnvel þó „svefn“ sé ekki framkallaður. Svo á tímum andlegs bardaga verður kappi að bæta dropa af hjartaorku við allt, og þetta verður að gera meðvitað. Það er hægt að sannfæra hjartað til starfa. Slík samtöl við hjartað ættu ekki að vera álitin eitthvað barnalegt. Rétt eins og bæn er áhrifarík þegar hún er gerð meðvituð, er mögulegt fyrir okkur að neyða hjartað til að einbeita orku sinni – og það verður spenntur boginn. Þegar eldur hjartans geislar og logar við hverja snertingu getur kallið til hjartans þagnað. En við upphafsmenntun hjartans verðum við að reiða okkur á þá iðju að ræða við miðju okkar – það er það sem við köllum með réttu hjartað.

Eldheimar I

Eldheimar I

63. Hátíð andans er sammanlegt gildi; það er fjársjóður sem hefur verið byggður upp. Látum engan brjóta í bága við þessa verðugu uppbyggingu.

Meðal óleyfilegra afskipta af karma eru afskipti af hátíð andans mjög grafalvarleg. Aftur á móti, að senda bros á hátíð andans er mesta logandi blómstrun hjartans.

Eldheimar I

90. Möguleikum sem hafnað var, er hægt að ræða, ekki aðeins siðferðilega heldur einnig efnafræðilega. Í sannleika sagt, hvaða orð eru fullnægjandi til að lýsa eyðileggingu þess þegar dýrmæt eldorka, sem safnað er af miklu og löngu starfi, er dreift óvitandi? En þessar eldagnir, sem vaktar voru til ákveðinnar samsetningar, verða ósamstíga í langan tíma og það þarf tvöfalda viðleitni til að nýta þær aftur til sköpunar. Ég endurtek, það er óheimilt að brjóta andlega hátíð einhvers. Það er glæpsamlegt að ráðast á þegar mótaða heildstæða vitund. Koma ekki vísbendingar um karma frá þessum sömu óskynsömu afskiptum? Þvingun er sérstaklega óæskileg á eldssviðum.

Eldheimar I

135. Hugarsköpun og sefjun eru alls ólíkar, þó báðar tengist eldlegum birtingum. Sefjun er þvingun elds, en hugarsköpun er birting grunnlögmáls. Þegar við ræddum við ákveðinn sahib um að gegnsýra bústað hans með áru Okkar, höfðum við eðlilega í huga hugarsköpun og ekki sefjun, sem við gefum dáleiðendum fúslega eftir. Hugarsköpun er miklu öflugri en nokkur sefjun. Í fyrsta lagi er sefjun tímabundin; hún slær áruna og skapar karma, en hugarsköpun mettar áruna og truflar ekki sjálfstæða athöfn. Í raun er rými sem mettað hugarsköpun gegnsýrt eldkraftinum. Friðhelgi karma er og verður eitt allra fínlegasta skilyrðið. Að gefa, aðstoða og jafnvel leiðbeina án þess að brjóta í bága við persónuleikann – er erfitt verkefni. Hver og einn verður að horfast í augu við slíka lausn. Hugarsköpun, án sjálfsins, veitir leiðina út úr þessum völundarhúsum. Góðvild, hjartahlýja og samvinna hjálpa sömuleiðis, en þoka óstöðugleikans er sérstaklega lélegur leiðarvísir.

Eldheimar I

144. Margt er að gerast víða og sérstaklega þar sem segulkraftur er. Fræðarinn varar við að nú á dögum megi búast við óvenjulegustu átökum, því svo fjölmenn eru lægri svið fíngerða heimsins orðin. Menn hafa ákveðið að fylla fíngerða heiminn með miklum fjölda sem kemur fyrr en tími var komin á þau. Enginn hefur hugsað hverjar afleiðingarnar verða fyrir fólkið sjálft. Það er ekki hægt að slátra milljónum manna refsilaust, án þess að setja á alvarlegt karma. Jafnvel þó að karma sé ekki persónulegt, er það svo miklu verra, því það eykur karma þjóða og plánetunnar sjálfrar. Það sem sagt hefur

verið um friðarboða er réttara, því afstaða þeirra vekur rétt viðhorf til framtíðarinnar. Neðri svið fíngerða heimsins mega ekki fyllast af hryllingi ófullgerðs karma. Maður skyldi ekki ætla að það muni ekki hafa nein afleiðingar á ástand plánetunnar. En meginorsökin er sú að enginn hugsar um fíngerða heiminn yfirleitt. Einangrunin er hræðilegust; einmitt myrkraaflið hyllir við hverja firringu.

Eldheimar I

148. Það er hægt að lesa lokaða, framandi bók. Þú hefur séð þetta. Það er hægt að vild að vita tímann, að sjá í huganum á klukkuna. Þannig er mögulegt að knýja eld geimsins til að fjarlægja allar hindranir. Fólk kallar þessa birtingarmynd skyggni, en betra er að kalla hana umbreytingu elds. Samt má taka fram að þessi eldlegi möguleiki er ekki alltaf sá sami. Einnig er hægt að sýna fram á að mikil áföll auka þennan hæfileika, alveg eins og fullkomin hvíld gerir. En það er til ákveðið millistig andans, sem líkt og ský umvefur vitund okkar – þetta er andans óreiða. Það er sá sami vafi sem kveikir efasemdarskýið. Skýrleiki móttökunnar dofna ekki aðeins vegna ruglings móttakandans sjálfs, heldur einnig frá þeim sem kringum hann eru og bundnir honum af karma.

Eldheimar I

180. Hærrí draumar frá Helgiveldinu geta minnt á margt sem þegar hefur átt sér stað. Þannig, þegar nauðsynlegt er að minna á hversu brýnt það er að safna öllum gögnum, má sjá tákn um leitarmann. Gleymum ekki að ábendingar eru alltaf valdar af mikilli varkárni til að brjóta ekki á karma.

Eldheimar I

183. Sálarlausar verur þekktar allir. Þetta er ekki tóm mál heldur efnafræðilegur veruleiki. Það má spyrja: Líkamast þetta fólk í þessu ömurlega ástandi? Spurningin gefur til kynna vanþekkingu á grundvallaratriðum. Enginn getur holdgast án þess að hafa í sér eldorku. Án Agni kyndilsins kemur enginn inn í efnislega heiminn. Eyðing eldsins, Agni, á sér stað hér innan um öll undur náttúrunnar. En eyðing Agni þarf alls ekki nauðsynlega að verða vegna ofbeldisglæpa. Af ýmsum kenningum vitum við jafnvel um að ræningjar létu af iðju sinni og fengu uppreisn. Venjulega á eyðing Agni sér stað í daglegu lífi þegar andinn blundar. Uppsöfnun Agni er bundinn þá af léttvægum athöfnum. Það verður að skiljast að ávinningur Agni vex eðlilega, en þegar myrkrið setur lok á alla viðleitni til sjálfsfullkomunnar, þá fer eldurinn ómerkjanlega – þó hægt sé að sanna það efnafræðilega – frá hinu

verðlausa íláti. Fagurt er lögmál eilífar hreyfingar, annað hvort þróun eða hnignun. Fagurt er lögmálið sem leyfir hverri jarðvist að hafa í sér hið eilífa Agni, sem ljós í myrkri. Fagurt er lögmálið, jafnvel þrátt fyrir karma, gefur hverjum vegfaranda ljós. Fagurt er lögmálið sem kemur ekki í veg fyrir vöxt hins eldlega garðs hvers manns, alveg frá sjö ára aldri. Þrátt fyrir að þessi fyrstu blóm séu lítil, og þau blómstri við mjög litlar hugsanir, þá verða þau sannkölluð upphaf framtíðarhugsunarinnar. Margar fagrar hugsanir fæðist í hjarta sjö ára barns þegar daufar myndir fíngerða heimsins hafa ekki enn horfið úr heila og hjarta! Eyðing getur einnig hafist ef jarðvegur plöntunnar reynist vera rotinn. Ef slík gerist er mögulega hægt að hjálpa mikið, eða, eins og sagt var fyrir löngu, að „lána eld“. Slík lánveiting gerist einnig í allra minnstu athöfnum. Þannig hef ég minnt á molaslóð þegar þrisvar sinnum. Frá þessum neistum vaxa gífurlegir eldar.

Eldheimar I

276. Ef ferðamaður á hraðferð spyrðist fyrir um tímann, gæti varla nokkurt hjarta verið svo grimmt að ljúga vísvitandi að honum. Í mikilli viðleitni er eldheita sannfæringu að finna. Reyndar er viðleitni einmitt krafturinn sem bjargar manni frá höggum haturs. Þannig að þegar við berum fram hið mikla hugtak, Agni, skilst viðleitnin í öllum sínum ákafa. Í hugtökum mannkynsins vex eldheimurinn, ásamt afrekum hugsunar. En reyndu ekki að sannfæra hjarta sem er ókunnugt um eldinn, um eldheiminn. Slík nauðung mun aðeins leiða til svarta eldsins. Ef við gætum talið fjölda þjóna myrkursins sem skapast vegna ýmissa þvingana, myndum við hræðast þann gífurlega fjölda. Maður verður að hafa fyllstu næmni til að skilja hvenær maður getur snúið lyklinum í lásnum í annað og þriðja sinn. Hvorki bókin né efnafræðin geta sagt hvenær leyfilegt er að bera fram hið heilaga orð. En eldur hjartans veit hvenær karma og vitund bróður verður ekki ofboðið; því birtingarmynd Agni má ekki vera byrði.

Eldheimar I

346. Nemandi verður einnig að vita um deilanleika andans. Maður verður að leitast við að átta sig á nærveru kennarans í andanum. Þeir sem sjá fyrir sér nálægð kennarans hafa ekki alveg rangt fyrir sér. Það er betra en gleyma kennaranum af léttúð að öllu leyti. Þeir sem leggja orð fræðslunnar á minnið hafa ekki svo rangt fyrir sér. Í skólanum eru textabrot lærð utanbókar til að styrkja minnið. Svo, einnig þegar fræðslan brennur í hjartanu, rís hún upp í stuttum óafturkallanlegum formúlum. Fyrir sumum er auðveldara að tileinka

sér nákvæma tjáning. Ekki koma í veg fyrir að hver og einn fari eftir eigin karma. Það er betra að þvinga ekki þegar einstakir eldar koma í ljós.

Eldheimar I

383. Það er erfitt að aðskilja þrjú grundvallaratriði í sjálfum sér. Auðvitað er hægt að aftengja eldheitu brotin. Ætti það að vera svo? Aðeins koldimm ringulreið ýtir til hliðar öllum eldlegum myndum. Hugsun um hin þrjú meginatriði getur auðgað hugmyndir manns um hin þrjú faratæki, en það er eitt að byrja að hugsa og annað að halda áfram og þróa hugsun sína. Kosmíski þátturinn í tilverunni virðist vera einföld hugsun, en þó verður að beita því sem ábyggilegri og samfelldri viðleitni til að veita henni fegurð. Í leiðbeiningum geturðu tekið eftir einu og sama ástandinu í öllum tilvikum. Það er ekki nægilegt að beina nemandanum, heldur verður að leiða hann til að ná árangri. Jafnvel innan heimilis, geta menn verið vissir um að verkin verði unnin rækilega? Hversu oft fer maðurinn að kaupa og kemur aftur með vasana óvænt tóma! Þú hefur þegar séð marga sem, eftir að hafa byrjað af skynsemi, hverfa af brautinni og kveikja í öllu því sem þeir höfðu öðlast. Skaðinn af slíkri brennslu er mikill, ekki aðeins fyrir hann sjálfan, heldur fyrir þá sem eru tengdir honum með karma. Maður getur ímyndað sér hversu hræðilegt það er að afsala sér þegar uppsöfnuðu sannleikskorni! Slík eyðileggjandi slit stafa venjulega af óskipulegri hugsun. Slíkir samstarfsmenn eru gagnlausir jafnvel til að sendast á á markað – ætla að kaupa túrban en kaupa óvart keypt einn inniskó. Þess vegna getur aðeins rétt og óbilandi hugsun yfirgnæft myrkrið í ringulreiðinni.

Eldheimar I

399. Þróunin er sjálfstæð og sjálfviljug, þetta eru grundvallarlögmál. Það eru ekki aðeins grunnþættir karma heldur einnig eldheimurinn sem eru birtingarmynd meðvitaðrar þróunar. Það er ómögulegt að neyða fólk til að þróast andlega. Ekki er hægt að þvinga sofandi hjarta til góðs. Menn geta bent á, menn geta sett tímamót, en að rjúfa vitundina er að drepa rót framtíðartrésins. Milljónir ára geta virst langar, en hvorki ár né aldir eru til. Fólk hefur skipt tilverunni í sekúndur og drekkst sig í núllum. Þess vegna er sálfræði fíngerða heimsins svo mikilvæg, þar sem tímans er ekki þörf og aðeins árangur er mikilvægur. Fólk er oft móðgað yfir boðun fræðslunnar og hrópar: „Af hverju gefur bókin ekki endanlegar formúlur?“ En slík krafa sannar vanþekkingu á undirstöðunum. Fræðslan gefur nákvæma leiðbeiningar og kveikir eldana á allri leiðinni. Maður getur haldið áfram með þessum leiðarljósum. Maður getur fundið lausnir sem kosmosinn geymir

þegar. Maður heyrir kannski nákvæmar vísbendingar en andinn verður að sjálfu að raða þeim í myndina. Til að staðfesta leiðina er Boðun hins mikla arkitekts. Eins og í þjóðsögum verðum við að leggja eyrun við jörðu svo að við missum ekki af einu skrefi eða hvíslum. Þó fólk lesi mikið, er það fremur lítið notað. Engu að síður eru tímamörkin nálæg!

Eldheimar I

495. Kennarinn veit hvernig á að skilja kjarna persóna lærisveinsins. Óhæfur er sá kennari sem vill jafna alla lærisveinana; með því lítillækkar hann sjálfan sig og fremur óbætanlegan verknað og brýtur gegn karma þeirra sem til hans hafa komið.

Eldheimar I

557. Allt dráp er andstætt eldeðlinu. Allir sem velta fyrir sér eldheiminum ættu ekki að drepa, heldur eru skuldbundnir til að koma í veg fyrir blóðsúthellingar. Hann verður að skilja að blóðsúthellingar skapa ekki aðeins rugling í ákveðnum sviðum fíngerða heimsins heldur er það brot á jarðnesku eðli. Meðal tiltekinna þjóða er bannað að tappa af trjám á vorin af sömu ástæðum. En ef fólk hefur frá fornu fari skilið þýðingu að tappa af trjám, hvernig geta þeir þá ekki skilið þýðingu úthellingu blóðs? Sjálf leiðin í fíngerða heiminn, ef hún er blóðlaus, bjargar manni frá nálgun þessara myrku vera sem laðast strax að blóði. Fyrir utan þessar líkamlegu ástæður er kominn tími til að átta sig á hvað það þýðir að stytta lífið ótímabærlega. Eyðing jarðneskra óvina með morði þýðir stofnun öflugs óvinar í fíngerða heiminum. Oftar en einu sinni höfum við minnt á merkingu karma, en ef þetta orð höfðar ekki til sumra, þá skulum við kalla það guðlegt réttlæti. Aldrei íþyngja skilningi félaga þíns með sömu skilgreiningu. Hugsunin verður að beina að kjarna hugtaks, handan við venjulega tjáningu þess.

Eldheimar I

625. Mettuð lausn myndar kristala; svo er með ýmsar aðstæður sem líða hjá okkur. Þannig skapar mettun hugsunarathafnir. Af hugsun fæðast líkamleg áhrif. Þannig skapar mettun karma loks líkamlegar afleiðingar. Margir huglítir reyna að koma í veg fyrir karmískar afleiðingar, en eldhugi flýttir skynsamlega fyrir því með öllum ráðum. Hann skilur að rifinn dúkur geta hindrað hækkunina. Skilningsleysi ætti ekki að trufla þann sem flýttir sér. Hann viðurkennir í hjarta sínu að hið óhjákvæmilega verður að gerast og hann fagnar að hægt sé að komast yfir allt – styrkur Agna er í honum.

Eldheimar I

640. Maður getur stundum velt því fyrir sér hvers vegna og hvernig fólk getur hist aftur eftir margar jarðvistir. Það eru margar ástæður fyrir þessu en aðalatriðið er kosmíska segulsviðið. Maður tekur kannski eftir því að fólk laðast einmitt gegnum karma; ekkert getur haldið aftur af skuldaranum. En jarðnesk hugtök gera það erfitt að samræma óendanleikann við birtingarmynd karma. Hversu mikið þarf aðdráttaraflíð að vera til að halda slíkum ólíkum kröftum í samræmi! Ennfremur mun ein hliðin alltaf reyna að flýja, en lögmálið munu leiða það til endanlegs skilnings á óhjákvæmni. Í þessu er hægt að fylgjast með sálrænu aðdráttarafli sem sannar aðeins einingu grunnlögmálsins. Fólk á líka erfitt með að sætta sig við þá staðreynd að jarðvistir eru mismunandi eftir sálarþáttum en ekki eftir jarðneskri aðgreiningu. Það skilja ekki margir að konungur getur fundið sig verkamann og skósmiður getur orðið þingmaður. En hugtakið Agni leysir gátuna um breytingar. Breytingunni á tilverunni er úthlutað samkvæmt Agni. Eldorkan miðlar til okkar hærri verkum. Við metum ekki jarðneskar uppreisnir í formi morða – uppljómun ein er raunverulegur sigur Agni.

Eldheimar II

Eldheimar II

111. Hægt er að gera örlítinn samanburð milli eldheims og hins jarðneska. Á hinum sjaldgæfu birtingum vera eldheimsins, gera þær allar ráðstafanir til að brjóta ekki jafnvægið á jörðunni og jarðneskt fólk, fyrir sitt leyti, við nálgun slíkra veru, gera ráðstafanir til að vernda hjartað. En með öllum verndarráðstöfunum getur hjartað oft ekki þolað eldspennuna – því geta hærri aðferðir og neðri ekki tengt þessa heima. Sjaldgæfustu sambanda má rekja til gamals karma, þegar í jarðnesku lífi hafi átt sér stað langvinnt samstarfi til góðs. Slík samvinna er gagnleg um ókomna tíð. Slíkt samband styrkir samstarf. Þegar augnaráð okkar beinist inn í framtíðina, felur hvert velviljað samstarf í sér skynsamlega athöfn.

Eldheimar II

137. Í raun er óheimilt að reyna að breyta Karma viljandi eða með valdi. Karmadrottarnir bæta hverju ofbeldi við áfellisdominn en þeir geta létt Karma þar sem fullkomnun og fórnir eru endalausar. Þannig léttum við leiðir til eldheimsins, þegar við erum fús til að gera sem best. Það er ekki okkar að mæla hvað er best, en þrá hjartans leiðir til geislandi hliðanna. Heftið hverja hugsun um sjálfan sig en leyfið hjartanu að leiða eftir stystu

leiðinni. Hjartað hefur verið gefið sem brennidepill að eldheiminum. Ekki að ástæðulausu syrgja mörg hjörtu, bæði á jörðinni og í fíngerða heiminum. Auðvitað er eðli hjartans logandi og það syrgir við allar hindrunum sem koma í veg fyrir að það snúi aftur til heimalands síns.

Eldheimar II

159. Rétt er að gera samanburð á eiginleikum hugsanaefnis við lofttegundir. Sérhver gas, fyrir utan þegar upplýsta eiginleika sína, hefur marga aðra sem ekki eru til þess fallnir að rannsaka með tækjum. Enginn þorir að fullyrða að áhrif lofttegundar séu þegar horfin, það er aðeins hægt að segja að tæki okkar skrái ekki lengur áhrif lofttegundanna. En að hve miklu leyti gas umbreytir rýminu sem það kemst inn í og hversu mikil áhrif það hefur á manneskjur getur enginn sagt. Sömuleiðis er nákvæmlega ekki hægt að skilgreina mörk þenslusviðs hugsunar. Á sama hátt getur enginn ákvarðað að hve miklu leyti hugsun getur haft áhrif á lífið. Það er ótrúlegt hvernig líf sterklega hataðra einstaklinga er stundum ekki tilefni til að vera í hættu. Það eru margar ástæður fyrir þessu. Kannski þarf þessa manneskju vegna Karma heillar þjóðar. Kannski er hugsunin ekki sterk og í hrynjanda. Eða, hugsanlega mun þessi uppsöfnun hugsanna ekki vinna strax, heldur á morgun. Jarðneskar ráðstafanir eru í þessu tilfelli einnig afstæðar. Hugsunin veikist sérstaklega vegna skorts á skilningi á Karma. Mikla viðleitni er þörf til að maðurinn hafi í huga hið fagra lögmál um orsök og afleiðingu. Eitt ráð má gefa – hvergi að ganga að ráðgjöf illvilja.

Eldheimar II

178. Sumir kunna að velta því fyrir sér hvers vegna merkin frá fíngerða heiminum eru svona undarleg og hvers vegna þau krefjast íhugunar og túlkunar. Ástæðan fyrir þessu er lögmál Karma. Einmitt íhugun og vangaveltur örva sjálfstjórn og því léttu þær og jafnvel skapa ekki Karma. Þar af leiðandi, því meiri athygli og útsjónarsemi, þeim mun auðveldara er að túlka gefin ták. Háleitar verur vilja gefa vísbendingar um margt, en andleg truflun fólks kemur í veg fyrir að þessi dýrmætu ráð komist til þeirra. Ekki aðeins í sendingum frá fíngerða heiminum heldur einnig í tilveru jarðar hafa dæmisögur verið teknar upp sem óbein vísbending. En sagan bendir á mörg dæmi þess að brýnustu ráðin hafi ekki verið nýtt. Ekki að ástæðulausu þroskaðist athyglin fremur til forna; það fól meira að segja í sér rannsókn á athyglinni sjálfri. En nú á dögum skilja ekki margir mikilvægi árvekni; fyrir aðra er þörf á skarpri leiðsögn og endurteknu leiðbeiningunum, sem geta ekki annað en haft áhrif á Karma. En aðeins eldhjörtu mun skilja hulda

merkingu fíngerðra merkjanna. Látum samstarfsmenn átta sig á því að hvert tákni hefur sinn áfangastað. Svo margar háleitir verur senda leiðbeiningar og vona að þær verði skiljanlegar. Það hafa verið tímabil þegar næmur skilningur var styrktur og skerptur en aftur þéttist blóðug þokan að nýju og fágúð skynjun varð gróf. Einnig nú hafa margar tilraunir frá bestu sviðum fíngerða heimsins verið að engu gerðar af myrku öflunum.

Eldheimar II

214. Það er nauðsynlegt að læra að óska ekki skýringar þegar Ég tala í táknum. Ef þörf væri á tungumáli táknsins þýðir það að einmitt núna væri venjulegur samskiptamáti gagnslaus.

Því segi Ég — Skráðu táknið og geymdu það í minninu til þeirrar stundar þegar þú þarft þess. Sömuleiðis, fylgstu með vísbendingunni til ákveðinna landa, sem þýðir að athygli Okkar hefur verið beint þangað. Slíkir leiðarvísar eru til hjálpar á leiðinni. Þannig er hræðilegur tími fyllur með gagnlegum eldum, en karma verður ekki ofurliði borið. Það er ekki gott þegar leiðbeinandinn þarf að þrýsta á karma lærisveinsins. Maður verður að vaxa til að elska tímamót sem neista út úr hjartanu þegar atburðir nálgast.

Eldheimar II

290. Í sannleika sagt var Egyptaland afreksmikið fram á daga Salómons. Og Búdda, í vissum skilningi, fékk kaleikinn frá Egyptalandi. Þannig hafa undirstöður viskunnar verið mótaðar í samræmi. Vissulega höfðu Vedurnar líka tengsl við fyrrverandi kynþætti. Oft vaxa sáttmálarnir í þróunarferli, en stundum vegna dýptar Karma gengur ferlið til baka. En einnig hefur verið framgangur, og birtist í augljósu jafnvægi meðal fólks. Afneitun arfleifðar er fáfræði. Raunveruleg lífsgæði, raunveruleg skilningur á leiðinni, hefur byggst á áframhaldandi ferli, sem framlenging inn í óendanleikann. Helgiveldið sjálft verður að skilja sem för inn í óendanleikann. Mjög oft er Helgiveldi túlkað sem endanlegt og af því skapast allar takmarkanir og vanvirðing. Mikilfengleiki Helgiveldis gengur áfram inn í óendanleikann.

Eldheimar II

297. Oft spyr fólk hvernig á að bregðast við vilja þeirra sem eru farnir. Oft fara slík umboð ekki saman við sannfæringu eftirlifenda. Að undanskildum arfi getur verið lagt til að framkvæma allt annað. Maður ætti ekki að taka á sig karma annars, því heldur sem óskir þeirra látnu halda áfram í þá átt sem þeir gengu. Það er sannarlega mjög erfitt að breyta sannfæringu sem heldur

áfram inn í fíngerða heiminn. Þess vegna er uppfylling testamenta mjög gagnleg fyrir samræmi strauma.

Eldheimar II

301. Upplýsingar himinhnattanna verður að skilja mjög ítarlega. Maður getur haft bestu samsetningar en samt ekki beitt þeim. En einnig getur maður forðast það hættulegasta með því að gefa gaum að merkjum og beina ákafri viðleitni að Helgiveldi. Af þessum upplýsingum er hægt að draga gagnlega visku sem getur létt **karma**.

Eldheimar II

313. Einu sinni var fræðari boðaður til konungs til ráðlegginga. Fræðarinn horfði fast á konung og byrjaði að tala um fegurð kórónunnar, um ljóma lita steinanna, um hið háa tákn sem er í gullhringnum og líkti því við aðdráttarafi seguls. Til undrunar fyrir lærisveinanna sem fylgdu honum og ánægju konungs takmarkaðist samræðan um mikilvægi kórónunnar. Á eftir spurðu lærisveinarnir fræðarann hvers vegna hann hefði ekki rætt um alheimsgildin við konung. Fræðarinn svaraði – skilningur á vitundarstigi verður að vera mælistikan. Hefði ég talað um alheimsgildin hefði konungi í besta falli leiðst og í versta falli fallið í djúpstæða örvæntingu. Hvorutveggja hefði verið skaðlegt. En það má geta þess að fyrir konunginn var kóróna hans dýrmætur fjársjóður, þess vegna var gagnlegt að upphefja hann og minna hann á mikilvægi krúnunnar í heiminum. Hafið ávallt í huga það besta sem hlustandi þinn á. Jafnvel þótt þetta sé venjulegur hlutur, þá er engu að síður nauðsynlegt að finna fyllstu þýðingu þess. Aðeins þannig ertu aðlaðandi og getur opnað leiðina til framtíðar. Vanhæfur og jafnvel glæpamaður er leiðbeinandinn sem talar ekki í samræmi við meðvitund hlustanda síns. Við skulum muna þessa dæmisögu sérstaklega þegar við reynum að tala um eldheiminn. Sérhver ærumeiðing á hærri gildum skapar þungt **karma**.

Eldheimar II

321. Sú staðbundna fordæming sem á sér stað sem endurkast við röngum athöfnum var einu sinni kölluð „Zephiroth Herim“. Fólkið sem gaf þessa skilgreiningu vissi um tengslin milli eldsins og tilveru okkar. Það skildi að fyrir utan lögmálið um **karma** snertir hver athöfn eldþáttinn. Hann getur truflað allan uppbyggingarspíral og valdið strax endurhöggi. Þess vegna hefur hefndarkenningin einnig, utan siðferðilegra ástæðna, algerlega efnafræðilegan grundvöll.

Eldheimar II

342. Maður getur í raun og veru séð að margt gagnlegt kemur frá fólki sem er ekki að öllu leyti gott. Það eru margar ástæður fyrir þessu. Í fyrsta lagi karma; þá aðstoð Helgiveldis, sem nýtir alla möguleika til að skapa hagstæðar aðstæður. Þess vegna vísa Ég til fólks, eins og tilviljunarkennt, og það þarf ekki að koma óvart að það er ekki slíkt fólk í sjálfu sem hefur þýðingu. Heldur að það getur skapað það sem þegar var tilbúið að senda fyrir öldum síðan.

Eldheimar II

348. Sá sem sáir mun uppskera. Ekkert getur breytt lögmáli réttlætis. Það er hægt að beita því í ójarðneskum þáttum, en sáningin verður að eiga sér stað hér í samræmi við styrk vitundarinnar. Það er ömurlegt að jafnvel fólk sem þekkir til karma skapar engu að síður stöðugan skaða fyrir sjálf sig. Þetta fólk, þó að það sé meðvitað um hærra heimana, beitir engu að síður jarðneskum ráðstöfunum á allt; á tíma, skynjun og ásetning. Þess vegna er oft svo erfitt að létta karma eins mikið og ella væri hægt. Fólk virðist andmæla öllu því góða fyrir sig.

Eldheimar II

363. Hugmyndina um tafarlausa umbun er einnig að vænta af fáfræði. Hvar eru þá tími og stundir eilífðarinnar sem hægt er að mæla hluta logans? Það getur ekki verið nein andleg viðleitni þar sem krafa um umbun er augljós. Hver getur hindrað hreyfingu Karma? Flæði Karma verður að skilja sem nálgun þess nauðsynlega og mögulega.

Eldheimar II

368. Þegar Ég segi – Varist! – þýðir það að þú verður að efla alla árvekni andans. Það er óskynsamlegt að viðleitnin sé aðeins í eina átt; með því takmarkar maður sig aðeins. Bardaginn krefst árvekni í öllu. Fornir stríðsmenn sögðu við óvininn: „Ef þú drepur mig, þá er það verra fyrir þig. Á hinnum er vígvöllurinn hagstæðari fyrir mig og þar mun ég hefna mín. Þannig tjáðu formenn eilífð lífsins og Karma á sinn hátt.

Eldheimar II

395. Karma er virkni – það er ekki hægt að skilgreina hana á annan hátt. Sumir halda að hægt sé að skilgreina Karma sem áhrif, en það myndi lýta út eins og refsíathafnir og myndi þannig gera lítið úr lögmálinu. Sá sem gengur á réttri leið mun ná markmiði sínu. Hvert frávik mun leiða frá beinni braut og fólk mun byrja að tala um þungt karma.

Sannarlega, þegar ferðamaður reikar inn í þykkni, er honum skylt að yfirstíga margar hindranir til að halda upprunalegu áætlun sinni. Karma er afrakstur athafna og er í sjálfu sér athöfn. Slík hugleiðsla er gagnleg á leiðinni til eldheims.

Eldheimar II

399. Ef eldhjartanu finnst að einhvers staðar sé verið að skaða, þá er það ekki í villu. Skaðvaldurinn skaðar fyrst og fremst sjálfan sig. Nóg hefur verið sagt um Karma. Maður verður að fylgjast með því hvernig persónulegur skaði breytist í staðbundin illvilja.

Eldheimar III

Eldheimar III

23. Heimurinn sækist eftir fullkomnun krúnunnar. Margar eru leiðir leitarinnar. Næst fullkomnuninni er leið fegurðarinnar. Trúarbrögð hafa veitt viðleitni að Nirvana, en það er afbakað af villandi hugtökum. Mörg leitin var afvegaleidd vegna misskilnings á hugtökum um Karma og endurfæðingu. Sá sem leitaði fullkomunnar hefði getað með fegurðinni fundið öflugt lögmál tilverunnar. Samt ef maður ætti að taka allar brenglaðar birtingarmyndir lífsins og bera þau saman við fegurðina, þá myndi maður finna lögmál fullkomunnarinnar. Ef við tökum ójafnvægi allra meginreglna sem innleiddar eru í lífið og stillum þeim upp við fegurðina, þá munum við komast að lögmálum tilverunnar. Þegar við fylgjumst með lífi plánetunnar með öllum fordómum sínum, sjáum við að við verðum óhjákvæmilega að komast að krúnusigrinum í gegnum fegurðina. Maður ætti að venjast því að átta sig á hinni sigursælu krúnu. Slík hugsun mun færa mann til eldheims.

Eldheimar III

47. Hversu háleitt er orsakalögmálið! Í því er svarið við hverri spurningu. Hugur mannsins er ringlaður af vandamálum ógæfu, en orsakalögmálið leiðir mann að lögmáli Karma. Maðurinn er æstur yfir hörmungum, en orsakalögmálið bendir honum á uppruna þeirra. Maðurinn er ráðvilltur yfir undarlegum jafnvægistrufnunum en kosmískt lögmál vekur hærra réttlæti. Sá sem er í samræmi við orsakalögmálið í anda sínum, er þegar bandamaður sannleikans. Ef skóli og kirkja myndu boða lögmálið um orsakasamhengi, þá væri vitundin á hærra stigi, það sem er aðskilið frá undirstöðum tilverunnar getur ekki þroskast. Það er rétt að fullyrða að meginorsök getur ekki verið til, án hins eina Elds tilverunnar; og kosmísk mótun heldur áfram með sama

hætti og sameinar það sem með réttu tilheyrir saman. Þannig er allt sameinað í alheiminum. Orsakalögmálið verður að samþykkja í öllu sínu veldi.

Eldheimar III

56. Engin framþróun er möguleg, engin framkvæmd er möguleg, án mestu krafta Helgiveldi þegar samstarfsmenn eru undir persónulegum tilfinningum. Samstarfsmenn verða að muna eftir fyrsta lögmálinu, sem staðfestir fyrsta skrefið–burtnám persónulegra hefndartilfinninga, því að hefndartilfinningin er öflug birting samviskulausrar sjálfhverfu. Vegna persónulegrar hefndar getur samstarfsmaður misst það sem er mest virði. Þegar samstarfsmaður gleymir sökum sjálfshyggju að andinn má ekki gleyma þjónustunni, getur skaðinn orðið óafmáanlegur. Frumstæði maðurinn lifði og trúði á hefnd, en vitundin hefur vaxið og maðurinn getur ekki lengur búið við svona dimm hugtök. Sá sem þekkir merkingu Karma getur skilið að maður hefnir aðeins sjálfum sér. Samstarfsmaður verður ekki til af sjálfselsku og að brjóta á hjarta samferðamanns síns. Og farsæll samstarfsmaður má ekki þvinga á virðingu, heldur verður að verðskulda hana. Konungur andans verður fyrst og fremst að opinbera sig í hinum litla hring lífsins. Víddinn vex innan frá og andinn getur skreytt sig öllum kórónum manlegrar dýrðar og samt verið betlari. Það skulu þeir muna sem eru veikir af sjálfshyggju og sjálfsáliti. Á leiðinni til eldheimsins passa þessar keðjur ekki.

Eldheimar III

63. Sannlega, kemur guðdómlegur kraftur að mestu niður á jörðina og er guðdómlega beint upp af mannlegum anda. Þetta guðdómlega samfélag er birtingarmynd sameiningu heimanna, sameiningu anda, sameiningu Karma. Hægt er að greina mörg samfélög á jarðneska sviðinu. Margir guðlegir neistar hafa dreifst, en guðdómlegt samfélag er eilíft. Uppspretta eilífrar samveru er andi og athafnir, bundnar af kröftugum kosmískum lögmálum.

Eldheimar III

70. Vitund sem beint er í gegnum andlegan innblástur er dásamleg spegilmynd hærri krafta. Hlustun hjartans er dásamlegt ómun. Andi sem er sannur samstarfsmaður og hjálpar kosmísku öflunum er heilög uppspretta. Það eru margar rásir sem geta endurómað aðeins á einum streng. Við sjáum hvernig einhliða hugsun tekur aðeins við þeim straumum sem eru í samræmi við eðli rásarinnar. Við sjáum hvernig óhreinar rásir valda ýmsum sýkingum. Við sjáum hvernig bækur og skrif fólks fyllast af sjálfsblekkingu þeirra. Við sjáum hvernig það staðfestir kosmískan rétt sem sinn eigin. Við sjáum

undanskotin og árásirnar á eldlegan réttinn. Með fræðslu og töflum hins hreina anda eru einnig í geimnum hringiður eyðingar. Við hlið eldhjartanna sjáum Við hjörð sjálfblekkingar, en vegna kosmíska lögmálsins er ómögulegt að stýra hönd Karma. Hver lítil vitund gengst fyrst og fremst undir konunglegan anda. Það er sorglegt að horfa á jarðnesku skrárnar. Hvert logandi hjarta leitast við að hreinsa skrárnar. Það skulum við muna leiðina til eldheimsins.

Eldheimar III

74. Meðal fylgjenda fræðslunnar verður að taka sérstaklega eftir anda sem taka sjálfviljugir að sér ábyrgðarverkefni. Hversu miklu ábyrgara er það að bera samræmið, í samanburði við sérhæfingu!

Leiðbeinandinn þekkir alla gleði, allt samræmið, en á sama tíma þekkir hann byrði allra birtra og óbirtra elda. Þessi arfur aldanna er felldur í „kaleikinn“ sem eldsviður; þess vegna bera þeir sem bera eld samræmisins byrði aldanna. Sérfræðingur, sem hefur stöðugan farveg fyrir útrás orku sinnar, er sjaldan íþyngt, en sá sem ber eld samræmis, er umrót orkuhafsins. Karma hans sem ber samræmið er svo fagurt, en byrðin er mikil. Hver arfleifð, jafnvel þótt hún sé óbirt, lifir og slær í andanum. Tilfinning um óánægju og viðleitni til fullkomnunar einkennir þá er bera byrðar samræmi. Þrátt fyrir að sérhæfingarleiðin sé út á við erfið, þá fer leiðin sem ber samræmið ofar öllum leiðum sérfræðingsins. Hversu margar leitir og óeigingjarnan árangur afhjúpar maður samræmis í hversdagslífinu! Sannlega er hvert þroskaskref á vegi burðarmanns samræmisins árangur andans. Á leiðinni til eldheimsins er nauðsynlegt að greina árangur hins eldlega samræmisbera. Það skulum við muna.

Eldheimar III

76. Eyðilegging margra landa er mjög harðnandi; samhliða jarðneskum átökum fylgja mikil átök í hærri heimunum. Allir sem þekkja mikilvægi Karma þjóða geta áttað sig á því sem er að gerast. Það er nauðsynlegt að ígrunda þá atburði sem skekja heiminn. Auðvelt er að sjá að dökku skýin þekja margan sjóndeildarhringinn. Atburðir í hverri röð benda til þeirrar framtíðar sem kemur í stað samtímans. Kosmískt segulmagn er að hreinsa og safna saman nýjum öflum. Skuggar myrkurs svífa yfir löndum sem missa stöðu sína. Þar sem jafnvægi er ekki komið á innan skamms tíma safnast ský sem munu ráða örlögum myrku landanna og leiðtogum þeirra. Þjóðarkarma eykst í vestri og austri. Úr norðri kemur nýtt ljós. Suðrið skelfur

af neðanjarðareldum. Þannig er Karma þjóðanna leyst. Á leiðinni til eldheimsins skulum við muna að þjóðkarma er leyst með öflugum atburðum.

Eldheimar III

82. Leiðarstjarnan er Karma, staðfest með athöfnum margra lífa. Hver ferðalangur veit hversu erfitt það er að synda yfir haf og stökkva yfir hyldýpi. Leiðarstjarnan verður þessi skúta sem flytur frá einni fjöru til annarrar innan um ofsafengin frumöflin. Maður getur rannsakað hvernig leiðarstjarnan leiðir og hvar er sú fjara er, sem tekur á móti ferðalangnum. Augljós þægindi eru ekki báturinn; innan um hvirfilvinda lífsins geta þægindi ekki enst, því að leiðarstjarnan tekur við öllum grunni Karma. Karmískar undirstöður lífsins verða staðfestar á órjúfanlegum meginreglum og öll skapandi uppsöfnun mun birta mettaða strauma þeirra. Leiðarstjarnan kviknar við hverja geislun sem birtist með lífi. Leiðarstjarnan inniheldur geislun fræ andans í sjálfu sér. Leiðarstjarnan lifir á hverju augnabliki; í henni er endurspeglun allra lífsorku. Andi mannsins endurspeglar í sjálfu sér sína eigin leiðarstjörnu. Á leiðinni til eldheimsins skulum við muna leiðina sem birtist af krafti ljóssins. Þannig skulum við minnst leiðarstjörnunnar.

Eldheimar III

86. Eldskírnr hvetur andann inn á sviðin sem samræmist kröfum hans. Ganga manns í gegnum logandi umbreytingu gefur honum alla möguleika til að ná hærri sviðum. Þar sem allt magnast af eldfrumefni, verður maður að vera tilbúinn að tileinka sér hærri eldinn. Þannig ættu menn að taka hátíðlega öll skref eldskírnnarinnar. Hvert skref mun leiða í ljós opnun að nýju herra sviði. Karma fólks getur einnig leitt það í gegnum eldlega umbreytingu, að fyrirboðuðum framgangi. Öllum sem fylgja Drottni er þrýst inn á þessa miklu braut. Auðvitað, þegar tími átaka hins jarðneska og hærri heims nálgast, munu sveitir beggja aðila sameinast í logandi spennu. Jarðnesku kraftarnir og þeir hærri eru neistar sama eldsins. Þannig finnur hver athöfn sem beinist til góðs eldleg not sína í fíngerða heiminum. Það er oft hægt að útskýra jafnvægið nákvæmlega, sem sameiningu heimanna tveggja. Mitt í jarðneskum eyðileggingar getur maður sætt sig við kraft fíngerða heimsins sem akkeri hjálpræðis sem Helgiveldi hins góða sendir. Við skulum sýna skilning á eldskírnninni á leiðinni til eldheimsins.

Eldheimar III

91. Áráði er árangur fegurðarinnar sem kórónar þjónustu. Kórónan er opinberun kosmíks sambands. Hægt er að staðfesta kosmískra nálgun sem

samtengingu hærri afla. Mikil kóróna er mótuð fyrir enni sem hefur mótast í árbúsundir af fórnfýsi. Afrekskrúnan mótast af hjartanu og vængjaður andinn skapar sitt eigið uppstigandi Karma. Með erfiðleikum síast neistar sköpunargáfunnar í gegn á braut Karma; og enn minna eru skilin sannindi karmískra athafna. Réttur skilningur á karma kemur ekki að utan. Karma er í hverri frumu og andinn ber sína eigin náð og sína eigin brynju.

Sólríkt karma inniheldur öll logandi afrek. Sköpunarafl slíks sólríks hjarta hefur í sjálfu sér alla kvöl og átök andans. En sólríkt hjarta gerir sér grein fyrir því að það er undirgefið straumnum í kosmískri vitund. Kóróna sólríks hjarta er sannarlega logandi árangur.

Eldheimar III

99. Karma er í öllum athöfnum, í öllum heimum. Á sama hátt og hægt er að flýta fyrir karma, getur það einnig lengst. Dýpkun Karma endurspeglar ekki aðeins í næsta lífi. Öll millisvið hafa einnig áhrif á versnandi Karma. Fíngerði heimurinn er náð í tengslum við hið jarðneska og það er nauðsynlegt að efla hugsun í þessa átt. Sá sem skilur merkingu á tengingum heimanna tveggja, mun fara varlega í athöfnum sínar á jörðinni. Umhyggja gagnvart öllum kröftum hjálpar viðleitni andans. Aðal hindrun er að skilja ekki sannindi staðbundna lífsins; að allt sé breytt, allt er friðþægt. Með réttu hefur verið bent á lögmál karma; reyndar um lögmál Karma inn í óendanleikann. Einmitt, þráin nær til óendanleikans; og það gera líka möguleikar. Á leiðinni til eldheimsins skulum við staðfesta meðvitað samband við lögmál karma.

Eldheimar III

102. Greining fólks eftir áru og gagnkvæmu aðdráttarafli er vísindalegur sannleikur, en fyrir vísindarannsóknir er nauðsynlegt að beita fíngerðri aðgreiningu. Þar sem vitund hjartans er glóandi verður aðgreining. Þar sem vitund hjartans er óvirk, svo verður einnig eldorkan óvirk. Það er nauðsynlegt að skynja hvernig þeir sem safnast hringum eldhjarta, hafa dregist að því vegna viðleitni til eldlegrar þjónustu. Segulafi hjartans virkar sem lögmál; það verður líka að muna að hvert hjartalíf laðar til sín þá sem sýna skyldleika í andanum. Líf sem þannig er hafið er framlengt á hærri sviðum. Þannig er auðvelt að útskýra hverja karmíska birtingarmynd. Menn velta sér ekki mikið upp úr þessu lögmáli; og heimurinn þjáist ekki eins af neinum hörmungum, eins og vegna brots á þessum mikla lögmáli með ágangi mannlegra mistaka. Ágangur á þessa samræmingu kemur alltaf fram í truflun á karmískum áhrifum. Mörg óskýranleg ógæfan hefur verið framkölluð með brotum á Karma. Í sögunni er hægt að rekja hvernig konungar hafa verið sviptir

trúföstudu þjónum sínum, hvernig hershöfðingjar hafa misst hermenn sína og andlegir leiðbeinendur hafa leitt lærisveina sína með óttalegum ágangi á karmað. Hugleiðum á eldrautinni ósnertanleika Karma til framgangs.

Eldheimar III

103. Umbreyting orkustöðva eflir sköpunarorkuna sem er nauðsynleg til að komast inn í fíngerða heiminn. Hver andleg viðleitni dregur til sín þætti fíngerðrar orkunnar meðan á ferðinni í fíngerða heiminum stendur. Þess vegna er mikilvægt að sækjast inn á hærri sviðin. Uppljómun andans og gleði hjartans skilar þeim orku sem nærir fíngerða líkamann. Reyndar veitir aðeins sú tilfinning sem er gegnsýrð af hærri hvötum nauðsynlega orku. Það verður að skilja að skaðlegar og grófar jarðneskar þrjár skapa ljót sár, sem andinn verður að lækna í fíngerða líkamanum. Sár andans flytjast inn í fíngerða heiminn ef þeim er ekki eytt á jörðunni. Frelsun úr efnislega farartækinu þýðir ekki frelsun frá andlegum sárum. Þegar andinn, sem stendur frammi fyrir því að hverfa frá jörðinni, áttar sig á því hvernig hann hefur notað krafta sína, þá getur vitundin friðþægt mikið; en vitundina verður að knýja til umhugsunar um hærri heimana. Jafnvel mesta glæpamanninum er hægt að beina að skilningi á byrði Karma, en til þess er nauðsynlegt að breyta félagslegum aðstæðum. Þannig, á leiðinni til eldheimsins ætti maður að venjast hugsuninni um umbreytingu orkustöðvanna, því frelsun frá líkamanum er ekki frelsun frá andlegum sárum.

Eldheimar III

104. Kraftar sem nýttir eru í þjónustu ljóssins hafa ekki áhrif á Karma, eins og sumir sem ekki skilja Karma halda. Ljósöflin fylgjast með athöfnum manna, gefa leiðsögn en ráðast ekki inn í líf þeirra. Mörg dæmi eru um þetta. Sendiboðar birtast, viðvaranir eru sendar, stefnan er gefin og vísað veginn; en valið ræðst af mannlegum vilja. Þannig er birtingarmynd samstarfs milli heimanna tveggja. Einmitt eigin athöfn andans getur leitt til betra karma. Þannig er hægt að útskýra hvers vegna ljósöflin stöðva ekki andann í ákveðnum aðgerðum sem brjóta oft gegn því sem hefur verið skipað. Oft er fólk í vandræðum með að skilja hvers vegna aðrar leiðir eru ekki tilgreindar. Sömuleiðis veltir fólk fyrir sér hvers vegna sendingarnar koma eftir ýmsum leiðum? Það velta því fyrir sér hvers vegna ljósöflin forða þeim ekki frá mismunandi straumum. Við skulum segja: „Ljósöflin snerta aldrei karma manna. Það lögmál verður að muna á leiðinni til eldheims.

Eldheimar III

106. Að hafa Drottinn staðfastan í hjarta sínu er fyrsta skilyrðið á leiðinni til eldheimsins. Það er ómögulegt að komast að vígðu hliðunum án þessarar eldheitu kröfu. Auðvitað verður að viðurkenna leiðsögn í anda og hjarta, því að samþykkja hönd Drottins er eitt og sér ófullnægjandi, án þess að tileinka hjarta sitt Drottni. Maður verður að skilja lögmálið sem sameinar fræðarann við lærisveininn, því án fullkominnar tengingu við Drottin getur ekkert samband verið. Full viðurkenning á leiðsögn þýðir meðvitað samband, því verður maður að skilja og finna í hjartanu hlýjuna sem rís úr djúpi andans. Það er sérstaklega nauðsynlegt að finna fyrir og læra að greina hvaða þáttur Drottins tengist lærisveininum. Þannig verður maður að muna að titringur og Karma eru eins og tengingar á leiðinni að eldheiminum.

Eldheimar III

107. Nokkrir þættir lyfta andanum. Ást og viðleitni eru sterkustu vogaröflin. Kærleikur til Helgiveldis og viðleitni til þjónustu veita hvatann til hærri mettunnar. Þessar öflugur vogaröfl beina andanum til fullkomnunar, ekki aðeins á jörðinni heldur einnig í fíngerða heiminum. Jafnvel þó að það væri einhvern veginn hægt að losna á jörðinni frá ákveðnum birtingarmyndum, leyfa hærri sviðin andanum ekki svo auðveldlega að breyta um svið. Hærri sviðin dregur andann inn í hvirfla sína. Þessir hvirflar geta verið kallaðir hreinsunarvindar. Í samræmi við viðleitni eða holdlega þrár, fellur andinn inn í þessa hvirfa og getur farið inn á önnur svið aðeins með friðþægingu og ummyndun orku þess. Það er nauðsynlegt að skilja aðstæður í fíngerða heiminum. Ef mannkynið myndi íhuga þetta órjúfanlega samband við fíngerða heiminn þá myndi hugtakið Karma verða ljóst. Það er engin athöfn, engin hugsun, ekkert skref sem hvetur ekki andann inn í ákveðinn hvirfill. Eldandinn birtist sem friðhelgur hlekkur milli heimanna, því þannig eru allar leiðir opinberaðar.

Eldheimar III

108. Að forðast að kafa ofan í núverandi samband milli eldheimsins og hins jarðneska sviptir lífið merkingu þess. Hver jarðnesk birtingarmynd verður marklaus. Að kafa inn í eldheiminn er ómissandi til að skilja í lífinu þá staðreynd, að eining tveggja heima beinir hugsuninni inn á hina kosmísku leið. Aðeins sameining hveirrar jarðvistar við framhald hennar inn í eldheiminn staðfestir mikilvægi allra jarðneskra ferla. Það er erfitt að ímynda sér hversu erfitt það er að stýra hugsunum, ef þetta lögmál er ekki skilið eða hefur brenglast með mismunandi túlkunum. Hversu miklu skýrara getur andinn áttað sig á ferli lífs og dauða þegar hugtök hærri heims lifir í vitund

manns! Þannig hafa sviftivindar fíngerðrar spennu sviðanna áhrif á andann við uppstigningu og endurkomu. Tengsl andans við Karma koma örugglega fram í báðum heimum. Skilningur á þessu sambandi bendir á fegurðina sem kosmosinn staðfestir. Greining á þessum jarðnesku hvötum mun í framtíðinni veita skilyrði fyrir fíngerða tilveru og er því svo mikilvæg! Því það er ómögulegt að bera eilífðina saman við hið skammvinna né það skammvinna við eilífðina. Þannig lærir andinn, lifandi í efnisheiminum, að meta hið tímabundna; en eilífðin hefur verið boðuð í alheiminum!

Eldheimar III

151. Kosmískur titringur beinir orku í athöfn. Ef maðurinn myndi venja sig við að hlýða kosmískum titringi myndi hann uppgötva margar staðbundnar birtingarmyndir. Kosmísk hringiða, sem knýr orku gegnum öflugan takt, má líkja við sterkan segulkraft sem skapar með ýmsum athöfnum. Orka sem safnast í mettaðri hringiðu er dreift í samræmi við aðdráttarskautin. Umfang þessa lögmál aðdráttarafls í verkum mannsins í öllum heimum er ómælt. Rétt eins og maðurinn laðast að skyldum á jörðinni, laðast hann í andlega heiminum að hringiðu eigin gjörða. Það er erfitt að losna úr kosmískri hringiðu, þess vegna er nauðsynlegt að beina vitund mannsins að óbreytanlegu lögmálunum. Að ná tökum á Karma og lögmálum lífsins krefst rétt skilnings á kosmísku hringiðunni. Geimurinn samanstandur af þessum titringi sem hreyfist að eilífu í hringiðu.

Eldheimar III

211. Einmitt eins og Ur. hefur sagt – uppfylling eigin skyldu. Einmitt dreifing verkefna í alheiminum er grunnurinn og Helgiveldiskeðjan viðheldur jafnvæginu. Í kosmosinum er ein mikil athöfn sem viðurkennir sameinað Karma, en eins og því er haldið leyndu í kosmosinum, þá er samhæfing Karma lausn hærri afla. Eldleg vitund og hjarta geta sameinast og borið þá byrði heimsins og þetta mun vera helgað fyrir nýja uppbyggingu sem hefur verið boðuð í alheiminum. Birting kosmíska segulsviðsins verður að vera mettuð af sköpunarmætti anda og hjarta. Þannig er staðfest sameiginlegt Karma. Þetta verður að skilja sem æðra tákni. En þegar herra lögmáli er beitt við daglegar aðstæður, þá er það í andstöðu við kosmíska boðun. Þess vegna skulum við á leiðinni að eldheiminum vera gegnsýrð á þýðingu hærri sameiningu Karma.

Eldheimar III

230. Lögmál jafnvægis í heiminum stjórna jörðinni. Í kosmískum lögmálum fellst einnig Karmalögmálið, því að jafnvægislögmálið inniheldur allar aðrar birtingarmyndir lífsins. Jafnvægi kemur í ljós sem skapandi aðgerð hverrar birtingar. Rétt eins og chiaroscuro, mörk ljóss og myrkurs, skapa og móta athöfn, þannig er jafnvægislögmálið staðfest í samræmi við þróun viljans. Kosmísk vog vegur að sama skapi vöxt karma þjóða. Karma mannsins er vegið af frjálsum vilja hans. Þess vegna er svo mikilvægt að staðfesta skilning á viðleitni til fullkomnunar, því löngun sem varpað er út í geiminn getur alltaf laðað að sér það sem óskað er og af eiginleikum óskarinnar er jafnvægi ákvarðað. Þannig skulum við óska þess sem hægt er að uppfylla – óskir um þann kraft sem hægt er að beita í lífinu. Jafnvægi getur aðeins náðst þegar hinn frjálsi vilji velur braut almenns góðsvilja.

Eldheimar III

242. Á kosmískum vogarskálum er vegin örlög þjóða. Þeir sem ganga með kosmíska segulsviðnu munu standa fyrir ljósi framtíðarinnar, en þeir sem fara á móti öllum upplýstu upphafi munu átta sig á fullri þyngd Karma. Vissulega mettar orrustan milli ljóss og myrkurs allt rými. Það er verið að vega svo margar birtingarmyndir á kosmískri vogarskál! Hver stund færir nýja geimbylgju og á kosmíska kvarðanum eru nýjar sveiflur staðfestar á stundarfresti. Rýmið ómar af nýjum aðstæðum sem leiða til eldheimsins. Í kosmískri spennu er verið að skapa ný eldheit skilyrði. Á leiðinni til eldheimsins skulum við skynja lögmál kosmíska segulsviðið í hverri aðgerð og hverri þrá.

Eldheimar III

244. Frjáls vilji hvetur til sameiningu þátta sem skapa keðju athafna. Það er svo mikilvægt að skapa straum aukinna athafna og meðvitaðrar stefnu, því að í þessari sameiningu innri hvata við ytri orku eru faldar allra athafnir sem eru skapaðar sem Karma. Í meðvitaðri, spennuþrunginni viðleitni viljans er hægt að laða að kosmísku kraftanna sem eru ómissandi fyrir uppbyggingu hins góða. Þess vegna skapar vitundin sem er sameinuð hærri vilja þennan volduga kraft sem getur staðist alla spennu myrkursins. Greining góðs og ills er nú þegar loforð um að þekkja hina sönnu leið. Umbreyting andans er af viðleitni til breytingar og með sameiningu viljans við ljósið. Á leiðinni að eldheiminum skulum við leitast við að tengja vilja okkar við æðra ljósið.

Eldheimar III

268. Fohat, sem raunverulegur allt umfaðmandi eldur, er varla skilin. Jafn lítið og rannsóknarstofa alheimsins. Hinni miklu inn- og útöndun kosmosins verður að beita á allar birtingarmyndir. Reyndar er lítt hugleitt hvernig kraftar ganga fram, umbreytast og koma aftur inn í fjársjóð kosmosins. Hlutverk mannkyns felst því ekki einungis í því að fá að láni; það verður að fela í sér ferli sem skilar þeim kröftum sem það hefur mettast af samneyti við kosmíska eldinn. Með því að meðtaka þetta samband sem sannleik er hægt að leiða í ljós hvers vegna í raun og veru, er svo mikill munur á gjöf og endurgjaldi. Þessi munur vegur á kosmískum mælikvarða karma mannkynsins. Hinir fáfróðu eru undrandi yfir því að fíngerði heimurinn geti verið óreiðukenndur; en maður ætti að hugleiða hvernig neistar Fohats hafa ekki frjóvgast, og hversu margir kraftar eru annaðhvort ónýttir eða afbakaðir. Á leiðinni að eldheiminum verður maður að kafa djúpt til skilnings á ringulreiðinni í vitund mannkynsins.

Eldheimar III

278. Að halda að heimurinn geti haldið áfram í hamingjusömu ástandi jafngildir því að hægt sé að framlengja tilveruna án endurnýjunar andans. Reyndar, aðeins óljós upplausn getur sagt að upplausn sé ekki til. En ljósaöflin, sem standa vörð um þróunina, staðfesta einmitt hættuna á eyðingu. Stefna karma heimsins kemur í ljós í öllum atburðum. Á leiðinni til eldheimsins verður vitundin að vera mettuð af brennandi skilningi á hreinsun í gegnum leið andlegrar endurnýjunar.

Eldheimar III

307. Ástand andans þegar farið er yfir í fíngerða heiminn er háð ástandi vitundarinnar. Ef andinn dregur sig út úr lífinu með fíngerðustu viðleitni, er hann ófær um að samræma titring sinn og er því um tíma innan jarðneskra marka. En dvölin í jarðnesku ástandi leggur ekki aðeins byrði á andann, heldur gerir átökin milli líkamlegrar útgeislunar og blikka hærri segulsins dvöl andans í neðri lögum mjög íþyngjandi. Vonleysistilfinningin sem maðurinn skynjar svo skarpt vekur upp margra kvalafulla reynslu. Sannarlega verður vonleysi hlutskipti þess sem skortir fágaðrar vonir. Á jarðneska sviðinu getur maðurinn friðþægt fyrir karma sitt, en í fíngerða heiminum er maðurinn háður þrá sinni. Heimurinn er fullur af þeim sem hafa ekki útrýmt karma sínu á jarðneska sviðinu. Þannig þekkir hinn upphafni andi ekki þessar eldheitu kvalir. Fágun andans er lykillinn að hliðum eldheimsins.

Eldheimar III

310. Uppsöfnun landa er vegin á kosmísku voginni. Yfirgnæfð eyðingarafllanna er ótvírætt, en umbreyting anda og hreinsunar rýmis og mannkyns mun gefa ný örlög. Endurreisn plánetunnar mun snerta öll gildi, andleg og efnisleg. Hver orkustöð, sem sýnir karma sitt, mun skapa nýja spennu. Mannkynið gengur í gegnum eldhreinsun. Ný staðfesting mun koma í ljós á sjóndeildarhring plánetunnar. Í sannleika sagt mun eldheitur hreinsunareldur ná til allra endimarka heimsins. Á kosmískum mælikvarða, til heilla fyrir alheiminn, er að finna bæði sverðið og eldheita umbreytinguna. Þess vegna, til góðs fyrir plánetuna, nálgast eldheimurinn.

Eldheimar III

312. Síst af öllu skilur mannkynið órjúfanleika karma, en þetta kosmíska lögmál á við um hverja birtingarmynd. Í raun er maðurinn ekki aðeins mónad sem lýkur þróunarleið sinni; hann er hluti af Mónad alheimsins. Allir mónadar sem eru hluti af hinum eina Mónad alheimsins, bera ábyrgð á tilvist alls alheimsins. Tengsl mannsins og birtingarmynda alheimsins eru gagnkvæmt nærð og því er mikilvægt að viðurkenna hvernig einn valdhafi illsku seinkar öllum framförum. Atburðarásir gefur til kynna að hve miklu leyti sagan endurtekur sig. Undirrót þeirrar er birtingarmyndar sömu mónada. Reyndar bendir Karma hinnar miklu uppbyggingar á órjúfanlegra tengsla myrkrahöfðingjans og mannkyns. Fall öflugra undirstoða kemur óhjákvæmilega niður á mannkyninu. En upprisa andans getur þýtt endurreisn allra lífsbirtinga, jafnvel hins fallna engils. Á leiðinni til eldheimsins verður maður að velta fyrir sér órjúfanlegum leiðum mónada við leið alheimsins.

Eldheimar III

314. Ástand plánetunnar er svo skelfilegt að aðeins ákafar athafnir mun halda fólki frá villimennsku. Þeir sem taka við eldvöku kosmískra atburða geta aðeins verið á verði yfir þessari mettun óviðjafnanlegrar spennu. Til varnar mannkyninu er nauðsynlegt að glíma við birtingarmyndir ófullkomleika, hjartaleysis og ótta. Karma mannkynsins er mósaík af hræðilegustu friðþægingum. Aðeins eldvörður Helgiveldisins mun bjarga mannkyninu. Á leiðinni að eldheiminum skulum við setja saman öll bestu sverð andans.

Eldheimar III

315. Vitund sem er upplýst og skilur óbreytanleika árangurs, getur fagnað nýja heiminum. Slík vitund mun tileinka sér viðleitni í átt að átökum gegn myrkrinu og mun vita hvernig á að standa gegn öllum afkvæmum helvítis.

Segja má að margar veraldlegar yfirlýsingar séu frá því komnar. Því að sviðið sem umlykur mannkynið er mettað af athöfnum karma mannkynsins. Hugmyndin um árangur hjarta manns mun opinbera allar leiðir til þess. Hin eldheita barátta fyllir öll svið. Sköpunarmátturinn eflir fljótt nýja krafta. Á leiðinni að eldheiminum skulum við fylla andann vitund um árangur.

Eldheimar III

317. Menn verða líka að hugleiða gæði hins góða, því að þetta hugtak er mikið misnotað, þegar sérhver veikleiki og heimska er skilin sem af hinu góða. Með réttu hefur verið sagt að maður eigi að verja sannleikann og berjast gegn hinu illa. Hins góða er af athöfnum réttlætis og hjarta. Með herra réttlæti sýnir hin eldheita vitund sitt eigið aðdráttarafl í átt að sköpun betra karma. Aðdráttarafl hjartans er alltaf mettað af eldorku. Eiginleikar góðs verður að skilja í öllum hærri mælingum. Við skulum leitast við að bæta hugmyndina um eiginleika þess góða.

Eldheimar III

318. Núverandi ástand heimsins svarar til þess lagskipta seti sem mannkynið hefur safnar saman. Samsetning tímabila staðfestist í því sem eftir kemur; í þeim endurspeglast allar úthreinsanir Karma, og hver hringrás mun ganga nýtt skref. Varðandi hringrásir, skulum við hafa í huga tilfærslu kosmískra samsetninga. Sannarlega skulum við líta á friðþægingu sem eldlega uppbyggingu. Þessar hringrásir mótast af þremur orsökum – umbreytingu gamalla uppsöfnunar, hreinsun rýmis og mótun mikillar framtíðar. Umbreytingin er hafin. Og eins og skrímsli rísa upp af sjávarbotni, svo rís allt rusl upp úr dýpi þess lægsta. Í eldofni alheimsins er mikið brætt fyrir gagnlega uppbyggingu. Viðleitni til umbreytingar mun laða að sér hverja karmísku athöfn. Ástand plánetunnar skapar óumflýjanlegt karma, ofið af athöfnum mannkynsins. En á leiðinni til eldheimsins verður að hafa í huga að hreinsun geimsins mun færa mikla framtíð.

Eldheimar III

323. Skipan lífsins er orðin svo úr tengslum við kosmíska segulsviðið að öll mannanna verk hafa tilhneigingu til hörmulegra myndunar. Þróun aflanna hefur gengið braut sem leiðir til eyðinga. Þannig hafa milljónir myrkra sála holdgerst; sálir sem hafa misst tengslin við andann. Í margar aldir hefur fjöldi sálna stefnt að lífstíl frekar en tilveru; og lífinu hefur verið stýrt af þessum þrám. Hver athöfn endurspeglast í Karma heimsins og hjálpræði mannkyns getur aðeins komið frá innri skilningi. Fyrir þetta eitt, er nauðsynlegt að vekja

bestu orkuna, því kosmískt réttlæti birtist í því aðdráttarafli. Það er ekki hægt að komast undan Karma; það er engin umbreyting orku án spennu viljans. Á leiðinni til eldheimsins skulum við leitast við að gera okkur grein fyrir óbreytanleika karmalög málsins.

Eldheimar III

325. Hið sóllíka hjarta Helgivelðisins lýsir upp núverandi spennu hlutanna sem afleiðing kosmískrar enduruppbyggingar. Gruggug vitund mannkynsins þekkir ekki orsök þeirrar upplausnar sem á sér stað. Fólk talar um reiði Guðs, það tjáir ótta sinn þegar það stendur frammi fyrir flóðum ógæfu, en það talar ekki um höndina sem hefnir fyrir það sem hendur manna samansett. Kosmískt réttlæti færir ekki umbun heldur verðskuldaða athöfn. Þannig verður mannkynið að skilja það sem skapast af karma. Eldur geimsins geisa, fullir staðfestingu ljóss og myrkurs. Kosmíska vogin þekkir hærra réttlæti. Kosmísk boðun nálgast. Hið sóllíka hjarta Helgivelðisins er knúið til sköpunar af eldlegri boðun.

Eldheimar III

330. Ofstækið sýnir ofbeldisfyllstu birtingarmyndir grimmdarinnar. Aðrar birtingarmyndir í alheiminum sem virðast eyðandi, er ekki hægt að líkja við ofstæki, því ofstækið eyðileggur hjartað, það eyðir öllum upphöfnum tilfinningum. Sannarlega, mettar Satan sjálfur heiminn ofstæki. Sannarlega standast glæpir tortímingar ekki samanburð við hræðilegt guðlast ofstækismanna. Aðgerðir ofstækismanna stuðla að upplausn hvernar hærri fræðslu; því karma þessara guðlausu, undir grímu trúarinnar, staðfesta hræðilegustu eyðilegginguna. Aðstæður lífsins sýna ferlið sem slíkt karma skapar. Sannarlega, veldur þetta ofstæki blóðstraumum. Uppbygging nýja heimsins krefst endurnýjun vitundarinnar.

Eldheimar III

341. Jafnvel dálítill framsýni ætti að hvísla að mönnum hversu mikið heimurinn er skjálfandi, hversu spennu eru öll svið, til undirbúnings fyrir kosmísk og jarðnesk átök. Jafnvel smá vitund getur verið gegnsýrð af hugsun um þá endurreisn sem allur heimurinn er að búa sig undir. Jafnvel þeir sem eru ekki fúsir til að skilja að á meðan mannleg athafnir ráða, verða að gera sér grein fyrir því óumflýjanlega karma sem leiðir alla vegi til mikillar endurreisnar. Maður getur aðeins undrast hversu mikið mannkynið býr í hyllingum. Leita þarf með skýrum skilningi á leiðinni til hins eldheimsins.

Eldheimar III

353. Bylgjur sem gleypa þjóðir koma upp úr þjóðarkarmanu. Í kosmískri samsetningu skilur hvert tímabil bylgjur sínar eftir í geimnum. Þegar stundin dregur nær segulmagnaðu aðdráttaraflí byrja allar bylgjur að verka – því er karma óumflýjanlegt. Þegar sagt var í fornum ritningum: „Allt er frá himneskum föður,“ var einmitt karmalögmálinu lýst. Allt er mótað samkvæmt þessum bylgjum, sem skiljast út í geiminn og varðveita eilíft samband við plánetuna. Tengslin milli heima, hærri og þess jarðneska, eru skilyrt af þessum bylgjum. Skrár geimsins samanstanda af þessum bylgjum og þjóðir búa til sínar eigin sögulegu endurlausnir. Sá skilningur að allt berist með bylgjum geimsins getur vakið bestu vonir. Á leiðinni til eldheimsins skulum við sýna viðleitni til að bæta hið þjóðlega karma.

Eldheimar III

367. Ástand plánetunnar er að versna vegna vitundar mannkynsins. Kröftum andans er eytt í eyðileggingu. Hjartalaust hugleysi gagnvart öllum hugtökum sem samsvara ekki núverandi vitund leiðir mannkynið að landamærum eyðingar. Kraftar andans geta leitt mannkynið úr hjólförunum ef mannkynið hreinsa hugsun sína. Hvert mikið gildi er drifaflið sem lyftir andanum. Leitin að hærri gildum er aðalverkefnið. Tilvist heimsins er staðfest af eldlegum megingildum. Því ætti viðleitni til þess hæsta ætti að vera mikilvægasta verkefni. Mannkynið verður að hugleiða umbætur í gjörðum sínum. Karma friðþægingarinnar nálgast. Sérhver viðleitni verður að beinast að uppsprettu ljóssins. Á leiðinni að eldheiminum skulum við sýna í verki árangurinn af miklum skilningi.

Eldheimar III

372. Hversu lítið hugsar fólk um þá grundvallarþætti sem sýnt hefur verið fram á að séu undirstöður uppbyggingar, en þetta ferli er mjög nauðsynlegt. Í grunninn að byggingu er lögð mjög veruleg og stöðug undirstaða. Af öllum stöðum er eldheitasti segull hjartans. Að útiloka það, þýðir að yfirgefa bygginguna án sálar, því segull hjartans hefur í sér allar kosmíska mettun. Segul hjartans er samhæfing allra fíngerðrar orku. Segul hjartans samnefnari reynslu þúsunda ára; í henni kemur fram Karma og aðdráttarafl. Rétt eins og það er ómögulegt að skipta um sól, er hjartað áfram öflugur skapari. Þannig að á leiðinni til eldheimsins verður að muna sérstaklega að eldsegull hjartans er grundvöllur byggingarinnar.

Eldheimar III

373. Áhrif Karma eru að koma fram um allan heim. Meðvituð afstaða til endurreisnar heimsins getur skapað grunn fyrir nýja heiminn. Núverandi stefna hefur vikið svo mikið frá kosmíska segulsviðinu, og sannarlega eru allir kraftar ljóssins að safnast saman til að aðstoða mannkynið. Uppbyggingarkraftur eykst á öllum sviðunum. Getur maður mögulega ímyndað sér einhvers konar öryggi innan um Harmagedón á þeim svæðum heimsins sem þurfa enduruppbyggingu? Andleg öfl munu leiða mannkynið út úr blindgötunni. Tímabil umbreytingar mun færa heiminn hærrí orku. Á leiðinni að eldheiminum skulum við beita öllum kröftum okkar fyrir nýja uppbyggingu.

Eldheimar III

377. Kosmíska orrustan sem yfirkeyrir geiminn nær um allan kosmosinn. Í þessari baráttu er verið að leysa mörg vandamál, og þessar lausnir verða vendipunktur í sögunni og munu staðfesta nýjar meginreglur. Hverri orku er umbreytt af þessum eldlegu átökum. Umsnúningurinn verður skarpur, en hin óttalaus vitund þekkir gleði andans. Því aðeins áræði getur snúið andanum til nýrrar framtíðar. Aðeins vitneskjan um þessa kosmísku bardaga sýnir skilning á atburðum líðandi stundar, því Karma yfirgnæfir allt. Eldlegt óttaleysi mun lyfta hulunni af morgundeginum og mun staðfesta orsökina fyrir byrði geimsins. Þess vegna mun leit að orsökinni leiða í ljós áhrifin. Þannig mun eldheimurinn verða aðgengilegur mannkyninu. Við skulum því snúa hjarta okkar til eldheimsins.

Eldheimar III

390. Karma sýnir sig ávallt. Á komandi ári mun það einnig koma fram eigin endurgjaldi. Karma heimsins og ganga þjóðanna munu gefa til kynna afleiðingar heimsatburða. Kraftar ljóssins hafa áhrif á allar hreyfingar heimsins. Á kosmískri vogarskál munu vegast á sjálfsafneitun og augljós illvilji. Þannig að í allri endurbyggingu verður hægt að fylgjast með kosmískum hræringum sem munu sýna mátt ljóssins í lokabardaganum. Þannig mettum við geiminn. Nýtt skref mettu uppbyggingar er fyrir hendi. Þannig munum við sigra með spennu allra aflu.

Eldheimar III

396. Ég staðfesti hversu nauðsynlegt er að sýna eldlega viðurkenningu á verðleikum, því án hennar er ekki hægt að staðfesta nýja uppbyggingu. Þetta þarf að muna staðfastlega; í gegnum alla línu stigveldisins verður að fylgja því. Athafnir Karma eru þungar fyrir hvert vanþakklæti, og jafnvel ljósöflin

yfirgefa anda í eigin polli þegar þessi grundvallaratriði eru lítilsvirt. Og upp að hæstu þrepum er lögmálið eitt og hið sama, því að þessi eiginleiki verður að nást með innri eldi, og andinn sjálfur verður að þróa þennan eiginleika. Við ráðumst ekki inn í vitund þegar Við sjáum fjarveru þessa eldlega grundvallarþáttar.

Eldheimar III

444. Hugleiddu að Karma gengur ekki framhjá svikumum. Ekki hefnd heldur réttlæti er óafturkallanlegt. Maður ætti að skilja hvernig Karma snýst og slær óvænt. Maður ætti að vera staðfastur stríðsmaður. Í lífum mínum var ég sjaldan drepinn, forðaðist það með árvekni. Varðveittu Mig því í hjartanu til eftirbreytni. Ruglingur er ekki birtingamynd við hæfi eldheimsins.

Eldheimar III

521. Þegar Ég segi — varðveittu heilsuna, með því sendi Ég þig ekki til læknis, og Ég hvet þig til að vera ekki hræddan. Með engu móti viljum Við þróa ímyndaðan sjúkleika. Við viljum varðveita heilsu þína. Enginn getur sagt að það sé óþarfi að gæta heilsunnar. Vagninn verður að halda áfram eftir ætluðum stígunum í átt að fagra markinu. Taktu burt allt sem viðkemur Karma og markmiðið verður virkilega fagurt. En með hverju mótar fólk hið stærra karma – hinu innra eða ytra lífi?

Eldheimar III

522. Innra líf hefur hundrað sinnum meiri áhrif á Karma. Skoðuðu hvaða glæp sem er, og hann virðist lítill miðað við innri undirbúninginn. Hversu langdreginn er slíkur undirbúningur! Mörgum nálægum vitundum hefur verið eitruð fyrir af slíkum ógeðslegum undirbúningi og svo mörgum betri möguleikum hafnað – samt hugsar fólk ekki um þetta sem rangindi. Svo fjarri vitundinni er eldorkan, sem ein og sér getur bundið enda á þessa kraumandi spillingu. Svo auðvelt er að stöðva slíkt með tímanlegri fyrirbrennslu.

Eldheimar III

609. Stjörnuspeki er mikil vísindi, en hægt er að stjórna henni með hugaraflinu. Hugsun getur sannarlega haft þýðingu í stjörnuspeki. Hugsun skapar; hugsun er efnafræði; hugsun hefur jafnvel áhrif á karma. Með svo kröftugum lögmálum vinnur hugsunin.

Ákallið

Ákallið

95. Lögmál alheimsins eru óhagganleg, en samt getum við séð greinileg frávik frá þeim. Ef við skoðum karma sjáum við að einnig er hægt að breyta karmískum böndum, alveg eins og tímabilið á milli jarðvista getur verið breytilegt í mismunandi tilfellum — allt frá andartaki til mörg þúsund ára. Þeim sem ekki þekkja til getur virst það ruglandi hvernig slíkur óhagganleiki getur samtímis verið svo breytilegur. En slíkt þekkingarleysi sýnir aðeins fram á að skilning skortir á dýpt og umfangi tilverunnar.

Fólk skilur heldur ekki hvaða orka er hinn ákvarðandi þáttur. Hugsunin er hinn grundvallandi þáttur á öllum sviðum alheimsins; hún getur breytt karma, hún getur ákveðið tímasetningu, hún opnar dyr og hún getur lokað þeim. Hún myndar geislavængi út frá öxlunum. Hún getur leitt manninn að mörkum æðri heimsins eða varpað honum í hyldýpið. Virkni lögmála hvílir á hugsun. Hin mikla viska hugsunar er hlíf og vörn gegn ringulreið óskapnaðar. Í raun ræður hugsun ríkjum yfir æði óskapnaðarins.

Lögmál alheimsins eru sannarlega óbreytanleg, en þau eru upplýst hugsun og hæfa því markmiðinu. Skilningur á réttu gildismati er nauðsynlegur til að geta áttað sig á virkni lögmála.

Höfum því ætíð skapandi hugsun í minni. Aum!

Ákallið

96. Mörgum virðist það óhugsandi að unnt sé að breyta karma, en þeim skjátlást, því þeir gleyma hinu himneska réttlæti. Mögulegt er að upplifa hinn æðsta skilning í einu svipleiftri. Hvar sem hægt er að stíga fæti getur hugsun flogið. Í vissum trúarsamfélögum voru nýliðar svæfðir, og með dáleiðslu voru þeir láttnir endurlifa með miklum hraða alla þrautaleið síns karmíska lífsmynsturs. Þannig fékkst skilningur á óhjákvæmileika og einnig möguleika þess að hraða framgangi lögmálsins. Hugsun skapar líf.

Ákallið

368. Það er þekkt staðreynd að hverri illri athöfn verður að fylgja endurbót, en þá verður spurt: „Hvernig verður réttlætinu fullnægt fyrir þann sem er á valdi haldningar? Hver tekur afleiðingunum — er það þolandi haldningarinnar eða er það gerandinn?“ Hver getur greint á milli vilja haldningarverunnar og vilja þess sem haldinn er?

Haldning er ekki möguleg nema opnað sé fyrir aðgangsléiðina. Ennfremur, áður en haldning á sér stað, hvíslar hinn illi og undirbýr hinn veika anda. Þeir sem hneigjast til illverka laða til sín illar verur. Þungbært er karma hins haldna!

Ákallið

457. Oft kemur í ljós við athuganir að upplýsingar fengnar með dulskyggni og dulheyrn eru ekki tæmandi. En nauðsynlegt er að rifja upp mörg lögmál til að öðlast skilning á því sem er að gerast. Oft stafar brotakennt eðli þess sem skynjað er af jarðneskum viðmiðunum. Fólk greinir ekki fíngert samhengi þess skynjaða. Tengslin eru ef til vill mjög rökrétt, en jarðnesk rök eru ekki hin sömu og rök fíngerða heimsins.

Því má heldur ekki gleyma að æðri heimurinn hefur eftirlit með lögmálum karma. Lítill skilningur er á markalínunni milli þess sem er leyfilegt og þess sem er háð hinu helga karma. Hlið karma eru ekki skilgreinanleg með jarðneskum orðum. Einnig er ekki auðvelt að útskýra hvernig maðurinn hefur sjálfur áhrif á dulheyrn sína. Hann getur lokað fyrir eyru sín á þúsund vegu. Fyrst af öllu er nauðsynlegt að efla vitundina til að allar rásir verði hreinar.

Ákallið

490. Í öllu er hreyfing; leiðsögn hefur einnig sína sveiflutíðni. Æðri eiginleikar leiðsagnar eru góð svörun, skarpskyggni og stilling. Það er ekki góður leiðsögumaður sem takmarkar sig við eina skipun! Æðri leiðsögn er bæði ósýnileg og hljóðlaus. Það eru sérstök vísindi að gefa hvorki meira né minna en aðstæður á plánetunni leyfa.

Undrist ekki þó þeir sem leiðsagnar njóta séu oft ekki meðvitaðir um leiðsögnina. Það veldur þó leiðbeinandanum vissulega ekki neinu hugarangri. Sundkennarinn hjálpar nemum sínum í byrjun við að fljóta, hvetur þá og hvíslar: „Þú flýtur af sjálfsdáðum.“ Sama á við á öllum sviðum. Það væri ekki viturlegt fyrir leiðbeinandann að greina frá öllum karmískum og kosmískum skilyrðum. Slík upptalning myndi aðeins vekja ótta og hefta orku.

Samverkanir atburða heimsins eru flóknar; karma kynþátta og þjóðflokka; karma persónuleikans; karma efnisheimsins og fíngerða heimsins; fornt karma og karma nútímans — allt þetta myndar flókna hnúta. Erfitt er að breyta karma, en samt sem áður er mögulegt að hafa stjórn á því að vissu marki; að þessu leyti er leiðsögn ákaflega mikilvæg.

Ekki má eingöngu líta á leiðsögn sem eitthvað að handan; hana er einnig að finna með öðrum hætti í efnisheiminum. Þess vegna er hin forna hugmynd um fræðarann svo mikilvæg; þessi hugmynd er umvafin virðingu, hollustu og kærleik. Hinn lifandi straumur andlegrar orku er að verki í slíku sambandi kennara og lærisveins.

Leiðsögn er margstrengja harpa!

Bræðralagið

Bræðralagið

26. Ákalli til Bræðralagsins er ekki látið ósvarað, en svörin geta verið með margvíslegu móti. Fólk er svo bundið af takmörkunarring sinna eigin tjáninga að það skynjar ekki nein önnur merki. Enn fremur eru menn ófærir um að greina óbeina merkingu eða viðvörðun sem stundum felst í einstöku orði og einstökum neista. Þeir kæra sig ekki um að íhuga ástæðurnar fyrir svo stuttum boðum. Jafnvel hálærðir fræðimenn gera sér ekki grein fyrir karmalögmálinu. En þegar menn sjá vegfaranda í yfirvofandi hættu, aðvara þeir hann með stuttu hrópi, en halda ekki yfir honum fyrirlestur um ástæðurnar fyrir óláni hans. Hið sama gildir um karmískar svaranir, yfirleitt er unnt að aðvara með stuttu kalli, án þess að kafa djúpt í rætur **karma**.

Sérhver hefur mörgum sinnum fengið tækifæri til að sannfærast um að svar Bræðralagsins hefur birst með táknum sem á ytra borði virðast mjög lítilvæg. Því má hiklaust halda fram að lang flestar vísbendingar fari annað hvort fram hjá vitundinni án þess að eftir sé tekið eða að þær séu ranglega túlkaðar. Slík brenglun merkingar er skaðleg, sérstaklega í meðförum kærulausra manna sem gefa vísbendingunum merkingu eftir sínu eigin tilviljanakennda hugarástandi.

Mörg dæmi eru um að mikilvægum skilaboðum hefur verið gefin andstæð merking í útskýringum fáfróðra manna. Samkvæmt jarðneskum vana túlkar fólk oft tákn eftir eigin geðþótta og lætur sig litlu skipta nákvæma merkingu orðanna. Á leiðinni til Bræðralags verður að leggja niður slíkar vanabundnar eigingjarnar athafnir.

Bræðralagið

324. Það er einstaklega erfitt að veita hjálp þeim sem eru flæktir í bönd **karma**. Sjá má að sérhvert góðverk verður fyrir ákveðinni andstöðu frá þeim sem fær hjálp. Það er til vitnis um hina sínálægu orku sem nefnist verndari **karma**. Þeir sem hrófla við **karma** verða fyrir höfnun, að því er virðist. Allir geta orðið fyrir því að gagnlegar ráðleggingar valdi óskiljanlegri andstöðu. Fólk sem talið er skynsamt hefur stundum farið að tala gegn eigin hag. Leita skyldi ástæðunnar fyrir þessu í karmískum orsökum. Verndari **karma** er ákaflega máttugur.

Bræðralagið

356. Smátt og smátt eru menn að fara að átta sig á því að þjáningar þeirra eru ekki tilviljunum háðar. Menn eru byrjaðir að íhuga örlög heilla þjóða. Það er ekki auðvelt að átta sig á því hvaða athafnir hafa ráðið úrslitum. Oft er mjög erfitt að gera sér grein fyrir athöfnum sem hafa mjög fjölbreyttar afleiðingar. Margir óupplýstir glæpir eru í heiminum, samt mettar slíkt karma allan heiminn.

Bræðralagið

445. Mikill misskilningur tengist hugtakinu fyrirgefning. Sá sem hefur fyrirgefið einhverjum gerir ráð fyrir því að hann hafi áorkað einhverju óvenjulegu, en reyndin er sú að hann hefur eingöngu forðað sínu eigin karma frá flækjum. Sá sem fyrirgefið var heldur að þessu öllu sé lokið, en að sjálfsögðu er karmað enn framundan. Rétt, sá sem fyrirgefur greip ekki inn í karma þess sem var fyrirgefið og kom þannig í veg fyrir að það yrði enn þyngra, en karmalögmálið er enn í fullu gildi fyrir báða aðila. Karmalávarðarnir geta breytt þessi að nokkru leyti ef eldur hreinsunarinnar blossom skært upp, en ekki er auðvelt að kveikja slíkan loga.

Miklar fórnir hafa verið færðar til að kveikja slíkan eld. Menn hljóta að bera virðingu fyrir minningu slíkra dáða sjálfsfórnar. Fegurð viðhelst í slíkum verkum. Hvorki tíminn né mannleg óreiða getur stíflað hvötina til sjálfsfórnar. Helgirit Bræðralagsins greina frá þessu sama. Það er fagurt að ennþá hefur þessi forna hugmynd ekki gleymst.

Við skulum ekki hafna neinum skilningi á hinni yfirjarðnesku braut, hversu smávægilegur sem hann er.

Bræðralagið

566. Geðveiki á sér margar orsakir. Skellum ekki skuldinni einfaldlega á haldningu, íhugum allt það ljóta sem óhófið leiðir til. Gleymum ekki heldur að löngun til að sleppa undan karma getur valdið vitundinni skaða. Maður, sem finnur að eitthvað nálgast án þess að undan verði vikið, getur ofreynt vilja sinn svo mikið að vitundin myrkvist. Slíkt getur einnig leitt til heilasjúkdóma. Fækkun geðveikilífella byggist á læknum. Hugmyndin um samvinnu felur einnig í sér gagnlega hjálp.

Sönn þróun mun leysa mannkynið úr viðjum geðveiki.

Bræðralagið

577. Menn ættu ekki að tala né jafnvel hugsa um Bræðralagið ef sundurþykkja, umrót og vantrú er ríkjandi. Eins og viðkvæmt blóm fölnar í reykmettuðu andrúmslofti, þannig hverfa hugsýnir Bræðralagsins skjótt burt

við geðvonsku og fals. Það sem var sannfærandi í gær getur brenglast við uppnám hjartans. Skýr spegilmynd Turnsins í Chun getur truflast af grófgerðri snertingu.

Er unnt að smána háleit hugtök með blótsyrðum? Óhjákvæmilegt er að slíkt guðlast setjist í áruna. Það límist fljótt við karma, eins og leirinn á hjólbarðana. Ekki er auðvelt að þvo það burt. Við beitum ekki hótunum, en við setjum fram samlíkingar.

Æðri heimar

Æðri heimar

7. Urusvati þekkir raddir Okkar, bæði sem orð upphátt eða í hljóði. Menn geta undrast mismuninn á sendingunum, en það eru margar ástæður fyrir þeim, handan jarðneskra aðstæðna.

Við ráðleggjum oft að reynt sé að viðhalda einingu. Slík boð eru ekki einfaldlega siðferðisboðskapur – óeining er skerandi ósamræmi. Ekkert hefur jafn stingandi áhrif sem ósamræmi. Þegar menn eru fylltir skaðlegu misræmi, leiðir það sjálfkrafa til röskunar í umhverfinu. Þannig menn skaða ekki aðeins sjálfa sig, þeir mynda einnig karma af sérstakri gerð sem tengist einnig öðrum sem líkjast þeim. Það er hræðilegt að glíma við slíkan nýgerðan óskapnað.

Menn sem birta ósamræmi eru í reynd skaparar óskapnaðar; afleiðingar þessarar skaðlegu misnotkunar eru hörmulegar. Við neyðumst sífellt til að berjast við þá og það kemur ekki á óvart að slíkur bardagi er oft erfiðari en árekstur geimstrauma. Í hvert sinn sem nauðsynlegt reynist að kljást við frjálsan vilja manns má gera ráð fyrir mikilli orkueyðslu, Máttur hins frjálsa vilja er mikill, hann er sambærilegur við hina kröftugustu orku, og með illsku sinni geta menn valdið eyðingu sviða í fíngerða heiminum. Hve mikið þarf ekki hinn reyndi læknandi að hafa fyrir því að loka þessum sárum í geimnum!

Við verðum að vinna að einingu, ekki með sálmum og hörpuslætti, heldur með vinnu og striti. Fáir munu setja stefnuna á Bræðralag Okkar eftir að hafa frétt af mikilli og erfiðri vinnu Okkar.

Æðri heimar

35. Urusvati man hinar mörgu breytingar í langri röð æviskeiða sinna. Þessar minningar eru ekki byrði, heldur auðga vitund hennar. Rétt viðhorf gagnvart fyrri æviskeiðum er mjög sjaldgæft. Oftast er sú raunin að minningar um fyrri

æviskeið hvetja ekki til framfara, en hlekkja menn við útbrunnar leifar fortíðar. Þess vegna er sjaldgæft að mönnum sé leyft að fá vitneskju um fyrri æviskeið sín. Vitund nútímans getur ekki tekið við of miklu. Menn geta einfaldlega ekki skilið hvers vegna æviskeið virðingar og erfiðrar vinnu skiptast á. Sú ímynd að hafa verið kóngur eða drottning hindrar skynjun mannsins, að enn sé frekari fullkonnunar þörf. Hin jarðneska vitund getur ekki skilið hve mörg æviskeið erfiðrar vinnu getur eft vitundina umfram það sem gerist hjá mörgum þjóðhöfðingjum þessa heims. Það er enn dýrmætara ef skilningur á upphafningu andans vex á meðan á efnislegri jarðvist stendur.

Margir fá vitneskju um eitt af virðulegum æviskeiðum sínum og verða drambinu að bráð. Það er jafnvel enn verra ef menn lesa úr ósönnum frásögnum ákveðin fjarstæðukennd skapgerðareinkenni og fara að líkja eftir þeim og gera þannig leið sína torveldari. Allar gamlar sálir hafa gengið í gegnum einhver virðuleg æviskeið og öðlast þekkingu á hlutverki leiðtogans. Samt sem áður er sá eiginleiki ekki sá mikilvægasti af hinum mörgu eiginleikum sem menn þurfa að ávinna sér. Hinn ofsótti lærir meira en ofsækjendurnir og á öllum sviðum erfiðrar vinnu má gera fjölda uppgötvana. Margar prófraunir er að finna við öll vegamót. Ég ræði um þetta vegna þess að einnig Við höfum gengið í gegnum öll próf. Við höfum gleymt sársaukanum, þjáningarnar hafa umbreytt í gleði. Kvalarar okkar eru sjálfir að strita einhversstaðar og hefja sig upp með vinnu. Aðsetur Okkar gæti ekki staðist ef Okkur kæmi til hugar að ógna þeim sem hafa kvalið Okkur. Lögmað **karma** flæðir óaflátlega.

Við munum fyrri æviskeið Okkar. Við verðum að muna þau, ekki vegna Okkar sjálfra, heldur allra þeirra sem Við höfum hitt og heitið að gleyma ekki. Samfundir ferðalanga á hinum jarðnesku leiðum, leiða saman fólk af margvíslegum toga. Eftirvænting um komandi tíma, gleði samfundanna, sorg aðskilnaðarins – ekkert þessara mennsku tilfinninga hverfur. Þeir sem fögnuðu eða þjáðust saman gleyma því ekki öldum saman.

Urusvati man eftir mörgum samfundum. Tilfinningarnar sem þeir ollu eru enn lifandi eftir þúsundir ára. Slíkar minningar geta stuðlað að vitundarvíkkun. Eldar tilfinninganna ljóma í fullkominni friðhelgi. Jarðnesk orð geta ekki tjáð þær, en hjartað mun slá nákvæmlega eins og það gerði fyrir þúsundum ára. Þannig skín regnboginn aftur yfir Kristi alveg eins og hann gerði í eyðimörkinni. Á sama hátt lifir enn gleði Grikklands og hinn mikli norræni dýrlingur Sergius á leið hjá. Margir samfundir eiga sér stað í fíngerða heiminum og einnig í þessu landi sem við nú dveljum í.

Í innra lífi Bræðralagsins gleymist aldrei þessi lifandi tilfinning, því að aðsetur þekkingarinnar getur ekki þrífist án tilfinninga. Hugsun um þekkingu verður einnig hugsun um hina æðstu tilfinningu. Án hennar væru ekki til neinir píslarvottar, dýrtingahetjur né sigurvegarar.

Við eigum myndir og helga hluti sem hafa þann tilgang að efla hjálp Okkar.

Æðri heimar

41. Urusvati veit hvernig standast á fjandsamlega strauma. Þessi hæfni verður ekki til að ástæðulausu né án fyrri reynslu. Fyrst verða menn að þekkja æðri heiminn, án þess þó að sniðganga jarðneskt líf. Fjandsamlegir straumar geta birst á margvíslegan hátt, til dæmis sem sálrænar truflanir eða óvenjuleg veikindi og veraldleg vandamál geta komið upp sem krefjast viturlegrar lausnar. Þannig læra menn skarpskyggni á öllum sviðum.

Hafa þarf í huga að straumar utan úr geimnum hafa áhrif á sálarlíf heilla þjóða og mynda ný afbrigði sjúkdóma. Óhagstæðir straumar geta einnig valdið óhöppum í daglegu lífi. Þegar fengist er við straumana er nauðsynlegt að forðast hræsni, hjátrú og hugleysi. Allt hik gefur kraftinum í iðuhvirfli óskapnaðarins færi á að ná yfirhöndinni. Við fögnum sérstaklega jafnvæginu sem ávinnst með víðtækri og margvíslegri reynslu í jarðnesku lífi. Karma getur ekki náð valdi á þeim sem tekur framförum á þann hátt. Sú hugsun sem byggist á þekkingu á samsvörun heimanna fær mátt sinn frá þeim.

Sérhver samverkamaður Bræðralagsins kemst í nána snertingu við fíngerða heiminn. Í þeim heimi eru mörg virki Okkar. Þú hefur nú þegar heyrt nöfn þeirra, þú hefur heyrt um hið undursamlega tré og um byggingar gerðar úr hugsunum. Hafa verður skýran skilning á þessum aðstæðum í þeim tilgangi að beina för sinni í átt til *Dokyoood*. Hugsun sem ekki er myrkvuð af efa mun vísa veginn til aðsetra Okkar í fíngerða heiminum. Aðsetur Helgivaldsins í Himalajafjöllum er í stöðugu sambandi við aðsetrin í fíngerða heiminum og þrumur hins jarðneska bardaga enduróma þar. Menn kæra sig ekki um að skilja þessa samsvörun, þess vegna er Harmagedón fyrir þeim aðeins jarðneskt stríð milli fólks, en þá er mikilvægasti þáttur Harmagedón misskilinn. Hvernig er hægt að taka þátt í einhverju ef aðeins lítill hluti þess sem er að gerast er þekktur? Bardaginn sem geisar í fíngerða heiminum er mun illskeyttari en sá sem háður er á Jörðinni. Vissulega endurómar margt af bardaga fíngerða heimsins á Jörðinni. Oft reynir heimur Okkar að vara menn við þessari skelfilegu hættu, en án árangurs. Einn bræðra Okkar var vanur að

segja: „Látum fólk vita enn einu sinni, en hve erfitt er að tala fyrir daufum eyrum.“ Aðvaranir þeirra eru orð réttlætis og samúðar.

Ef vart verður við óskiljanlega syfju, gæti það verið til marks um samvinnu við fjarlæga heima eða samvinnu við máttarvöld fíngerða heimsins. Tökum með vakandi athygli eftir viðbrögðum líkamans. Ekki er mögulegt að hugsa um léttvæga atburði þegar eitthvað mikilvægt á sér stað. Það er eingöngu fávíska sem veldur því að fyrirmæli Okkar eru virt að vettugi. En því meiri er gleðin þegar ekki aðeins Bræðralagið er skilið, heldur einnig tengsl þess við fíngerða heiminn.

Æðri heimar

58. Urusvati berst gegn allri grimmd og pyntingum. Þetta er ekki af skorti á kjarki, heldur af þeirri innri vitneskju að ekki er hægt að leyfa neins konar pyntingar þar sem það stríðir gegn göfgi mannsins.

Margvíslegum pyntingum er beitt gegn bæði mönnum og dýrum. Hafa þarf í huga að **karma** pyntinga er ákaflega þungt. Hinni ósiðmenntuðu vitund skyldi gert ljóst hvað er leyfilegt og hvað er ekki. Fáar pyntingar er hægt að afsaka með tilvísun til laga.

Reyndur læknir spyr sjúklinga sína fyrst hvernig þeim líður. Velliðan er mikilvægari en lyf. En hvernig er unnt að líða vel á Jörðinni ef enginn er öruggur fyrir grimmd?

Velliðan getur leyst mörg flóknustu vandamál þjóðar, en nauðsynlegt er að vernda friðhelgi og virðingu manna. Við skulum ekki treysta um of á hina svonefndu óhlutdrægni dómstóla, þar sem mannleg sæmd er fótumtroðin af grófgerðum geðþóttahætti. Það er auðvelt að tala um kvalalosta, en það er hræðilegt að horfa upp á það að þessi ótrúlega geðveiki sé ekki stöðvuð. Já, gera verður ráð fyrir því að menn muni ekki skilja hvaða frumeiginleika Við erum að tala um. Það eru til svo margir smáir en samt skelfilegir kvalarar út um allan heim! Vísvitandi pyntingar á náunganum eru í engu frábrugðnar þeim sem voru stundaðar á grófgerðustu tímasteiðum mannkynsins. Hægt er að minnast mannfjöldans í hringleikahúsum Rómverja; geta hópar nú á tímum stært sig af betri hegðun? Er annar klæðaburður nokkuð til marks um annað hugarástand? Þetta þurfa menn að hafa í huga til að geta gert sér grein fyrir því sem aðsetur Okkar þarf að berjast við.

Til eru mörg félög til verndunar dýra, en of fá til verndunar manna. Lát þá sem beita grimmd ekki dirfast að þykjast vera góðhjartaðir. Það er erfitt að sigrast á grimmd. Við vinnum af kappi, Við sendum máttugar hugsanir, en þær ná sjaldan að vekja steinhjörtu.

Menn geta fundið fyrir mætti sólarupprásarinnar og birgt sig upp af sólarprönu, en óendanlegar þolinmæði er þörf til að berjast gegn grimmd. Við erum stöðugt að rekast á dæmi um fíngerða grimmd, alveg eins og menn hafi sammælt um að íþyngja karmabyrði plánetunnar. Það er ekki aðeins í stríðum og uppreisnum sem illsku og grimmd er að finna, heldur einnig í skólum og innan veggja fjölskyldunnar. Gerum okkur grein fyrir því hve miklar þjáningar og örvæntingaróp ná til aðseturs Okkar. Öllum þarf að hjálpa.

Æðri heimar

59. Urusvati getur greint yfirmennskar athafnir með innsæisþekkingu sinni. Við skulum athuga hinar ýmsu gerðir mennskra athafna. Það eru athafnir hins frjálsa vilja, karmískar athafnir og athafnir undir áhrifum andsetu. En það geta verið um að ræða sérstakar athafnir sem ekki falla inn í neinn þessara flokka. Við nefnum þær yfirmennskar athafnir. Útvaldir menn taka að sér verkefni fyrir Okkur, og nýta til þess meðvitað sinn besta vilja og hæfni, en athafnir þeirra stafa ekki frá frjálsum vilja eða andsetu. Né heldur er unnt að kalla þær karmískar, þar sem í þeim er allt **karma** uppurið eða nýtt að hefjast. Þegar allt þetta er skoðað, er unnt að komast að þeirri niðurstöðu að þannig athafnir séu sérstök tjáning, innblásin af æðri máttaröflum.

Í fyrndinni voru slíkar athafnir nefndar heilagar, því í þeim gátu menn skynjað eitthvað æðra en hið jarðneska og skynjun slíkra athafna er hluti innsæisþekkingar. Það er erfitt að flokka þær í samræmi við mennsk lög, en víðtæk vitund getur fundið fyrir nálægð þeirra. Hærri stétt hinna fjandsamlegu máttarafla er sérstaklega í nöp við þá sem Við höfum sent. Hinar myrku verur geta ekki skilið verkefnið eða metið umfang þess og það veldur þeim enn meiri gremju.

Hægt er að nefna mörg dæmi úr sögunni um menn sem unnu að verkefnum fyrir Okkur. Þessi verkefni eru af ýmsum toga. Við setjum aðeins fyrir eitt verkefni, en það getur tekið heilt æviskeið að leiða það til lykta. Við erum vanir að taka ábyrgð á hinum útvöldu. Sérhver félagi í samfélagi Okkar mælir með einstaklingi sem hefur verið prófaður og tekur á sig ábyrgð fyrir hann. Þessar langvarandi prófanir eru Okkur nauðsynlegar og þær geta jafnvel náð yfir mörg æviskeið. Við verðum að vera fullkomlega vissir um að kjarni verkefnisins verði framkvæmdur. Við fáumst ekki um smáatriði, vegna þess að umhverfisaðstæður geta haft áhrif. Við fáumst heldur ekki um minni háttar tímasetningar, því það sem er Okkur mikilvægt er kjarni verksins. Hvar er árangur og hvar eru mistök? Aðeins Við getum dæmt um það. Mörg

vandamál blasa við þegar orsakir og afleiðingar eru metnar. Við beinum athygli okkar til framtíðar til að komast hjá ótímabærum niðurstöðum.

Spyrja má hvers vegna Við höfum ekki fyrr minnst á yfirmennskar athafnir. Ekki má ræða of opinskátt um þessi verkefni, því margir gætu fyllst stórmennsku og haldið því fram að geðþótta athafnir þeirra væru hluti af slíku verkefni. Á heildina litið eru margir sem ekki munu skilja þessa skiptingu athafna í fjóra flokka. Ef innsæisþekking bendir ekki á mismuninn, munu vitsmunirnir ekki greina þar á milli.

Sumir höfðu ánægju af því að lesa *The History of a Piece of Bread*, en öðrum fannst hún þreytandi og leiðinleg. Mörgum mun einnig finnast leiðinlegt að velta fyrir sér mennskum athöfnum. Við skulum minnst þess sem yfirmennskar athafnir munu ábyrgjast. Menn ættu að hjálpa Okkur að hjálpa þeim.

Æðri heimar

88. Urusvati verður reið þegar hún heyrir um stríð, systir Oriole er skelfingu lostin og við erum öll sorgmædd yfir villimennsku mannkynsins. Neikvæðasta birtingarmynd frjáls vilja sést í stríðsumbrotum. Fólk neitar að hugsa um þá hræðilegu strauma sem þeir kalla fram með fjöldamorðum og afleiðingunum sem það mun hafa í för með sér. Hin forna ritning varaði réttilega við því að sá sem lifir fyrir sverðið mun farast fyrir sverði.

Það er munur á karma yfirgangs og varnar. Það má sýna fram á hvernig árásarmenn verða fyrir alvarlegustu afleiðingunum og hversu hræðilegt ástand þeirra er í fíngerða heiminum. Fólk blekkir sjálft sig með því að halda að miklir sigurvegarar uppskeri ekki slæmt karma á jarðnesku lífi sínu. En karma hefur sína eigin tímabæru nálgun og sýnir sig ekki strax. Lífið er samfellt og vitrir skilja líf sitt sem eitt hálsmen.

Árásarmenn íþyngja karma sínu ekki aðeins með því að drepa heldur einnig með því að menga andrúmsloftið, sem á sér stað í stríði. Eitrun á jörðinni og á öðrum sviðum er langvarandi. Þú sem ræðst inn í lönd nágretta þinna, hefur enginn sagt þér hvaða afleiðingar bræðravígið hefur haft?

Bústaður Okkar hefur orðið vitni að mörgum styrjöldum og við getum vitnað um hvernig þessi illska eykst á óvæntustu vegu. Fólk veit að sprengingar geta valdið rigningu, en hvað með eiturgas og hugsanleg áhrif þess? Hversu sorgleg Við erum að sjá frjálsan vilja, sem var veittur sem æðsta gjöfin, birtist á þennan hræðilega, stjórnlausu hátt.

Æðri heimar

100. Urusvati minnst þess að spád hafi verið fyrir um atburðina á Spáni tíu árum fyrr, og að dagsetningar annarra stórvíðburða voru einnig gefnar upp. Sumir kunna að velta fyrir sér hvers vegna ákveðnum atburðum hafi verið spád langt fram í tímann, á meðan aðrir, að því er virðist mun mikilvægari, var alls ekki bent á. Frá jarðnesku sjónarhorni er þessi spurning alveg eðlileg, en á hvaða grundvelli ættu sumir atburðir að teljast mikilvægari en aðrir? Við skulum muna að handan veraldlegs skilnings er til yfirvitslegur skilningur. Sumir atburðir geta haft mikil áhrif á mannleg málefni en skilja þó engin spor eftir á síðum sögunnar. Á hinn bóginn geta atburðir gerst sem virðast einungis vera staðbundnir, en eru í raun mikilvægastir og verða tímamót í sögu heimsins. Slíkar sýnilegar andstæður, sem virðast á milli jarðneska og hærri heima geta valdið ruglingi í huga fólks.

Við höfum oft verið sökuð um að hafa áhuga á ómerkilegum atburðum á sama tíma og við erum vísitandi áhugalaus um suma mikilvæga. Við þessu segjum við: „Þið trúlitlu, hvar er vogin sem þú getur vegið atburði heimsins á með slíkri nákvæmni? Getur þú tekið á þig réttinn til að dæma þjóðir og þær aðgerðir sem uppfylla karma þeirra? Jafnvel einstaklinga verður að dæma sparlega.

Oft er leiðtogi óverðugur þeirrar virðingar sem hann nýtur á lífsleiðinni og fyrst síðar gefa niðurstöðurnar til kynna hversu árangurslaus starfsemi hans var. Í dag má sjá, en morgundaginn verður maður að ímynda sér. Atburðum heimsins má líkja við mósaík, sem sjást greinilega aðeins úr fjarlægð.

Karma verður til innan um storma og þrengingar og hið óumflýjanlega hefur sinn gang. Landið sem í gær var risi gæti orðið dvergur á morgun. Slík örlög kunna að koma fólki á óvart, en við getum séð keðju orsakanna.

Maður verður að læra að gera greinarmun á stóru og smáu.

Æðri heimar

101. Urusvati gerir sér grein fyrir því að þó að sumt fólk virðist stundum lifandi í raunveruleika efnissviðsins, þá er það alveg dautt frá sjónarhóli hærri veruleika. Það gæti virst undarlegt að þeir sem hærri veruleiki skilgreinir sem dauða, haldi áfram að hreyfa sig á jörðinni. En hvers vegna ættu slíkar skilgreiningar að vera takmarkaðar aðeins við líkamlegar birtingar? Þegar starfstæki Okkar gefa til kynna dauða, er þá sú vísbending réttari en jarðneskar sannanir. Við gætum nefnt nokkur slík „lifandi lík“ sem hver um sig þjáist af einhverjum líkamlegum kvillum. En líkamlegt ástand þeirra er aukaatriði, það fyrsta er ástand fíngerða líkamans, sem er tilbúinn til að fara og getur ekki lengur verið að fullu tengdur við líkamlega líkamann. Slík

sjálfvirk starfstæki geta ekki lengur verið sjálfstætt skapandi og eru auðveldlega leidd af öðrum án þess að gera sér grein fyrir því. Þeir eru mjög jarðbundnir og óttast hugmyndina um dauðann, en skynja samt að þeir tilheyra ekki lengur líkamlegri tilveru. Venjulega eru þeir svokallaðir efnishyggjumenn og óttast jafnvel vísbendingu um samfellu lífsins í fíngerða líkamanum! Þeir gætu jafnvel óttast að hugsa um eigin gjörðir. Maður ætti að geta þekkt þessi lifandi lík og litið á þau sem tómar skeljar. Ég veit, að þeir mundu reiðast, ef nöfn þeirra væru nefnd, og það skulum Við ekki gera, því að þú veist, hvern ég hef í huga. Þú veist líka hverja við teljum vera tómarúm.

Við skulum ekki reikna með jarðneskum mælikvarða og tókum framtíðina með í reikninginn. Flækjustig sambanda er slíkt að hvorki ári né fífl ætti að vísa frá strax, jafnvel þótt þeir virðist geðveikir. Við erum í miðjum atburðum heimsins og getum ekki skorið á karmahnúta, því það gæti valdið hörmungum. Fólk stingur oft upp á því að Við bindum enda á ákveðnar aðstæður, en gerir sér ekki grein fyrir því að endar slíkra þráða geta breyst í snöru fyrir þá, með því að flækja þeim í eigið karma.

Ég verð að leggja áherslu á þetta, því sumir hafa sterkar hugmyndir um Okkur og hugsa um Okkur sem fallega engla, sem búi í skýjunum og spila á hörpur!

Megi fólki vera gefin sönn mynd af áhyggjum Okkar og starfi.

Æðri heimar

106. Urusvati veit að dulheyrn er erfiðust fíngerðu skilningarvitanna, vegna þess að svo mörg afskipti trufla fíngerða heyrn. Það er athyglisvert að jafnvel sterkar raddir eða hugsanir geta brenglast með einu hljóði. Hugsunin endurhljómar, en fólk skilur það ekki og skynjar ekki, að orð sem lögð er áhersla á, enduróma andlega skýrar.

Við óhagstæða straua geta andleg skilaboð litast af óvæntum áhrifum. Við sendum orð Okkar á þessum tíma við svo íþyngjandi aðstæður. Í fornöld var vel þekkt að erfið kosmísk tímabil gætu verið langvinn, en í dag, þrátt fyrir stórkostlegar framfarir vísinda, er ekki tekið tillit til slíkra kosmískra aðstæðna. Enn eru deilur um áhrif sólbletta og vandræðalegar vísbendingar um hugsanleg áhrif tunglsins, sem talið er að tengist göldrum. Fáir vísindamenn hafa hugrekki til að tala um tunglið eins og það tengist jarðbundnum aðstæðum, og þeir vísa með hógværð í gleymdar kenningar Austurlanda, þar sem mikilvægi tunglsins var vel þekkt.

Puranas innihalda mikið af vísindalegum gögnum. Fyrir allmörgum árum heyrði Urusvati frá Okkur um mikilvægi ársins 1942. Og nú er þessum

upplýsingum dreift víða og eru þær orðnar alþekktar. Endalok Kali Yuga eru mikilvæg, því margir kosmískir atburðir tengjast þessu tímabili. Af ákveðnum ástæðum var hinum sönnu dagsetningum haldið leyndum og aðeins fáir gátu skynjað að hinar gífurlegu tölur sem sagðar voru, væru aðeins tákn.

Sömuleiðis eru ákveðnar tilvísanir í Krishna og Avatar Vishnu, einnig táknrænar. Þú veist vel hvaða sérstakan atburð var átt við með þessum vísbendingum. Nú geta allir tekið eftir óvenjulegri uppsöfnun atburða. Harmageddon var spáð fyrir löngu síðan og frávikum í lok Kali Yuga var lýst í Puranas, en jafnvel ákafir hugsuðir vanmátu þessar skýru vísbendingar.

Hins vegar er mannkynið ónæmt fyrir óvenjulegum atburðum, en spáð var fyrir um andlegum ruglingi fyrir löngu síðan. Upphaf þessa mikilvæga tímabils eykur almennan takt í bústað Okkar.

Fólk getur fundið fyrir því, að af einhverjum ástæðum geti það ekki byrjað að gera neitt. Slík stemmning stafar af breytingum á takti. Innri vitund manns kann að hafa þegar tileinkað sér framtíðina, en vélræna rútínin er afleiðing af svefnhöfga Kali Yuga. Þetta er skipting vitundarástands, sem hefur einnig áhrif á almennan takt vinnu Okkar. Ýmsar hörmungar ógna jörðinni. Karma vinnur ákaft. Það verður að gera sér grein fyrir því að karma stjórnenda tímabilana er líka hraðað. Þannig eflast öflin við breytingar á Yugas, stórtímabilunum. Við skulum vera meðvituð um þetta og fylla hjörtu okkar hugrekki.

Æðri heimar

126. Urusvati hvetur með réttu samstarfsmenn til að afrita málsgreinar úr bókum fræðslunnar sem fjalla um frumorkuna. Maður ætti að safna þeim saman í heila bók. Jafnframt verðum við að muna að sumir kvarta undan því að bækur fræðslunnar fjalli um einn og sama hlutinn aftur og aftur. Þessir fáfróðu lesa ekki með viðeigandi athygli og taka ekki eftir því að í hverri nálgun að hugmynd kynnum við ný smáatriði. Þess vegna verður að kynna útdrætti í röð; aðeins þá getur maður tekið eftir spíralsveigjum í skilaboðum Okkar. Fólk ætti að læra að hafa gaman af þessu starfi, því með slíkri nákvæmni mun það geta fylgst með aðferðum Okkar á meðan það safnar saman vísbendingum Okkar og ráðum.

Hvaða verðleika hefur nemandinn sem endurtekur orð okkar án þess að beita eigin fyrirhöfn? Vitund auðgast aðeins í ferli réttrar hugsunar og vélrænar endurtekningar geta ekki leitt til nýrra myndanna. Maður ætti að fylgjast með því hvernig Við leiðum hugsun án þess að trufla sjálfstæða

virgni. Við vísum leiðina, og bendum á möguleikana án þess að brjóta karma, en hverja beygju á leiðinni verður manneskjan sjálf að staðfesta.

Innra líf Okkar er skilyrt af ákveðnum aðferðum sem byggjast á óbreytanlegum lögmálum. Aðsetur Okkar getur aðeins verið til fyrir uppfyllingu lögmála þróunarinnar. Þú hefur orðið vitni að því, alveg óvænt, að vísindamenn staðfesta stundum það sem fræðslan hefur þegar boðað. Rétt væri að benda á að auk hinnar gefnu fræðslu berast ákveðnir óútskýranlegar hvatar til vísindamanna. Hugsunarboðin Okkar fljúga um allan heim og Við sáum fræjum rausnarlega í geimnum. Rýmið er fullt af hugmyndum. Þetta ástand er kallað „meltingarafl óendanleikans“.

Það er sérstaklega mikilvægt að þróa ást fyrir nákvæmni. Aðeins þannig geturðu kynnst aðferðum okkar.

Æðri heimar

129. Urusvati reynir að líkja flugi til hinna fjarlægu heima við flug inn á hærri svið fíngerða heimsins eða upp í ríki eldsins. Í grundvallaratriðum eru bæði flugin framkvæmd í fíngerða líkamanum, þó í mismunandi víddum, og það er hætta í þeim báðum. Ákveðna þrýstingsbreytingu gætir þegar nálgast er fjarlæga heima. Við skulum til dæmis muna hvað varð um systur I., en flug hennar sleit næstum sundur tenginguna. Hættur eru enn alvarlegri þegar við reynum of snemma að hafa samband við eldheimana. Fíngerði líkaminn getur eyðst, ef hann hefur ekki verið undirbúinn með langri, hægfare nálgun.

Ekki gleyma því að fíngerður líkami, jafnvel af mikilli fágun, er efnislegur líkami og lýtur lögmálum sem eru efnisleg, þótt þau séu af hærri gráðu.

Eldleg fyrirbæri, sjaldgæf á jarðneska sviðinu, hafa áhrif á hjarta mannsins og umbreyta öllum sviðum sem þau snerta. Slíkar tafarlausar umbreytingar geta valdið óvenjulegu áfalli sem líkamlegt umhverfi veitir enga vernd gegn. Með öðrum orðum, brennandi sverðið mun brenna í gegnum hið líkamlega slíður.

Aðeins sjaldan getum við verið í sambandi við eldheiminn. Venjulega eiga þessar snertingar sér stað í gegnum samsvarandi svið fíngerða heimsins og þannig er lögmálinu um markhæfni hlýtt. Með víkkun vitundar er þessari tilfinningu um markhæfni beitt á skynsamlegri hátt. Líkamlegi heimurinn umvefur aðsetur Okkar og við tökum að Okkur það verkefni að viðhalda jafnvæginu.

Bróðir Okkar V. man eftir að hafa séð einu sinni fyrir sprengingu sem átti að verða í hjarta borgar. Við berum ábyrgð á öllu karma sem verður á vegi Okkar og slík ógæfa ætti ekki að vera leyfð. Einnig ætti að beita markhæfni í

flugi. Það er enginn ávinningur af því að vera brenndur áður en Eldhliðin hafa opnast. Við berum ábyrgð á öllu karma sem verður á vegi Okkar.

Megi sóknin í átt að sviðum Okkar verða fallegur stígandi!

Æðri heimar

153. Urusvati veit af launhelgiritunum að ákveðnir menn vildu lofa Pílagríminn mikla sem hetju fólksins. Slík ósk er oft sett fram í tengslum við mikinn fræðara, en það getur leitt til sorglegs misskilnings. Mikill fræðari er vissulega hetja og leiðtogi, en fólk getur venjulega ekki skilið hið sanna mikilvægi þessara hugtaka og því er þyrnakóróna ofin.

Urusvati heyrði rödd Pílagrímsins mikla; hvernig gat slík rödd tilheyrt einum leiðtoga mannfjöldans? Það var einmitt fjöldinn sem var orsök tiltekinna þjáninga hans, hrópaði lof um ríki hans og flýtti sér síðan til krossfestingar hans. Þannig hjálpaði fjöldinn á sinn hátt við að uppfylla spádómana. Það er ómögulegt að ímynda sér hvaða karma beið þessa fjölda brjálæðinga! Fólk varð þar vitni að atburðum sem hafa íþyngt líf margra kynslóða. Þetta er ekki refsing, heldur afleiðing af brjálæði frjáls vilja. Þegar ég ráðlegg þér að halda þér frá óviturlegum orðum og hugsunum, vek Ég þig með þeirri beiðni, til umhugsunar um framtíðina.

Fræðarinn hefði getað lifað sínu mikla lífi án fjöldans. Jafnvel þeir sem hann læknaði menguðu geiminn með hótunum sínum og bölvun. Slík birtingarmynd frjáls vilja getur verið nefnd mörgum nöfnum, en samt er hún áfram mynd af frjálsum vilja. Það er rétt að líta á frjálsan vilja sem æðstu gjöfina, en hversu skynsamlega þarf að nota þann dýrmæta fjársjóð!

Í fjárhirslum Okkar eru margir hlutir sem tengjast lífi Pílagrímsins mikla og það er ótrúlegt hversu vel útgeislun hans hefur varðveist á þessum mörgum öldum. Þeir eru marktæk sönnun fyrir krafti uppsafnaðrar sálarorku, sem safnast ekki aðeins þegar höndin eða andardrátturinn sendir kraftinn viljandi frá sér, heldur jafnvel þegar óviljandi snerting skilur eftir sig óförgengileg ummerki um orkuna.

Þannig verður þú að muna eftir ótrúlegum frumkrafti Pílagrímsins mikla.

Æðri heimar

161. Urusvati veit að Pílagrímurinn mikli varð oft fyrir árásum myrkraaflanna. Þessi atvik voru nefnd í Ritningunni og maður gæti velt því fyrir sér hvernig atburðir sem enginn hafði orðið vitni að, hafi getað verið skráð. Það var fræðarinn sjálfur sem vildi undirbúa lærisveina sína fyrir þá baráttu og þess

vegna, frekar en að leyndu baráttunni sem átti sér stað, sagði hann frá eigin reynslu sinni til að sýna baráttuna.

Hann sagði: „Sérhver maður lendir stöðugt í þremur átökum. Þó hann geti ímyndað sér að hann sé algjörlega í friði tekur hann í raun þátt í þremur bardögum samtímis.

„Fyrsta baráttan er á milli hins frjálsa vilja og karma. Ekkert getur afsakað manninn frá því að taka þátt í baráttunni milli þessara tveggja meginreglna.

„Önnur baráttan á sér stað á milli hinna ósýnilegu aðila góðs og illis, sem umlykja manninn og hafa áhrif á hann á einn eða annan hátt. Það er erfitt að ímynda sér reiði myrkraaflanna þegar þau reyna að ná tökum á manninum.

„Þriðja orrustan hljómar í hinu óendanlega, í geimnum, á milli fíngerðu orkunnar og óreiðuskaflanna. Ímyndunarafli mannsins er of takmarkað til að sjá fyrir sér þessa bardaga í óendanleikanum. Mannleg greind skilur jarðneska árekstra, en er ófær um að horfa út í geiminn og ímynda sér kröftuga storma og krafta sem þar starfa. Aðeins þegar mannlegum tilfinningum er fullkomlega stjórnað getur maðurinn farið að hugsa um hina ósýnilegu heima. Maður ætti að þróa slíkar hugsanir, því þær einar munu gera manninn að meðvituðum samstarfsmanni hinna óendanlegu krafta.“

Mundu að þú ert alltaf að horfast í augu við hið óendanlega. Jafnvel háleitustu orð geta ekki tjáð hið háleitasta og aðeins á stuttum augnablikum getur hjarta þitt skráð upphafinn skilning. Lærðu hvernig á að muna þessar stundir, því þær eru lykillinn að framtíðinni.

Það er ómögulegt að skilja fyllingu hinna óteljandi heima, en fræðarinn leiðir í átt að þessari þekkingu. Lærðu að veita honum traust þitt og lotningu, því án þessarar brúar er engin leið.

Æðri heimar

164. Urusvati veit hvaða kosmísku áhrif fylgdu flutningi Pílagrímsins mikla inn í fíngerða heiminn, en fyrir utan hinar þekktu ofsafengnu truflanir voru margar aðrar. Er það nokkur furða að jarðneskir atburðir falli saman við kosmíska?

Það er kominn tími til að fólk geri sér grein fyrir því að allir atburðir tengjast og að eining ríkir um allan alheiminn. Margar mismunandi birtingarmyndir fylgja hverju skrefi þróunarinnar, en á þessum merkilegu breytingatímum verður fólk sérstaklega þrjóskt og minnir á ferðalanga sem neita að stíga úr vagninum þegar ferð þeirra er lokið. Á sama hátt, þegar afrek Pílagrímsins mikla voru fullnuð, vildu menn ekki yfirgefa vagninn sinn og gátu ekki skynjað þýðingu atburðanna sem voru að gerast fyrir augum

þeirra. Ótrúlegt óréttlæti var framið og enginn þorði að segja fólkinu hversu hræðilegur glæpurinn var.

Fræðarinn mikli hafði speki Periklesar og vissi svo sannarlega að hann ætti ekki að búast við réttlæti frá múgnum. Sá sem gaf svo mikið vissi að hlutfallslögmálið var brotið og varaði fólkið einfaldlega við að ofhlaða karma sitt.

Þannig vissi fræðarinn að atburðirnir voru óumflýjanlegir og byrjaði að kenna frá fíngerða heiminum. Þessar kenningar voru einnig óskráðar og urðu því enn eitt dæmið um óréttlæti. Í handritunum sem hafa komið til okkar rekst maður á stuttar vísbendingar um heimsóknir hans frá fíngerða heiminum, en jafnvel lærisveinunum tókst ekki að nota tækifærið til að opinbera öðrum að mestu opinberanir hans höfðu verið gefnar þegar hann var í fíngerða líkama sínum. En engu að síður hefðu þessar upplýsingar verið mikils virði fyrir allan heiminn. Fræðarinn krafðist þess ekki, því hann vissi að rýmið myndi gæta kenninga hans á mun betri hátt.

Á sama hátt og Við vörum nú við kosmískri spennu, gefa fáir því gaum. Við höfum bent á hina óvenjulegu atburði, en í sannsögulegu dæmi um skort á samanburði telja menn þá tilviljun.

Æðri heimar

178. Urusvati veit hvernig ofsækjendur geta stundum breyst í starfsfélaga. Við getum bent á dæmi þegar ofsækjendur urðu máttarstólpar þeirrar fræðslu sem þeir höfðu ofsótt. Fræðarinn metur ofsækjendur sína af nákvæmni. Þeir hafa stundum gífurlegan kraft og aðeins einn neisti nægir til að kveikja loga gæsku innra með þeim.

Ofbeldi kemur venjulega frá fáfræði. Pílagrímurinn mikli sagði: „Þegar hundar eru teknir af keðjunni ráðast þeir á þann fyrsta sem þeir sjá.

Fræðarinn benti margoft á að trúskipti andstæðinga gætu verið gagnleg. Hins vegar var viðhorf hans til svikara öðruvísi. Hann sagði: „Ef manni hefur verið falið að gæta fjársjóðs, og í stað þess að gæta hans, stelur hann honum, er honum sannarlega ekki hægt að treysta og hefur undirbúið erfið örlög fyrir sig. Stundum fer það fljótt fram úr honum, en á öðrum tímum seinkar það því fyrirhugaða, sem veldur sérstaklega erfiðu karma.“

Þannig vegur fræðarinn hversu svikin voru. Hann vissi hvenær svik voru að fara að gerast og huggaði þá lærisveina sem þegar grunuðu svikarann.

Ekki er hægt að stöðva grimmdina og straumurinn verður að hafa sinn gang. En erfitt er sannarlega karma svikarans, því að svik eru hræðilegastur allra jarðneskra glæpa.

Æðri heimar

187. Urusvati veit hvers vegna það er óskynsamlegt að tala illa um þá sem hafa farið inn í fíngerða heiminn. Hugsuðurinn varaði fólk oft við þessu og sagði: „Ekki fordæma hinn látna, því hvað munt þú segja við þá þegar þú hittir þá aftur? Hver veit, þið gætuð þurft að lifa einu sinni enn sem nágrannar! Undirbúðu gleði fyrir sjálfan þig.“ Þessi skilningur er ekki upprunninn í Róm eða Grikklandi, heldur í miklu fjarlægari fornöld, þegar fólk skildi samtönnun heimanna. Fíngerði heimurinn krefst varkárrar nálgunar, því allt þar er hugarlegt, og jarðnesk gagnrýni getur verið mjög truflandi fyrir fíngerðar verur, sem aftur á móti geta brugðist við með óvinsamlegum hugsunum. Hefndaraðgerðir eru ríkjandi, sérstaklega á neðra og miðsvæði fíngerða heimsins, og menn ættu ekki að ögra þeim.

Það er líka hugsanlegt að með gagnrýni geti maður seinkað þróun þessara vera, sem sumar hverjar geta verið á þeim tímapunkti að sigrast á ranglæti sínu. Það er grimmt að umkringja þá með titringi eins og galti hunda. Að auki er fólk ófært um að dæma hvaða hvatir ráða gjörðum annarra og óréttlát gagnrýni mun aðeins íþyngja karma hans. Menn dæma í fáfræði og svipta sig því gleðinni og gleðimissir er mikil ógæfa. Hugsuðurinn tók hugmyndina um varfærni gagnvart fíngerða heiminum frá Anaxagoras, sem sagði, að með því að rífa fína áferð hans rífum við líka okkar flík.

Spekingurinn stígur niður í myrkustu djúpin til að lyfta þeim upp sem þrá endurlausn. Hinn vitri mun ekki fordæma þá sem þjást, heldur leiða þá í átt að gullnum geislum dögunar. Í myrkrinu rannsakar spekingurinn ekki alla þá sem bíða hans, heldur hugsar hann aðeins um að hjálpa þurfandi. Hver veit, kannski mun hann leiða fyrrum óvini sína fram? Og þegar spekingurinn leiðir þá í ljósið mun hann brosa til að sjá hvern hann hefur leitt út. Þeir munu skammast sín og fordæmingin er þannig slokknuð.

Urusvati hefur leitt marga út úr myrkrinu, nálægum og fjarlægum, vinum og óvinum. Allt sem skiptir máli er hækkunin í átt að ljósinu. Myrkrið blindar, en sá sem að utan er kominn getur séð ljósglampann. Það verður betri dvalarstaður í ljósinu. Þessi orð ber að muna. Hugsuðurinn og Anaxagóras endurtóku þau oft og báðir voru þeir ofsóttir og fordæmdir.

Innra líf bræðralagsins verður skilið þegar við getum skilið smáatriðin í lífi hetjanna.

Æðri heimar

215. Urusvati veit mikilvægi þess að aðgreina hið fingerða. Slík næm aðgreining, ólýsanleg með orðum, er sjaldan skilin. Hvernig getur maður útskýrt hvers vegna eitt er leyfilegt, enn annað, sem er aðeins hárfínt frábrugðið, er óhugsandi brot? Aðeins aukin vitund getur greint mörkin milli sköpunar og eyðileggingar. Margir fornir sértrúarsöfnuðir sameinuðu sköpun og eyðileggingu í eitt tákni og sýndu þannig nálægð þessara hugtaka, sem eru svo gróflega metin af venjulegum huga.

Það er jafn erfitt að dæma, að hve miklu leyti maður ætti að hafa áhrif á karma annars. Tökum sem dæmi kennara sem vill hjálpa lærisveinum í prófraun. Kennarinn gæti gjarnan viljað hafa áhrif á nemanda sinn, en ruglaður nemandinn tekur ekki eftir hvetjandi táknum og augntillitum. Kennarinn getur auðvitað ekki gripið inn í til að koma í veg fyrir mistök nemandans og óháð löngun hans til að prófið heppnist, þarf hann að þegja og reyna að leiða nemandann á réttan hátt á háttvísan og óbeinan hátt.

Margar aðstæður ættu að íhuga áður en reynt er að trufla karma annars, þar sem nálægir geta átt hlut að máli. Fólk skilur ekki að gott og illt sé svo fínlega fléttað saman og margir munu hæðast að slíkri hugmynd.

Hugsuðurinn benti oft á það og notaði dæmi um skólapróf. En auðvitað vildi fólk ekki hlusta.

Æðri heimar

229. Urusvati veit um virkni karmalögmálsins. Maður getur séð að karma nær ekki aðeins þeim sem fremja glæpi, heldur einnig þeim sem taka þátt í glæpum óbeint. Það er sannleikur í orðatiltækinu, að fyrir glæp eins manns þjáist heil þjóð. Það er ekki aðeins hvötin sem sameinar þátttakendur í glæpum heldur sameina þættir í eðli þeirra þá líka. Hver getur sagt um blóðtengls eða dæmt um hversu mikil þátttaka er? Sumir kunna að hafa hvatt glæpamanninn munnlega, aðrir huglæggt. Hver getur skilgreint þetta eða ákvarðað meginorsökina?

Fáir kæra sig um að hugsa um umfang áhrifa karma, eða að leita í eigin kaleik uppsöfnunar til að uppgötva hvernig og hvenær þeir hafa tekið þátt í glæpum. Við getum aðeins minnt á lögmálið, en frjáls vilji verður að velja sér leið.

Urusvati heyrir oft um ótta systur O., sem syrgir þegar hún sér hið grimma karma skapað af þeim sem hugsa ekki um gjörðir sínar.

Fólk hefur orðið mjög hrifið af orðinu „karma“. Það er nú endurtekið víða um heim, en fáir hafa lært merkingu þess. Þeir tala frjállega um Karmalögmálið, en, því miður, gera ekkert til að frelsa sig. Þeir trú á því

staðfastlega að einhvers staðar séu til Karmadrottinnar, sem munu vera nógu góðir til að frelsa þá frá jafnvel alvarlegustu örlögum!

Fáir skilja að ekki er hægt að breyta áhrifum lögmálsins án gagnkvæmrar viðleitni. Maðurinn er alltaf tilbúinn til að búa til sársaukafullt karma með hugsun og athöfnum, en samt vonast hann til, að með einhverju kraftaverki handan fjallanna verði hann frelsaður frá alvarlegum afleiðingum þess.

Fólk hljómar eins og börn þegar rætt er um karma og ætlast til að einhver annar taki ábyrgð á hegðun sinni. Það safnar karma í blindni, er síðan fullt reiði og kvartanna og eflir aðeins straum áhrifanna. Meðal athafna Okkar, er mikilvægur sess gefinn til að fylgjast með karma fólks sem fylgir þeim á vegi þeirra. Við getum ekki breytt lögmálinu, en innan marka möguleikans erum við tilbúin að gefa í skyn betri leið.

Á mörgum æviskeiðum sínum þreyttist Hugsuðurinn aldrei á að vara fólk við. Margir hlýddu á vandlega viðvaranir hans, en fáir skildu ráð hans. Hugsuðurinn brosti sorgmæddur þegar hann hlustaði á fólk ræða karma. Stundum sagði hann: „Beta væri fyrir þig að ræða þetta lögmál minna og lifa hreinna.

Æðri heimar

242. Urusvati veit að sá sem veldur vindi mun uppskera hvirfilvindinn. En engum er sama hvenær þessi stormur verður og hverju hann mun eyða. Fólk talar um karma og takmarkar það eftir eigin forsendum, en karma virkar smám saman. Þessi stormur mun sannarlega hafa áhrif á marga og refsingin mun falla á þann sem olli vindinum.

Hvenær munu hin hörðu áhrif stormsins koma að fullu fram? Tíminn er auðvitað afstæður og hægfara þróun stormsins er ekki hægt að mæla í jarðneskum tíma. Eitt er þó víst – sá sem sáir mun líka uppskera.

Hægt er að fylgjast með framvindu karma í sögulegum atburðum. Við ráðleggjum rannsókn á ævisögum og sagnfræði, þar sem hægt er að fylgjast með hvernig karma þróast og fellur á fólk til að koma á jafnvægi. Fólk lítur almennt á karma sem refsingu, en hið mikla lögmál ætti ekki að takmarka á þann hátt. Lögmálin starfa í nafni jafnvægis og skaðann sem rofið hefur jafnvægi er ekki hægt að dæma með jarðneskum ráðstöfunum. Aðeins frá hærri sviðum er hægt að sjá hvernig umfang glæps breiður út áhrif sín, þegar hann hefur verið framinn.

Við tölum um eiturdropa, en eitt lítið orð getur verið jafn eitrað. Það er svo sannarlega grátlegt að fólk hugsar ekki um orð sín. Þróunarferlið er langt, en það virðist ekki bæta gæði hugsana og orða manna. Við skulum minna á

háan staðal hindúa og grískra heimspekinga. Getur tuttugasta öldin verið stolt af slíkri hreinsun hugsunar?

Hugsuðurinn sagði: „Það voru líklega betri hugsuðir fyrir Okkar tíma. Við skulum ekki halda að við höfum náð árangri; vonum frekar að mistök okkar auðveldi öðrum og leiði þá til fullkomnunar.“

Æðri heimar

244. Urusvati veit að hræsni byggir á hjartleysi. Sannarlega myndast tengslin við hærri svið í gegnum hjartað, örlátu hjarta í allri sinni tjáningu. En ofbeldisfull reiði hjartleysisins er hörð og breiðist út víða. Fólk ætlar kannski aðeins að skaða einn, en særir síðan marga. Hræðilegt er **karma** þessara hjartlausu heimskingja sem muldra háleitir fullyrðingar um sannleikann, en í raun og veru rægja hann.

Hjartlaus hugsun er plága mannkyns. Fornheimspekingar tóku ekki hjartlaust fólk með í hugmyndum sínum um ríkisstjórn. Plató í *Lýðveldinu sínu* og Aristóteles í *Stjórnámálum* sínum höfðu í huga skipulögð samfélög skynsamra samstarfsmanna og þoldu ekki harðstjóra, hræsnara eða svindlara. Það er ómögulegt að ímynda sér sterkt ríki sem samanstanda af hræsnurum og svindlurum. Hræsni er ósamrýmanleg æðstu viðhorfum og þekkingu, og slíkur grunnur mun aðeins þjóna fólksku skipulagi. Við samþykkjum ekki minnsta birtingarvott hræsni og trúum því að þessi löstur vekur upp allar aðrar spilltar tilfinningar.

Hugsandinn andmælti þegar í stað minnsta snefil af hræsni hjá lærisveinum sínum. Hann myndi segja: „Í þessu tilviki, farðu til prestanna og borgaðu þeim með gulli fyrir bænir þeirra. Þeir gera ráð fyrir að guðirnir muni taka við leigubænum.“

Æðri heimar

260. Urusvati veit að frjáls vilji getur sigrast á jafnvel **karma** og hægt er að nefna tilvik þar sem viljinn gat breytt **karma**. Almennt er talið að iðrun hafi mikinn kraft, en réttara væri að kalla þetta vitundarástand algeran skilning. Fyrst af öllu verður maðurinn að vita hvers vegna hann ætti að leita nýrra afreka. Maður ætti að stefna að fullum skilningi, því aðeins einbeittur vilji getur gefið til kynna rétta leið. Það er margur efinn og veikar tilraunir hugans, en þær munu ekki snúa lykil örlaganna.

Sum trúarbrögð mæla fyrir um játningu syndanna. Það er enginn vafi á því að slíkar játningar hjálpa til við að mynda skýran skilning á gjörðum manns, en þetta er aðeins fyrsta skrefið. Fólk ætti að þjálf sig þannig að sjálfsmat þeirra verði nákvæmt og rétt. Þegar maðurinn stendur frammi fyrir

leiðsögumanni sínum ætti hann sjálfur að skilja bæði jákvæðu og neikvæðu hliðarnar á persónuleika sínum. Aðeins maðurinn sjálfur getur vitað hina sönnu uppsprettu gjörða sinna.

Með því að fylgjast með athöfnum sínum getur maður ákvarðað orsakir þeirra og afleiðingar og þannig undirbúið sig sjálfstætt fyrir framtíðarþróf. Það eru sumir sem þurfa svefn og langa ígrundun endurminningar í fíngerða heiminum, en aðrir munu strax hefja undirbúning sinn fyrir lengra ferðalag.

Hugsandinn elskaði að segja: „Við megum ekki sóa tíma okkar.

Æðri heimar

304. Urusvati veit hvernig **karma** hefur áhrif á hverja þjóð. Sum lönd virðast vera undir eins konar bölvun. Saga þessara landa getur gefið nokkra skýringu, en það geta verið aðrar orsakir sem ekki voru skráðar á síðum sögunnar.

Það eru margar samsetningar af persónulegu, fjölskyldu- og þjóðlegu **karma**. Spyrja má hvort hugsanlegt sé að óréttlæti sem framið er gegn einum einstaklingi geti haft áhrif á heilt land. Reyndar getur það verið, sérstaklega þar sem margir sem tengjast hver öðrum endurfæðast í sama landi. Slíkar aðstæður auka ábyrgð mannkyns. Fólk viðurkennir að líkamlegir eiginleikar berast í gegnum kynslóðirnar; það er grátlegt að þeir séu ekki meðvitaðir um að karmískir eiginleikar geti líka borist þannig.

Það er rétt hjá Urusvati að telja æskilegt að endurfæðast í mismunandi þjóðarhópum. Þessa hugmynd verður að tileinka sér þannig að fólk reyni ekki að halda sig við sína eigin hóp á meðan það er í fíngerða heiminum og svipta sig nýjum prófunum og reynslu.

Samskipti í fíngerða heiminum eru andleg og engin þörf á mismunandi tungumálum. Það er dásamlegt að geta hugsað á sínu eigin tungumáli og á sama tíma verið skilin af þeim sem koma frá öðrum löndum. Það er engin þörf á að innprenta hugsanir annarra; þvert á móti, því eðlilegra sem hugsanaflæðið er, því auðveldara er að skilja þær. Slík samskipti eru hærra heims, en þau þurfa að verða að veruleika hér á jörðinni svo aðlögun að fíngerða heiminum verði ekki eins erfið.

Í venjulegum svefni styrkist sálarorka manns af jarðneskum straumum, en þegar farið er inn í fíngerða heiminn getur meðvitundin rofnað. Þess vegna er ráðlegt að tileinka sér ákveðnar hugmyndir á meðan þær eru enn í líkamanum. Við umskipti falla flestir í djúpan svefn og missa minnið um margt í þessu ástandi. Uppsöfnunin er enn innsiglið í kaleiknum og oft þarf aðstoð annarra utanaðkomandi til að fjarlægja þessi innsigli. Ég er ekki að

tala um þá sem fara inn í fíngerða heiminn í fullri meðvitund. Til þess að missa ekki meðvitund er mikilvægast að muna og styrkja alla ævi ákvörðunina um að viðhalda meðvitundinni meðan á umskiptum stendur. Þessi meðvitund er fjársjóðurinn sem við berum með okkur.

Í fíngerða heiminum getum við ekki séð þá sem hafa misst meðvitund, því að þeir eru huldur órjúfanlegu efni. Þeir sjást á því augnabliki sem þeir vakna, en svefn þeirra ætti ekki að trufla of snemma.

Hugsuðurinn hafði áhyggjur af varðveislu meðvitundarinnar. Hvattur af innri vitund sinni endurtók hann oft: „Ég mun ekki missa meðvitundina.“ Vissulega er meðvitundarþörf í hærri heimum. Meðvitundin missir jarðneska þáttinn og getur breyst í andlega þekkingu. Því skýrari sem jarðneska vitundin er, því hraðar vaknar andinn. Meðan við erum á jörðinni getum við aðeins skynjað lögmál **karma**, en í ástandi andlegrar meðvitundar getum við sannarlega skilið sameinaða krafta **karma**.

Þú gætir spurt hvers vegna fólk er ekki kennt að skilja æðri lögmálið á meðan það er í fíngerða heiminum, en leitast margir við að læra á meðan þeir eru í jarðneskum skólum?

Hugsandinn elskaði hermetíska orðatiltækið: "Eins hið efra, svo hið neðra."

Æðri heimar

316. Urusvati veit hvernig sumir reyna að leika á Karmalögmálið. Það er til fólk sem gerir þetta af vanþekkingu á lögmálinu, en Ég er nú að tala um þá sem vita af þessu og ögra því.

Ímyndaðu þér glæpamann, sem, eftir að hafa framið glæp, skelfur af ótta við refsingu. En þegar dagarnir líða og ekkert gerist verður hann djarfari og ákveður að glæpur hans hafi ekki verið svo slæmur eftir allt saman og að það hafi kannski verið réttmætt að einhverjum hærri lögmálum. Að lokum verður glæpamaðurinn frekur og hæðist að karmalögmálinu og kallar það uppfinning heimskingja. Loksins, á mjög óvæntu augnabliki, kemur endurkastið og hann sakar **karma** um að refsa honum svo óvænt á blóma lífs síns, þegar refsingin er sérstaklega sár, og gleymir því að það eru margir þættir sem taka þátt í tímasetningu karmaviðbragðanna .

Sjálfhverfur trúir maðurinn því oft, að hann sjálfur geti ákveðið á hvaða augnabliki karmísk lögmál eigi að virka. Einn spyr hvers vegna **karma** sé svo seint, annar kvartar yfir því að það sé of fljótfært, en enginn veltir fyrir sér hversu flóknar aðstæður hver atburður skapar. Sumir líta á alheimslögmálin svo einföld, að að fáránlegt er, á meðan aðrir halda að þau séu svo flókin og

Íþyngjandi að engin athöfn sé möguleg. Hvernig er samvinna möguleg í slíkum öfgum?

Við höfum alltaf lagt áherslu á hinn gullna meðalveg, meðalveginn sem felur í sér að vera reiðubúinn að skilja og samþykkja orkuflæðið sem á mannamáli má kalla réttlæti. Hrein viðleitni gerir manni kleift að finna kraft þessarar orku, en hvers kyns óhreinindi eru eins og ógnandi ský.

Áhyggjur hugsuðarins voru að ljós sólarinnar yrði ekki byrgt af mannlegum glæpum.

Æðri heimar

342. Urusvati veit hversu óreiðuöflin eru viðvarandi. Þeim ber að veita meðvitað mótspyrnu, því aðeins með meðvitaðri andstöðu er hægt að sigrast á þeim. Hægt er að greina tvo strauma —óreiðu umhverfisins og óreiðuna sem hefur áhrif á veikan mannlegan vilja. Jafnvel gott fólk getur orðið fórnarlömb óreiðuárásanna.

Einungis er hægt að skýra ákveðna atburði með þessum óreiðuárásum. Þú hefur heyrt um stúlkuna sem, jafnvel á meðan illu öflin ráðast á hana, getur læknað með krafti sálarorku sinnar. Jafnvel hófsamir góðir læknar eru á móti henni og reyna að trufla sjálfsfórn hennar. Mörg sambærileg dæmi eru til á ýmsum sviðum og það merkilega er að einstaklingar sem koma ekki einu sinni við sögu munu líka trufla.

Það er furðulegt að upplýst fólk, virðist ekki skammast sín fyrir að óhreinka sig af því að vera á móti velviljuðu starfi. Af hverju verður það slíkir villimenn að segja svo skammarlega hluti? Það kemur oft fyrir að fólk sé heltekið, en það getur líka verið um eitrun af völdum glundroða að ræða. Slíkar aðstæður ætti að rannsaka vísindalega. Þegar tilfinningar þeirra eru umsnúnar tímabundið getur fólk hegðað sér á skammarlegasta hátt án þess þó að gera sér grein fyrir því. Síðar gæti það fundið fyrir eftirsjá, en verkið hefur þegar verið unnið og karma ákveðið.

Það mætti mótmæla því að menn séu gerðir ósanngjarnlega ábyrgir fyrir að hafa fallið fyrir árásum glundroða. Hins vegar, með árvökulum frjálsum vilja, hefðu þeir getað stjórnað sjálfum sér. Hvernig er hægt að afsaka fólk sem blindast af kæruleysi og reynir síðan að réttlæta eigið kæruleysi? Þannig ættum við að geta greint á milli meðvitaðra þjóna myrkursins og þeirra ómeðvituðu fórnarlamba hins illa sem þjóna líka illu og geta verið jafnvel skaðlegri en myrkrið sjálft. Það ætti að útskýra óreiðustrauma frá vísindalegu sjónarhorni. Leyfðu sem flestum að fræðast um það, því þessi ánaud við myrkrið á sér stað bæði á þéttum og fíngerðum sviðum.

Hugsuðurinn varaði alltaf við árásum glundroðans.

Æðri heimar

351. Urusvati þekkir margar ástæður fyrir truflunum á hugsunarflutningi. Helstu orsakir eru óvenju miklir straumar og óvæntar truflanir sem þarf að bregðast strax við. En einnig geta óæskilegir aðilar nálgast og reynt að afla upplýsinga sem myndu valda skaða ef þær væru ótímabærar og sem ættu ekki að birtast þeim.

Við getum gefið dæmi um upplýsingar sem voru truflaðar. Einu sinni sendum Við hugarfarsskilaboð um sorglegt ástand ákveðins vestræns lands, en um leið og fyrsta orðið, „geimur“, var sent, fundust óæskilegir hlustendur og rjúfa þurfti samskiptin. Til að uppfylla ætlun okkar notuðum við kóðaorð sem var sent á nóttunni. Við héldum áfram með samskipti okkar kvöldið eftir, nefndum þá ekki landið, því Urusvati gat þá skilið merkingu boðskapar okkar.

Ég nefni þetta til að minna á þá varkárni sem þarf að gæta við að fylla rýmið. Jafnvel í jarðlífinu leitar fólk álits sérfræðinga til að læra merkingu atburða. Það er eins þegar tilteknir aðilar reyna að hlera samskipti okkar til að nota upplýsingarnar í eigin tilgangi.

Þeir sem hafa mikla reynslu sætta sig við nauðsyn þess að fylgja náttúrulögmálum. Aðeins fáfróðir halda að við þurfum ekki að lúta kosmískum lögmálum. Það væri sannarlega sorglegt ef við myndum troðast inn í karma landa, þjóða eða einstaklinga að óþörfu.

Hvílíkur skaði hlýst af kærulausri afstöðu til lífsins! Þú veist hversu óviturlega sumir nota úrdrætti úr bókunum okkar. Þetta er mjög skaðlegt, því maður getur aldrei vitað hvernig eða af hverjum slíkar ófullkomnar tilvitnanir gætu verið túlkaðar. Við höfum fyrst og fremst áhyggjur af nákvæmni þess sem er flutt.

Hugsandinn hafði áhyggjur af lærisveinum sínum og vildi að þeir bæru ábyrgð á hverju orði sem þeir sögðu.

Æðri heimar

377. Urusvati veit um eðli átaka í fíngerða heiminum, þar sem allir hlutir eru skapaðir af huganum og eytt með huganum einum. Maður getur ímyndað sér átökin sem eiga sér stað þegar heftin berst við hugrekki réttlætisins. Átökin fara fram á hinum ýmsu sviðum og eðli þeirra samsvara eiginleikum þeirra sviða. Þau er sérstaklega áköfust á því sviði sem er næst jörðinni, þar sem ríkjandi ástríður hafa ekki enn verið upplifaðar. Allar jarðneskar villur lifa hér

áfram, því að þeir sem bera þær með sér hafa ekki verið frelsaðar frá ástríðum sínum.

Meðal íbúa þessara sviða má finna marga stjórnmalaleiðtoga sem á jörðinni töldu að vald væri kóróna jarðneskra afreka og eru enn ómeðvitaðir um að óheftar langanir þeirra eru byrði á jarðnesku andrúmsloftinu. Reyndar eru þessar sálir án sáttar alltaf tilbúnar til að storma ekki aðeins á jörðina, heldur líka himininn. Þær þekkja engan frið og draga eyðileggingarmátt sinn af heift sinni. Það er ekkert furðulegt við að þetta leiði af sér átök, og margir af þessum brjálæðingum farast á meðan aðrir halda áfram að lifa af. Jafnvel erfiðasta karma krefst birtingar ef Karmalögmálið á að uppfyllast.

Þeir sem hafa tilhneigingu til að eyðileggja samræmi auka á karmabyrðar sínar. Maður ætti að spyrja hvað verður um þá sem ekki lifa af, sem eru „drepnir“ af eigin hugsunarsprengingum. Þeir falla í djúpan svefn, meðvitundarlaust ástand sem heldur aftur af framförum þeirra. Þannig eru margar lýsingar á himneskum bardögum ekki langt frá raunveruleikanum.

Því miður sér fólk þetta oft í grófum jarðneskum samanburði, sem eykur aðeins ranghugmyndir þeirra um fíngerða heiminn. Skoðuðu mannkynssöguna og þú munt sjá hvernig leitinn að sannleikanum er hindruð af hugmyndum manna. Grófar lýsingarnar á fíngerða heiminum eru ekki í samræmi við raunverulegt ástand hans. Til dæmis er reiði á fíngerðari sviðum talsvert frábrugðin jarðneskri reiði.

Hugsuðurinn trúði því að jarðnesk hugsun gæti ekki náð þeirri fágun sem hún nær í æðri heimum.

Æðri heimar

378. Urusvati veit að Karmalögmálið gerir ráð fyrir samfelldri tilveru, eða endurfæðingum. Margir kjósa fremur hugmyndina um algjöran endi, en hugmyndina um framgang karmískra viðbragða. Fornt spakmæli segir: "Karma er böðull sem gætir fórnarlambis síns." Með öðrum orðum, karma leyfir ekki að glæpamönnum sé eytt og þeir sleppi þannig við refsingu sína.

Reyndar halda stundum hræðilegir og augljósir illvirkjar áfram að vera til, þó frá mannlegu sjónarmið ætti að vera búið að eyða þeim. En er hægt að beita mannlegum ráðstöfunum þar sem lögmál algers réttlætis vinnur? Stundum er illvirkjum refsað með langvarandi veikindum eða, þótt þeir séu við góða líkamlega heilsu, verða þeir fyrir skelfilegum sálrænum óróleika.

Maður ætti ekki að halda að glæpir gæti verið afsakaðir með andlegu ójafnvægi. Við ættum að leita dýpra og leita að orsökum sem eiga rætur í

fortíðinni. Slík rannsókn mun skýra hugtakið karma. Vitrir óttast ekki þetta lögmál. Almennt má skipta mannkyninu í tvo hópa, þá sem óttast afleiðingar karma og þá sem taka þeim af æðruleysi. Forðastu þá sem óttast, því þeir skynja næstum örugglega nálgun karmískra hefnda. Þeir vita kannski ekkert um áhrif hans enn, en í djúpi kaleiksins er hin löngu gleymda naðra að rísa upp á yfirborðið.

Merktu vel hvernig fólk er mismunandi eftir afstöðu þeirra til kenningarinnar um endurfæðingu. Sumir eru færir um að sætta sig við fullkomið réttlæti þessa lögmáls, en öðrum virðist það voðalegt. Kannski eiga þeir sem eru hræddir óljósar minningar um fyrri verk sín og hafa góða ástæðu fyrir núverandi ótta. Þannig má benda á skiptingu mannkyns.

Hugsuðurinn kenndi lærisveinum sínum að óttast ekki Karmalögmálið. Hann sagði: „Veiðimaðurinn gengur inn í skóginn með mikla von. Hvernig getur hann annars lagt af stað? Án vonar verður veiðinn árangurslaus.“

Æðri heimar

403. Urusvati veit að meirihluti fólks, í stað þess að velja ábyrga samvinnu, kýs að vera áfram í óvirku námi. Það kýs að vera hlustendur og lesendur, og þegar stundin kemur að þeim að sýna kraft andans tvístrast þeir.

Menn verða að muna eftir svikum sögunnar þegar svikararnir sýndu einstakan hæfileika til að hverfa. Það er alltaf hægt að finna svikara meðal lærðustu fylgjenda, en það kemur ekki á óvart, þar sem þeir hefðu ekkert að svíkja án þekkingar. Það er lærdómsríkt að rannsaka örlög þessara svikara. Stundum enduðu þeir í myrkri örvæntingu, en oftast hrakaði líf þeirra í dapurlega stöðnun.

Manstu örlög svikara Upâsikâ? Það sást að þeir misstu „gjafir“ sínar og í gremju flýttu sér út í myrkrið. Sumir þeirra reyndu að endurbæta, en karmabyrðin vó þungt og dró úr vitinu.

Ákveðnar dagsetningar eru gefnar mannkyninu til að minna á þessi svik sem höfðu áhrif á karma heilu þjóðanna, en jafnvel slík sláandi dæmi snerta varla vitund mannsins. Rétt eins og lítill steinn gefur af sér smá skvettu, getur tilfinningalaust hjarta ekki verið áhrifaríkt gegn myrkri. En stundum, á minningardegi, mun jafnvel slíkt hjarta vita hversu myrkur svikarinn er.

Hugsuður benti á að guðirnir fyrirgefa ekki svik.

Æðri heimar

421. Urusvati veit um hina svokölluðu loftsugur, og einnig svipaða sugur sálarorku og rýmisstrauma. Þeir þjást allir af ójafnvægi sem skapast af

mörgum orsökum – andrúmslofti, forneskja eða karma, og fólk getur orðið fyrir óhóflegum áhrifum af þessum orsökum vegna persónulegra venja sinna.

Fólk hefur fyrir löngu fundið leiðir til að endurheimta jafnvægið. Ein af fornu aðferðunum var pranayama, með taktföstum öndunaræfingum var hægt að finna jafnvægi sem vörn gegn of mikilli orkuinntöku. Ekkert getur verið meira eyðileggjandi en að neyta of mikillar orku.

Fólk er yfirleitt ekki meðvitað um hvenær það sýgur orku í óhófi. Að sumu leyti líkist slíkt fólk vampírum. Það er ekki auðvelt að lækna það, fólk þekkir ekki veikindi sín, sem geta líka verið smitandi. Þau byrjar svo ómerkjanlega að hvorki fórnarlambið sjálft né nákomnir taka eftir því að hann sé að verða orkusuga. Hann getur fundið fyrir einhverjum sársauka, en hann getur líka fundið flæði sálarorku sem gerir honum kleift að hafa áhrif á þá sem eru í kringum hann. Það er ekki hægt að segja að þetta ástand sé alltaf skaðlegt, en mörkin milli rétts krafts og óhóflegrar spennu eru fín.

Hugsuðurinn rannsakaði vandlega jafnvægi allra krafta mannsins. Hann var vanur að segja: „Láttu hinn gullna meðalveg gefa til kynna réttan mælikvarða á nauðsynlegan styrk.“

Æðri heimar

432. Urusvati veit að hjálp hærri vera er venjulega unnin með andlegum hætti, en hjálpin getur líka verið efnisleg. Sagnir segja oft af útliti látinna ástvina sem komu til að gefa gagnleg ráð, en sögðu að þeim væri aðeins leyft að hjálpa einu sinni. Svipaðar vísbendingar má finna meðal mismunandi þjóða í gegnum aldirnar og slíkur vitnisburður er alveg sannur.

Aðeins í óvenjulegum tilfellum er Okkur heimilt að brjótast inn í karma og bregðast við með jarðneskum hætti. Leyfðu vinum að muna að jafnvel á hærri sviðum eru takmarkanir sem stjórnast af karmalögmálinu. Íbúar jarðar geta ekki ímyndað sér hversu erfitt það er að nálgast þá með efnislegri aðstoð. Venjulega er andleg hjálp á undan, en hún er talin vera tilviljun og er sjaldan samþykkt.

Við erum mjög sorgmædd þegar ráðgjöf Okkar hefur verið hafnað eða umsókn hennar seinkað. Hins vegar er jafnvel efnishjálp Okkar ekki alltaf samþykkt. Venjuleg afsökun er sú að aðferðir okkar séu of framandi. En fólk getur ekki séð að skilyrði hjálpar Okkar eru töluvert ofar jarðneskum skilningi þeirra og dómgreind, og óvilji þeirra til að þiggja hana er vegna skorts á hugmyndaflugi. Það heldur fast við einu leiðina sem þau sjá út úr erfiðleikum og ókunnugar tillögur eru óásættanlegar fyrir þeim. Þess vegna er svo hjálplegt að hlusta á hefðir ólíkra þjóða. Aðeins með því að bera saman hinar

ólíkustu skoðanir er hægt að ímynda sér margbreytileika núverandi aðstæðna. Maður ætti að læra að hlusta á minnsta ákall. Hjartað mun segja hvenær þau eru sönn.

Það er Okkur mikil gleði þegar við sjáum kraft athugunar sem hefur þróast á náttúrulegan hátt. Lífsvísindin krefjast fyrst og fremst skilnings á grundvallarlögmálum.

Hugsuðurinn var vanur að segja: „Ég get ekki lýst því með orðum hversu langt við göngum í samræmi við hin miklu lögmál, en hjartað þekkir hinn óútskýranlega kjarna.“

Æðri heimar

484. Urusvati veit að sum lönd eru uggandi vegna lækkunar á fæðingartíðni þeirra. Um þetta má almennt sjá að líf skjör í þessum löndum eru betri en í þeim þar sem fæðingartíðni er að aukast. Það eru margar jarðneskar ástæður fyrir þessu, en það er lítið framhjá aðalorsökinni – að það eru íbúar í fíngerða heiminum sem vilja ekki taka jarðvist í vissum löndum. Að vísu geta verið karmískar aðstæður sem neyða þá til að fæðast í tiltekinni þjóð, en fyrir utan þessar aðstæður er vilji þeirra frjáls til að athafna sig.

Íbúar fíngerða heimsins vita lítið meira en þeir sem eru á jörðinni, en þeir geta að vissu leyti lært um framtíðina og geta þannig valið sér betri aðstæður. Það eru ekki margir sem myndu vilja koma aftur í öskuhauginn! Hvers vegna ætti maður að þola karma sem er ekki hans eigin, þegar hann getur undirbúið sig fyrir uppbyggilegri starfsemi með því að umgangast sterka þjóð og taka þátt í stórum ákvörðunum hennar? Hann mun skynja hvar er vöxtur og hvar hnignun er.

Ekkert verkefni er aðeins hægt að leysa með jarðneskum forsendum. Ef fólk myndi hugleiða hærri heima, myndi það geta fundið lausnir á erfiðustu vandamálunum. Engu að síður, jafnvel með miklum vísindalegum árangri, er fólk langt á eftir í þekkingu sinni á æðri verkefnum. Það er ómögulegt að hugsa um vandamál mannkyns á meðan það er enn bundið jarðneskum takmörkunum. Maður þarf ekki að láta undan stórkostlegum draumum. Það er kominn tími til að hugsa um raunveruleika bæði fortíðar og framtíðar. Enginn hugsar alvarlega um þá mikilvægu staðreynd að margir íbúar fíngerða heimsins vilja ekki koma á útslitna staði og enginn mun neyða þá til að velja óæskileg örlög ef karma þeirra krefst þess ekki. Fólk verður að fara að skoða tilveruna í heild sinni og miðla mikilvægum athugunum sínum til komandi kynslóða.

Hugsuðurinn sagði: „Við hugsum ekki fyrir okkur sjálf, heldur fyrir óþekkta arftaka okkar.“

Æðri heimar

515. Urusvati veit að þróun verður að vera sjálfviljug og ekki hægt að þvinga hana fram. Fólk neitar að skilja, að þessi grundvallarregla eigi við um alla þætti þróunar og að þróun hins að því er virðist óverulega, er einnig hluti af hinni miklu kosmísku þróun.

Þeir sem kveikja stríð ættu að hugsa um hyldýpið sem þeir stinga plánetunni ofan í. Jafnvel stríð sem hrjáir aðeins fá lönd stuðlar að eyðileggingu allrar plánetunnar. Enginn hugsar um stríð sem plánetusjúkdóm, en samt getur maður séð hvaða framfarir í lífinu eru skornar niður alls staðar í heiminum með jafnvel staðbundnum stríðum. Slíkar krampar eru ekki nauðsynlegir þegar stöðugar framfarir eru mögulegar.

Jarðnesk sársaukatilfinning fyllir rýmið. Sprengingar hrista rannsóknarstofur sem vinna að lækningu þjóða. Leyfðu fólki að hugsa – eru menn ekki að eyðileggja eitthvað sem ekki er hægt að endurbyggja, sem gæti hafa verið byggt í aldanna rás af hinum vitru? Það er auðvelt að eyðileggja þegar maður hugsar ekki á kosmísku stigi. En það er kominn tími til að hugsa um skaðann sem verður fyrir fíngerða heiminum og þróa dýpri skilning á tengslunum á milli heimanna.

Við höfum bara sagt að þróun verði að vera sjálfviljug. Skilið þetta í stórum dráttum. Þróun fer ekki fram með þvingunum heldur góðum vilja mannsins. Sumir halda að þróunin sé aðeins knúin áfram af svo miklum krafti að þátttaka mannsins sé gagnslaus. Sá misskilningur leiðir til allra skaðlegra afleiðinga. Mennirnir verða að vera þátttakendur í þróuninni. Þeir verða að efla góðan vilja til að sameina uppsafnaðan kraft sinn við straum hærri orku. Maðurinn getur ekki verið áhugalaus um það að bæta lífið. Maðurinn verður að vera vakandi, sem vörður framfara.

Það verður að skilja að gagnrýni og fordæming eru slæm vopn. Þetta má sjá með því að fylgjast með **karma** þjóða. Þeir sem fordæma safna þungum skýjum yfir sig. Þróun er að átta sig á hinu góða. Leyfðu hverjum og einum að hugsa um hvað hann telur gott. Hann mun í fyrstu skjátlást og misskilja hið óhóflega sjálf sitt sem góðan vilja, en ef hann dýpkar hugsun sína mun hann að lokum uppgötva innra með sér hina sönnu neista til almannaheilla.

Við megum ekki krefjast flókinna hugtaka og heimspeki. Þróunin er samfelld og einföld í fegurð marksækninnar. Þannig munum við vinna að

almannaheill, vitandi að sérhver einlæg viðleitni til góðs er nú þegar virkt framlag. Þannig munum við læra velvild.

Hugsuðurinn sagði: „Ef við söfnum aðeins beiskum jurtum, verður súpan okkar líka bitur.“

Æðri heimar

522. Urusvati þekkir gleði alhliða réttlætis. Ýmis nöfn voru gefin þessu hugtaki hjá ýmsum þjóðum. Hver og einn á sínu tungumáli kallaði það Karma, Moira, Fatum, Kismet – þannig nefndi fólk forlögin. Sumir nálguðust það með gleði, aðrir með drunga. En enginn afneitaði tilvist lögmálsins sem opinberaði sig um allan Alheim. Viska þessa aflmikla krafts gefur til kynna samræmi alheimsins.

Ákveðnar trúarjátningar reyndu að eyðileggja hina djúpstæðu þýðingu kosmísku réttlætis og með því lentu þær í mikilli villu. Það má sjá hvernig trúarjátningarnar sem risu gegn sannleikanum misstu fljótlega þýðingu sína og hvernig þeir sem virtu kosmíska lögmálið gátu náð árangri.

